# FRÉTTABLAÐIÐ

35. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 11. FEBRÚAR 2016




**Á köldum klaka í 101** Lífsbaráttan getur verið hörð eins og sannaðist á bílaplaninu við Bónus á Hallveigarstíg í gær. Þar gekk ljósmyndari fram á smyril sem klófest hafði starra. Eftir snarpan atgang hafði smyrillinn smærri fuglinn undir og gerði hann sér að góðu innan um bílana. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Gylfi Þorkelsson skrifar um skólahald í fangelsum. 18-25

**SPORT** Haiden Palmer vill vinna leiki fyrir fólkið í bænum. 26

**MENNING** Einar Már, Gunni Helga og Gunnar Þór verðlaunaðir. 32-36

**LÍFIÐ** Pírati hóf störf sem stöðumælavörður í gær. 40-42

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● 112-DAGURINN


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015












## Hlutabréf banka í Evrópu hrynja

**VIÐSKIPTI** Það sem af er ári hafa hlutabréf í evrópskum bönkum hrunið, allt milli fimmtán til fjörutíu prósent. Áhrifin teygja sig út um allan heim. Hlutabréf í japönskum bönkum hafa lækkað töluvert og hefur Nikkei 225 vísitalan fallið um tólf prósent frá byrjun mánaðar.

Í kjölfar lækkunar hlutabréfa í Evrópu á mánudaginn virðist ákveðin hræðsla hafa gripið evrópska markaði og þurfti John Cryan, framkvæmdastjóri Deutsche Bank, að lýsa því yfir á miðvikudaginn að bankinn stæði traustum fótum. Markaðurinn róaðist í gær en óvíst er hvert framhaldið verður.

Forstöðumaður hlutabréfa hjá Stefni segir ástandið ekki eins og árið 2008 og að það komi líklega ekki til með að hafa mikil áhrif á Íslandi.
– sg / sjá síðu 16

# Fá tæpan fimmtung af því sem þarf í viðhald

**Ráðast þarf í utanhússviðgerðir vegna raka á sex byggingum Landspítalans.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Landspítalinn sótti um 1.400 milljóna aukafjármagn fyrir aðkallandi viðhaldsframkvæmdum á húsum spítalans í ár. Fjárveiting upp á 250 milljónir fékkst eða tæplega fimmtungur af þörfinni.

„Hér er um að ræða uppsafnaða þörf til margra ára, jafnvel áratuga,“ segir Ingólfur Þórisson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Landspítalans, um þær framkvæmdir sem nauðsynlegt er talið að ráðast í. Má þar nefna utanhússviðhald og viðgerðir vegna rakaskemmda á sex byggingum spítalans og á húsnæði innandyra á fjórum stöðum. Ljóst er að eingöngu verður hægt að fara í lítinn hluta af þessum aðgerðum því 1.150 milljónir vantar upp á áætlunina.

„Við erum að vinna í því að forgangsraða á listanum. Við vonumst til að geta komist í lagfæringu á bráðageðdeild 33C fyrir þennan pening. Það verður sett í forgang,“ segir Ingólfur en nýlega greindist mygla á þeirri deild, þar sem meðal annars nýbakaðar mæður og ungbörn dvelja. – ebg / sjá síðu 10

> Við erum að vinna í því að forgangsraða á listanum.
>
> Ingólfur Þórisson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Landspítalans



## Veður




**Í dag** stefnir í vetrarlegan dag með snjókomu eða éljum víða, þar á meðal á höfuðborgarsvæðinu. Útlit er fyrir talsverða snjókomu eða slyddu suðaustan til og því ráðlegt að athuga spár og færð áður en haldið er af stað á þeim slóðum.

SJÁ SÍÐU 30

# Árni Páll á eftir að gera upp hug sinn

**STJÓRNMÁL** Framkvæmdastjórn Samfylkingarinnar hefur boðað til landsfundar þann 4. júní næstkomandi. Í aðdraganda fundarins verður boðað til allsherjaratkvæðagreiðslu meðal flokksmanna til að kjósa formann.

Landsfundinum er raunar flýtt en hann átti upphaflega að vera í byrjun árs 2017 og allsherjaratkvæðagreiðsla um formann flokksins í lok árs 2016.

Árni Páll Árnason, formaður flokksins, segist eiga eftir að gera upp hug sinn um það hvort hann muni gefa kost á sér til endurkjörs til formanns. Í umfjöllun RÚV kemur fram að hann ætli að gefa upp fyrirætlanir sínar í dag.

Sema Erla Serdar, formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar, segir niðurstöðuna góða.

„Framkvæmdastjórnin telur að sækja þurfi kraft félagsmanna Samfylkingarinnar út um allt land og þetta snýst um að forysta flokksins fái skýrt umboð frá flokksmönnum öllum til að leiða flokkinn í gegnum næstu alþingiskosningar. Þetta er líka tækifæri til að skerpa á málefnavinnunni og forgangsröðun á áherslum fyrir kosningarnar,“ segir hún. **– srs**

**Þetta snýst um að forysta flokksins fái skýrt umboð frá flokksmönnum öllum til að leiða flokkinn í gegnum næstu Alþingiskosningar.**



Sema Erla Serdar, formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar

## Fagnaðarlæti



Gunnar Helgason fagnar innilega á Bessastöðum eftir að hafa verið verðlaunaður fyrir bókina Mamma klikk. Einar Már Guðmundsson og Gunnar Þór Bjarnason tóku þar einnig á móti Íslensku bókmenntaverðlaununum fyrir árið 2015. Sjá síðu 52 FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Boko Haram drepur yfir 60 í árás í Nígeríu

**NÍGERÍA** Yfir sextíu eru látnir eftir sjálfsmorðsárás vígamanna Boko Haram í norðaustanverðri Nígeríu. Þá eru tæplega áttatíu slasaðir eftir árásina.

Árásin var gerð á þriðjudag fyrir utan Maiduguri í Borno, en vegna sambandsleysis var ekki gert kunnugt um morðin fyrr en degi seinna að sögn fréttastofu Reuters.

Tvær konur laumuðu sér inn í búðir flóttafólks og sprengdu sig í þeim miðjum.

Satomi Ahmad, sem fer með stjórn almannavarna á svæðinu, greindi frá atvikinu, fjölda látinna og særðra.

Boko Haram hefur nýverið gert fleiri árásir á svæðinu. Þann 31. janúar myrtu samtökin að minnsta kosti sextíu og fimm manns á svipuðum slóðum eða í Dalori sem er í um tólf kílómetra fjarlægð frá Maiduguri. **– kbg**

# Höfðingjasetur fyrir gullöldina í Mosfellsbæ

**Til skoðunar er hjá bæjaryfirvöldum í Mosfellsbæ að heimila gerð svokallaðs höfðingjaseturs í landi Helgafells. Reisa á skála, kirkju, smiðju og ritstofu. Forsvarsmenn verkefnisins segjast munu gera gullöld íslensku þjóðarinnar góð skil.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Unnið er að því að kanna jarðveg fyrir verkefni sem nefnt er Höfðingjasetur og á að vera í landi Helgafells í Mosfellsbæ. Höfðingjasetrinu er ætlað að kynna gullöld menningar Íslendinga á tólftu öld.

Að baki fyrirspurninni til bæjarins eru kvikmyndagerðarmaðurinn Halldór Þorgeirsson og Úlfur Hróbjartsson, formaður Siglingasambands Íslands. Segjast Halldór og Úlfur hafa náð samkomulagi við eiganda tiltekinnar spildu í landi Helgafells um kauprétt sem gildi fram í apríl. Vilji þeir kanna hug skipulagsyfirvalda áður en fleiri skref verði stigin.

„Upphaf íslenskrar menningar má rekja til miðalda er Íslendingar hófu að rita handrit á móðurmáli sínu,“ segir í bréfi Halldórs og Úlfs til bæjarráðs Mosfellsbæjar. Segja þeir Íslendinga enn skilgreina sig út frá tungu og sögum þessara handrita. Þessu sé lítt haldið á lofti.

„Það er helst í Árnastofnun og Þjóðmenningarhúsi sem hægt er að kynna sér þessa þætti en hvort tveggja er mjög þurr og þröng nálgun á þetta blómaskeið Íslandssögunnar,“ skrifa tvímenningarnir sem taka fram að hugmyndin snúist ekki um víkinga og landnámsmenn sem hrakist hafi til Íslands upp á von og óvon heldur það sem gerðist tíu kynslóðum síðar.

„Þá eru Íslendingar hættir að vera flóttamenn og farnir að að skapa menningu sem síðar hefur verið nefnd gullöld þjóðarinnar,“ segir í bréfi Halldórs og Úlfs. Með Höfðingjasetrinu vilji þeir gera þessu tímabili góð skil.

„Ætlunin er að reisa skála, kirkju, smiðju og ritstofu, eins og þau kunna að hafa verið við upphaf ritaldar 1130. Í húsunum verður lifandi sýning, þar sem handverksmenn sýna handverk sitt og lifandi leiðsögn leiðir fólk um svæðið,“ er áformunum nánar lýst. „Á þennan hátt fá gestir innsýn í heim íslenskra miðalda, verklag, lifnaðarhætti og menningu.

Ekki er ætlunin að vera eingöngu með sýningarhald í Höfðingjasetrinu því þar á einnig að vera veitingasala og minjagripasala,“ segir í bréfinu sem tekið hefur verið fyrir í bæjarstjórn sem samþykkti að fela Haraldi Sverrissyni bæjarstjóra að ræða við fyrirsvarsmenn Höfðingjasetursins. **gar@frettabladid.is**



Árnastofnun er óspennandi staður ef marka má þá sem vilja reisa miðaldasetur í Mosfellsdal. Forseti Íslands og Margrét Danadrottning heimsóttu Árnastofnun saman árið 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Það er helst í Árnastofnun og Þjóðmenningarhúsi sem hægt er að kynna sér þessa þætti en hvora tveggja er mjög þurr og þröng nálgun á þetta blómaskeið Íslandssögunnar.**





Halldór Þorgeirsson og Úlfur Hróbjartsson



# Hvaða áhrif hefur Parísarsamkomulagið á atvinnulífið?

**Opinn fundur**
**í Norðurljósum í Hörpu**

**Fimmtudagur**
**25. febrúar kl. 8.30-12.00**

**Skráning á**
**landsbankinn.is**

**Hagfræðideild Landsbankans** kynnir nýja greiningu bankans á hlutverki fjármálageirans í loftslagsmálum.

**Asbjørn Torvanger,** sérfræðingur um loftslagsfjármál hjá Miðstöð alþjóðlegra loftslags- og umhverfisrannsókna (CICERO) í Ósló, fjallar m.a. um skilyrði sem fyrirtæki þurfa að uppfylla við útgáfu grænna skuldabréfa.

**Brynhildur Davíðsdóttir,** prófessor í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands, fjallar um mögulegar aðgerðir sem stærstu atvinnugreinar landsins geta beitt til að draga úr nettóútstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.

**Björgvin Skúli Sigurðsson,** framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunarsviðs Landsvirkjunar, fjallar um raforkuframleiðslu á Íslandi með tilliti til loftslagsmála, áskoranir og tækifæri til nýsköpunar.

**Halldór Björnsson** hjá Veðurstofu Íslands ræðir og hrekur ýmsar mýtur, rangfærslur og samsæriskenningar sem reglulega koma upp í umræðunni um loftslagsbreytingar af mannavöldum.

**Jeanett Bergan** hjá norska trygginga- og lífeyrissjóðnum Kommunal Landspensjonskasse Gjensidig Forsikringsselskap (KLP) fjallar um fjárfestingaákvarðanir með tilliti til aðgerða í loftslagsmálum.

**Fundarstjóri:** Ketill Berg Magnússon, framkvæmdastjóri Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgð.

#loftslag



**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

# Dómaranefndin sem eingöngu er skipuð körlum situr áfram

**STJÓRNSÝSLA** Nýtt frumvarp til laga um dómstóla tekur sérstaklega fram að nefnd um hæfni dómara verði ekki leyst upp og ný skipuð við gildistöku laganna. Málefni nefndarinnar komust í hámæli í september en hún er einungis skipuð körlum. Nefndin á að tilnefna fimmtán dómara í nýtt millidómsstig, Landsrétt, sem á að setja á fót með nýju lögunum.

Fréttablaðið greindi frá því í haust að árið 2010 hefðu bréfaskriftir staðið á milli Dómstólaráðs og dómsmálaráðuneytisins þar sem Dómstólaráð hafnaði því að tilnefna tvo af hvoru kyni svo ráðuneytið gæti fylgt jafnréttislögum við skipan nefndarinnar.

Í nýja frumvarpinu segir að tilnefningaraðilar skuli tilnefna karl og konu jafnt í sæti aðalmanns og varamanns. Tekið er fram að heimilt sé að víkja frá þessu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki sé möguleiki að tilnefna hvort tveggja. Í bráðabirgðatillögum frumvarpsins segir svo að lögin komi ekki til með að hafa áhrif á starfandi nefnd.

Kristrún Elsa Harðardóttir, formaður Félags kvenna í lögmennsku, óttast að þetta komi til með að hafa áhrif á skipun dómara á nýtt millidómsstig. „Okkur finnst þetta ótækt. Það að framkvæmdavaldið samþykki að Dómstólaráð, Hæstiréttur og Lögmannafélagið brjóti jafnréttislög er algjörlega út í hött. Innanríkisráðherra þarf að standa í lappirnar gagnvart þessu.“

**Innanríkisráðherra þarf að standa í lappirnar gagnvart þessu.**

Kristrún Elsa Harðardóttir, formaður félags kvenna í lögmennsku



Ólöf Nordal innanríkisráðherra segir vilja sinn skýran um að reglum um skipan dómara verði breytt áður en skipaðir verði dómarar við nýtt dómstig. Á meðal þess sem nú sé til athugunar sé samsetning dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um embætti dómara, hlutverk nefndarinnar og þau sjónarmið sem lögð eru til grundvallar. **– snæ**

## Hafa lokið fyrstu fjármögnun

**VIÐSKIPTI** Nýsköpunarfyrirtækið Wasabi Iceland hefur klárað um fimmtíu milljóna króna fjármögnun með einkafjárfestum til þess að koma af stað fyrstu wasabi-ræktuninni á Íslandi. Áður hafði Arion banki fjárfest í fyrirtækinu í gegn um þátttöku þess í Startup Reykjavík.

Fyrirtækið hyggst rækta wasabiplöntur fyrir heimamarkað og útflutning. Wasabi-plantan er fágæt og er afar verðmætt hráefni í matargerð. Fyrirtækið var stofnað í fyrra af þeim Johan Sindra Hansen og Ragnari Atla Tómassyni en þeir eru útskrifaðir með BS-próf í vélaverkfræði og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands.

Gert er ráð fyrir fyrstu uppskeru árið 2017 og mun fyrsta íslenska wasabi-ið verða á boðstólum á Fiskmarkaðnum og Grillmarkaðnum, en samningur þess efnis var undirritaður á dögunum. **– sg**



**Gamlir hjólbarðar geta verið til margra hluta nytsamlegir.** NORDICPHOTOS/AFP

## Efnagreina gúmmíkurl

**UMHVERFISMÁL** Umhverfisstofnun er komin með tilboð í efnagreiningu á gúmmíkurli úr dekkjum sem notað er á gervigrasvöllum. Jafnframt er verið að kanna notkun á gúmmíkurli, að því er segir í frétt á vef stofnunarinnar.

Komið hefur fram hjá innflytjendum að gúmmíkurlið er flutt inn í tollflokki sem nær yfir úrgang, afskurð og rusl úr gúmmíi (þó ekki harðgúmmí) og duft og korn úr því. Skoðar stofnunin hvaða þýðingu það hefur ef dekkjakurl er skilgreint sem úrgangur.

Hópur foreldra og læknar hafa lagst gegn notkun á dekkjagúmmíkurli sem getur innihaldið skaðleg efni. **– ibs**

# Segja ríkisvaldið íþyngja fyrirtækjum í ferðaþjónustu

**Framkvæmdastjóri evrópskra ferðaþjónustufyrirtækja gagnrýnir harðlega lög um virðisaukaskatt á Íslandi. Lögin eru sögð vera íþyngjandi og gera viðskipti með íslenska þjónustu kostnaðarsamari fyrir fyrirtækin.**

**STJÓRNSÝSLA** Framkvæmdastjóri Samtaka evrópskra ferðaþjónustufyrirtækja (ETOA) gagnrýnir harðlega breytingar sem voru gerðar á virðisaukaskatti í ferðaþjónustu á Íslandi. Breytingarnar tóku gildi 1. janúar síðastliðinn, en bréf Jenkins birtist á vefnum í lok janúar. Alþingi hafi ákveðið að leggja skatt á alla ferðaþjónustuna.

„Þessar aðgerðir eru svo óvenjulegar að við höfum verið að leita skýringa hjá íslenskum skattayfirvöldum áður en við ákváðum að tjá okkur um þær,“ segir Tom Jenkins, framkvæmdastjóri ETOA.

Jenkins furðar sig á því að aðili sem kaupir íslenskar vörur eða þjónustu af þriðja aðila, óháð því hvar þeir eru staðsettir í heiminum og óháð því hvar viðskiptavinir þeirra eru staðsettir, þurfi að greiða virðisaukaskatt á Íslandi. Til útskýringar á gagnrýni Jenkins má ímynda sér að íslenskt ferðaþjónustufyrirtæki selji erlendri ferðaskrifstofu ferð fyrir 1 milljón króna. Hún getur síðan selt annarri erlendri ferðaskrifstofu ferðina á 1,3 milljónir króna. Eftir lagabreytinguna þarf nú að standa skil á skatti af þeim 300 þúsund krónum sem lagðar eru á í viðskiptum með ferðina ytra.

Jenkins segir að þessar breytingar sem gerðar hafi verið séu íþyngjandi. Ríkið sé að reyna að leggja á söluskatt í ríkjum þar sem íslensk skattayfirvöld hafi enga lögsögu. „Það er engin möguleg heimild til þess að reyna að leggja söluskatt á viðskipti milli, við skulum segja, tveggja indónesískra aðila,“ segir í bréfinu.

Jenkins segir að skatturinn skaði þá sem hafa fjárfest í Íslandi sem áfangastað og geri viðskipti með þjónustu á Íslandi íþyngjandi og kostnaðarsama.



**Á Þingvöllum. Framkvæmdastjóri ETOA segir lagabreytinguna gera viðskipti með íslenska ferðaþjónustu íþyngjandi og kostnaðarsama.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Þessar aðgerðir eru svo óvenjulegar að við höfum verið að leita skýringa hjá íslenskum skattayfirvöldum áður en við ákváðum að tjá okkur um þær.**

Tom Jenkins, framkvæmdastjóri ETOA

Þegar Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri var spurður út í málið vísaði hann á fjármálaráðuneytið. Málið væri til athugunar þar. Í svari frá ráðuneytinu segir að í kjölfar þess sem fram kom á vef ETOA og viðbragða Samtaka ferðaþjónustunnar við þeim breytingum sem tóku gildi um síðustu áramót hafi ráðuneytið verið í sambandi við Ríkisskattstjóra og Samtök ferðaþjónustunnar vegna túlkunar og framkvæmdar á þeim ákvæðunum sem um ræði. „Þetta á sérstaklega við um þær breytingar er lúta að skatt- og skráningarskyldu erlendra ferðaþjónustuaðila hér á landi,“ segir í svari ráðuneytisins.

Í framhaldinu hafi ráðuneytið sent bréf til Ríkisskattstjóra þar sem það fór yfir þær breytingar sem um ræðir og túlkun ráðuneytisins á umræddum lagabreytingum í framkvæmd. „Í kjölfarið lítur ráðuneytið svo á að búið sé að miklu leyti að eyða þeirri óvissu sem talin var uppi um skráningar- og skattskyldu erlendra ferðaþjónustuaðila hér á landi,“ segir í svarinu.

**jonhakon@frettabladid.is**




# Byggðakvóti þrátt fyrir fjölgun íbúa

**BYGGÐAMÁL** Undirritaður hefur verið samningur milli Byggðastofnunar og útgerða á sunnanverðum Vestfjörðum til að tryggja aukna byggðafestu á svæðinu. Íbúum hefur samt sem áður fjölgað mikið Í Vesturbyggð síðustu ár en einnig er fjölgun á Tálknafirði.

Íbúaþróun hefur á síðustu árum verið mög jákvæð á svæðinu. Frá árinu 2008 hefur íbúum Vesturbyggðar fjölgað um tíu prósent. Samningurinn felur í sér að Byggðastofnun veitir 400 þorskígildistonna sérstakan byggðakvóta árlega í þrjú ár auk mótframlags samstarfsaðila. Sveitarstjóri Vesturbyggðar segir þennan byggðakvóta gera vel fyrir svæðið.

Að samkomulaginu koma, auk Byggðastofnunar, Oddi hf. á Patreksfirði og útgerðarfyrirtækin Stegla ehf. og Garraútgerðin ehf. á Tálknafirði.

„Það er ekki aflamark Byggðastofnunar sem býr til blómlega byggð á svæðinu og það er ekki ástæðan fyrir því að hér fjölgar íbúum,“ segir Ásthildur Sturludóttir, sveitarstjóri Vesturbyggðar. „Fyrst og fremst er það fiskeldinu og áralangri öflugri bolfiskútgerð að þakka að Vesturbyggð stendur svona vel. Það er potturinn og pannan í þeim vexti sem verið hefur hér undanfarin ár.“ **– sa**



**Frá Patreksfirði. Fjölgað hefur um 10% í Vesturbyggð eftir hrun.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Það er ekki aflamark Byggðastofnunar sem býr til blómlega byggð á svæðinu.**



Ásthildur Sturludóttir




Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág** innborgun

**Tryggt** framtíðarvirði

**Fastar** mánaðargreiðslur

**YARIS TREND** er lipur í snúningum og geislar af fegurð og krafti. Tryggðu þér þessa sérútgáfu af einum vinsælasta bíl seinni ára sem býðst í takmarkaðan tíma hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi.

Renndu við og reynsluaktu nýjum Yaris Trend í bensín-, dísil- eða hybrid-útgáfu.

**Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM***

TOYOTA TOUCH & GO · 5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.



Ekki er gert ráð fyrir því að börn geti keypt stakar máltíðir þegar mikið liggur við. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fékk ekki að taka þátt í pítsuveislu á öskudag

**SKÓLAMÁL** Ellefu ára stúlku var neitað um að taka þátt í pítsuveislu í Fellaskóla þar sem hún er ekki í mataráskrift hjá Reykjavíkurborg. Móðir stúlkunnar er af erlendu bergi brotin og sendir hana alla jafna með nesti í skólann. Hún vildi gera á því undantekningu og leyfa henni að taka þátt í hátíðahöldunum á öskudag. Pítsur voru á boðstólum í tilefni dagsins. Stúlkan fór með fimm hundruð krónur í skólann og spurði hvort hún mætti kaupa eina pítsusneið. Henni var neitað um það í mötuneytinu. Hún ákvað að fara og spyrja skólastjórann, Sigurlaugu Hrund Svavarsdóttur, hvort ekki væri hægt að gera undantekningu bara þennan dag og leyfa henni að kaupa sneiðina en fékk aftur neitun.

Sigurlaug Hrund staðfesti þetta og sagði aðeins nemendur sem eru í mataráskrift borða mat frá mötuneytinu.

Allir nemendur í grunnskólum borgarinnar hafa aðgang að hádegismat í skólanum. Mataráskrift kostar það sama í öllum skólum borgarinnar og fyrirkomulagið er það sama í öllum grunnskólum Reykjavíkur. Máltíðin kostar 355 krónur en ekki er sveigjanleiki í kerfinu til að borga stakar máltíðir og innheimt er jafnaðargjald miðað við 20 daga í mánuði, eða 7.100 krónur. Móðirin segist ekki átta sig á reglum um áskrift og talar ekki íslensku. Hún sagðist þó spyrja sig hvort ekki væri hægt að líta fram hjá stífum reglum af góðvild. – kbg


**V.L.F. HLÍF Verkalýðsfélagið Hlíf**

***Allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör stjórnar***

Samkvæmt A-lið 22. gr. laga Hlífar skal á árinu 2016 kjósa í eftirtaldar stöður:

1. Formann, ritara og tvo meðstjórnendur til tveggja ára
2. Tvo varamenn í stjórn til tveggja ára
3. Tvo félagslega skoðunarmenn reikninga og einn til vara til eins árs.
4. Stjórn sjúkrasjóðs, formann, varaformann og ritara til eins árs og jafn marga til vara.
5. Stjórn orlofsheimilasjóðs, formann, varaformann og ritara til eins árs og jafn marga til vara.

Tillögur uppstillingarnefndar og stjórnar Verkalýðsfélagsins Hlífar liggja frammi á skrifstofu Hlífar frá og með 11. febrúar 2016. Öðrum tillögum ber að skila á skrifstofu Hlífar, Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði, fyrir kl. 16:00 föstudaginn 19. febrúar 2016 og er þá framboðsfrestur útrunninn.
Til þess að bera fram lista þarf skrifleg meðmæli eða stuðning 1/10 hluta fullgildra félagsmanna þó ekki fleiri en 100.

*Kjörstjórn Verkalýðsfélagsins Hlífar*







## Björgunaraðgerð



Eftirlitsmenn með villtum dýrum á Indlandi nota krana til að koma fíl á lappirnar á ný, en hann hafði villst inn á umferðargötu í Siliguri í gær. Fíllinn var fluttur í nærliggjandi skóg. NORDICPHOTOS/AFP

# Áhættugreining í bígerð eftir banaslys

### Lögregluvakt verður komið á við Reynisfjöru eftir banaslys í fjörunni í gær.

**SLYS** Lögregluvakt verður komið fyrir í Reynisfjöru í dag í kjölfar banaslyss sem varð í fjörunni í gær. Þetta kemur fram í tilkynningu frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu.

Í tilkynningunni segir: „Þá verði gerð áhættugreining á svæðinu í samræmi við tillögur nefndar sem innanríkisráðherra skipaði á síðasta ári til að gera tillögur um öryggi ferðamanna. Í kjölfar niðurstöðu hennar verður tekin ákvörðun um frekari aðgerðir til að tryggja öryggi ferðamanna sem fara um svæðið. Þá er fyrirhugað að gera sambærilega áhættugreiningu fyrir aðra fjölsótta ferðamannastaði.“ Þá mun almannavarnanefnd Mýrdalshrepps funda um málið í dag.

Í fjörunni eru viðvörunarskilti og kastlína með björgunarhring líkt og þekkist í fjörum víða um landið.

Sveinn Kristján Rúnarsson, lögreglustjóri á Hvolsvelli, segir þetta vera grunnbúnað ef nokkrir tugir manns koma í heimsókn á dag en nú skipta ferðamennirnir hundruðum. „Við þurfum að fara að endurhugsa þessa staði. Hvernig viljum við hafa þá og hvernig viljum við búa þá?“ segir hann. „Það er almennt á þessum ferðamannastöðum sem við þurfum að endurhugsa hvernig þessum öryggismálum er háttað.“

Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir heildræna öryggisstefnu fyrir ferðamannastaði á landinu vera eitt af þeim forgangsverkefnum stjórnvalda og aðila í ferðaþjónustunni sem sérstaklega eru til umfjöllunar í Vegvísi í ferðaþjónustu. „Þetta er einn af þeim mikilvægu og aðkallandi þáttum sem eru tíundaðir í Vegvísinum sem við gáfum út ásamt stjórnvöldum í október síðastliðnum. Þá var stjórnstöð ferðamanna sett á laggirnar til þess að fara ofan í þau verkefni sem eru mest aðkallandi næstu mánuði og ár,“ segir Helga en um er að ræða samráðsvettvang til fimm ára til að tryggja traustan grunn sem kallað hefur verið eftir í íslenskri ferðaþjónustu um langa hríð.

„Þar er einmitt öryggi ferðamanna til sérstakrar umfjöllunar. Þar er áherslan á að markvisst verði metnar leiðir til að draga úr slysum og óhöppum ferðamanna og öryggi þeirra aukið,“ segir hún.

„Sérstaka áherslu á að leggja á markvisst forvarnarstarf sem felst meðal annars í því að skilgreina hættur og setja reglur og öryggistakmarkanir sem og stýra aðgengi ferðamanna að stöðum þar sem að öryggi þeirra gæti verið ógnað.“ stefanrafn@frettabladid.is

### Slysið

Klukkan 10.39 í gær barst Neyðarlínu tilkynning um að maður hefði fallið í sjóinn við Reynisfjöru. Rannsókn lögreglu leiddi í ljós að maðurinn stóð á stuðlabergssteini við myndatöku þegar að alda hreif hann á haf út. Hann fannst um hálfan kílómetra frá landi og var látinn þegar björgunarmenn komu á vettvang. Maðurinn var kínverskur ríkisborgari, fæddur 1976, og var hér á ferðalagi ásamt eiginkonu sinni.

# FRÍHAFNARDAGAR



**TAX FREE**

**SNYRTIVÖRU DAGAR**

DAGANA 11.-15. FEBRÚAR
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM **SNYRTIVÖRUM**

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,35% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Sanders og Trump efstir í forvalinu

Yngri kynslóðin kaus Sanders en aldraðir og auðugir kjósendur völdu heldur Clinton. Sanders á von á skítkasti næstu vikurnar. Um leið vonast hann eftir því að yfirburðasigur á þriðjudag styrki stöðu hans í framhaldinu. Trump hafði öruggan sigur hjá repúblíkönum.

**BANDARÍKIN** „Þeir kasta í mig öllu nema eldhúsvaskinum, en ég hef á tilfinningunni að hann komi fljótlega,“ sagði Bernie Sanders eftir að hafa sigrað Hillary Clinton í forvali Demókrataflokksins í New Hampshire á þriðjudag.

Hann á von á hörðum skotum frá andstæðingum sínum næstu vikurnar, en Clinton er spáð öruggum sigri í næstu forkosningum, sem haldnar verða í Suður-Karólínu og Nevada síðar í mánuðinum.

Sanders vonast hins vegar til þess að yfirburðasigur hans á þriðjudaginn muni styrkja stöðu hans í framhaldinu. Í New Hampshire fékk hann 60 prósent atkvæða en Clinton ekki nema 38,3 prósent.

Hann segir að með þessum úrslitum hafi kjósendur sent skilaboð sem muni enduróma um landið allt, um að stjórn landsins tilheyri öllum almenningi.

„Það sem fólkið hefur sagt hérna er að í ljósi hins gríðarlega vanda sem þjóðin stendur frammi fyrir, þá er bara orðið of seint að halda áfram með sömu gömlu stofnanapólitíkina og stofnanahagkerfið,“ sagði Sanders í sigurræðu sinni.

Samkvæmt útgönguspá hafði Clinton meirihlutafylgi meðal eldri kjósenda, 65 ára og eldri. Sanders aftur á móti hafði mestan stuðning meðal unga fólksins, innan við þrítugt. Þá hafði Clinton meirihlutafylgi meðal auðugra kjósenda, en Sanders naut meiri stuðnings frá hinum fátækari.

## Úrslitin í New Hampshire

**Demókratar**
**Bernie Sanders 60%**
Hillary Clinton 38,3%

**Repúblikanar**
**Donald Trump 35,2%**
John Kasich 15,8%
Ted Cruz 11,7%
Jeb Bush 11,1%
Marco Rubio 10,5%
Chris Christie 7,5%
Carlie Fiorina 4,2%
Ben Carson 2,3%

Í herbúðum repúblikana vann Donald Trump hins vegar öruggan sigur, eftir að hafa tapað frekar óvænt fyrir Ted Cruz í Iowa í síðustu viku.

Hann sagðist neyðast til að óska Sanders til hamingju með sinn sigur, en hnýtti aftan við: „Hann vill gefa frá okkur landið okkar.“

Trump er áfram spáð sigri í næstu kosningum, þótt hann hafi ekki nema rúmlega 30 prósenta fylgi meðal flokksmanna á landsvísu.

Forkosningar flokkanna snúast annars um val á fulltrúum á landsþing þeirra, sem haldin verða í júlí. Þar verða forsetaefni flokkanna valin í beinni kosningu af landsfundarfulltrúum.

Á flokksþingi repúblikana sitja 2.472 fulltrúar, þannig að til að ná kjöri þarf stuðning frá 1.237 þeirra. Á flokksþingi demókrata sitja 4.763 fulltrúar og til sigurs þarf atkvæði frá 2.382 þeirra. **gudsteinn@frettabladid.is**



**Bernie Sanders hrósar sigri í New Hampshire.** NORDICPHOTOS/AFP

> **Þeir kasta í mig öllu nema eldhúsvaskinum, en ég hef á tilfinningunni að hann komi fljótlega.**
>
> Bernie Sanders




Markhönnun ehf

# nettó




## Verðsprengja

2 saman í pakka

Stutt læri - Meira kjöt - Minna af beinum

-20%

SS LAMBALÆRI STUTT
2 STK - FROSIN
**1.198**
ÁÐUR 1.498 KR/KG




-36%

SUN YAN NÚÐLUR - 65 G
**99**
ÁÐUR 155 KR/PK

SUN YAN NÚÐLUR - 85 G
**49**
ÁÐUR 59 KR/PK




Ferskt

-30%

RANA PASTA - FERSKT
**Verð frá 299 kr/pk**



-21%

ÍSFUGL KALKÚNABRINGA
**2.867**
ÁÐUR 3.629 KR/KG



-50%

JARÐARBER
**299**
ÁÐUR 598 KR/PK




-25%

GRANDIOSA PIZZA - 4 TEG
**589**
ÁÐUR 789 KR/PK



-34%

GULRÓTARTERTA
**989**
ÁÐUR 1.498 KR/STK

**Tilboðin gilda 11. – 14. feb 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Sveltið sést í rakaskemmdum og myglu

**Landspítalinn þarf fimm milljarða til að fara í nauðsynlegar viðhaldsframkvæmdir. Í ár fær spítalinn 850 milljónir og þarf því að forgangsraða. Sífellt verið að bregðast við vanda í stað þess að koma í veg fyrir hann. Mygluviðgerðir hlaupa á hundruðum milljóna.**

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@365.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Í gegnum tíðina hefur Landspítalinn fengið tvö til þrjú hundruð milljónir króna til viðhalds á öllu húsnæði spítalans sem er í hundrað byggingum. Sú upphæð hefur eingöngu dugað til að „slökkva elda“ og því er ástandið oft orðið ansi slæmt áður en til framkvæmda kemur. Uppsafnaður vandi hefur orðið til þess að heildarviðhaldsþörf spítalans er nú orðin fimm milljarðar króna.

Ingólfur Þórisson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Landspítalans, segir að gott væri að komast úr því ástandi að vera alltaf að bregðast við vanda og reyna heldur að koma í veg fyrir vandann. Nú er svo komið að heildarviðhaldsþörf spítalans er orðin fimm milljarðar króna. „Hér er um að ræða uppsafnaða þörf til margra ára, jafnvel áratuga. Það er aðkallandi að bæta húsakost spítalans og til að svo megi verða þyrftu fjárveitingar til næstu ára að tvöfaldast.“

Fyrir árið 2016 fékk spítalinn sex hundruð milljónir til framkvæmda og viðhalds. Það dugði ekki fyrir öllum nauðsynlegum og aðkallandi viðhaldsframkvæmdum. Því var óskað eftir 1.400 milljónum til viðbótar. Eingöngu 250 milljónir fengust eða tæplega fimmtungur af því sem þurfti.

Það þýðir að fjöldi nauðsynlegra framkvæmda mun sitja á hakanum þetta árið – eða um áttatíu prósent verkefna á listanum, sem má sjá hér til hliðar. Má þar nefna nauðsynlegar viðgerðir vegna rakaskemmda, innan húss og utan, í fjölda húsa Landspítalans.

„Við erum að vinna í því að forgangsraða á listanum. Við vonumst til að geta komist í lagfæringu á bráðageðdeild 33C fyrir þennan pening. Það er nauðsynlegt vegna rakaskemmda innandyra,“ segir Ingólfur en nýlega greindist mygla á deildinni. Á deildinni dvelja til að mynda þunglyndar mæður með ungbörn sín. Fjöldi starfsmanna hefur fengið einkenni myglusveppaveikinda enda er myglan svæsin og hana er að finna um alla deildina.

Deild 33C er þar með sjötta húsnæði Landspítalans þar sem mygla greinist á tiltölulega skömmum tíma. Framkvæmdir við aðalbygginguna á Hringbraut hafa verið í gangi síðustu ár og hafa kostað hundruð milljóna króna. Einnig hefur mygla komið upp í gamla hjúkrunarskólanum og gamla ljósmæðraskólanum við Hringbraut. Í báðum húsum hefur starfsfólk þurft að flytja sig um set á meðan viðgerðir hafa staðið yfir. Á BUGL standa yfir mjög kostnaðarsamar framkvæmdir þessa dagana vegna myglu.

„Helsta aðferðin til þess að útiloka mygluvöxt í húsum er að koma í veg fyrir rakaskemmdir, bregðast strax við leka og fyrirbyggja hann,“ segir Ingólfur. „Því er mikilvægt að sinna viðhaldi jafnt og þétt. Menn spara engan pening á því að sleppa viðhaldi.


Mikil umræða hefur verið um skemmdir á húsnæði Landakots. Skemmdirnar þar eru gott dæmi um að viðhaldsframkvæmdir hafi þurft að bíða neðst á listanum. Í ár eru þó framkvæmdir við Landakot loks á dagskrá eftir langa bið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Hér er um að ræða uppsafnaða þörf til margra ára, jafnvel áratuga.


Ingólfur Þórisson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Landspítalans

**Landspítalinn er á 17 stöðum í 100 húsum á 150.000 fermetrum**


Skemmdir við Hringbraut og Landakot.

## Nauðsynlegt viðhald og framkvæmdir við Landspítalann

**Áætlun 2016**

**1.400 milljónir** króna er kostnaðurinn

**250 milljónir** er framlag ríkisins eða 18% af þörfinni

**Utanhússviðhald og viðgerðir vegna rakaskemmda**
- Á aðalbyggingu í Fossvogi
- Á legudeildarbyggingu við Hringbraut
- Á húsi Grensásdeildar
- Á geðdeild við Hringbraut
- Á húsi kvennadeildar
- Á anddyrisbyggingu á Landakotsspítala

**Endurbætur á tæknikerfum**
- Uppfærsla rafkerfis að alþjóðlegum stöðlum
- Uppfærsla lyfjalofts- og súrefniskerfis að alþjóðlegum stöðlum
- Endurbætur í brunavörnum
- Loftræstikerfi á öldrunardeildir Landakots (þar er engin loftræsting)
- Slökkvikerfi á legudeildir

**Endurbætur á húsnæði innandyra**
- Bráðageðdeild 33C
- Öldrunardeild á Landakoti
- Legudeild hjartalækninga við Hringbraut
- Geðdeild á Kleppi

**Innrétting vegna nýrrar starfsemi**
- Bráðaskurðstofa í Fossvogi
- Hágæslustofa á endurhæfingardeild á Grensási


Siemens þvottavél á sértilboði.




Tilboðið gildir til 20. febrúar eða á meðan birgðir endast.

SIEMENS

A+++ Orkuflokkur
7 kg Tekur mest

SIEMENS - Þvottavél
WM14E477DN

Tekur mest 7 kg.
Orkuflokkur A+++.
Vindur upp í 1400 sn./mín.
Með íslensku stjórnborði.
Sérkerfi: Straufrítt, útifatnaður, skyrtur, blandaður þvottur, mjög stutt kerfi (15 mín.), ull og viðkvæmur þvottur/silki.

Sértilboðsverð:
82.900 kr.
(Fullt verð: 104.900 kr.)

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



Krókódíllinn sem um ræðir er vafalaust minni en þessi eða um metri á lengd.

## Kastaði krókódíl inn um bílalúgu sér til gamans

**BANDARÍKIN** Tuttugu og þriggja ára gamall karlmaður var handtekinn í Flórída í Bandaríkjunum um miðja vikuna fyrir að fleygja lifandi krókódíl inn um bílalúgu á skyndibitastaðnum Wendy's. Maðurinn hugðist hrekkja félaga sinn sem vinnur á veitingastaðnum.

Krókódíllinn sem var um metri á lengd var handsamaður og honum komið fyrir í náttúrunni á ný.

Atburðurinn átti sér í stað í október en maðurinn var handtekinn fyrst í gær. Hann mun hafa fundið krókódílinn úti í vegkanti og lokkað hann upp í bíl sinn. **– srs**

## Gripnir með axir og lurka

**SVÍÞJÓÐ** Lögreglan í Svíþjóð hefur handtekið 14 Pólverja sem grunaðir eru um að hafa skipulagt árásir á dvalarstað hælisleitenda. Eftir ábendingar stöðvaði lögreglan bíl þeirra skammt frá dvalarstaðnum sunnan við Stokkhólm. Í bíl Pólverjanna fundust hnífar, járnrör, axir og lurkar. Lögreglan hafði áður varað hælisleitendurna við.

Hinir handteknu búa allir og starfa í Svíþjóð. Samkvæmt lögreglunni eru þeir öfgafullir hægrisinnar. Þrír þeirra höfðu nýlega verið handteknir í tengslum við mótmæli gegn flóttamönnum. **– ibs**

# DEBENHAMS



# 20% AFSLÁTTUR

## AF SNYRTIVÖRUM

FULLT AF FLOTTUM MERKJUM

**AÐEINS Í DAG**

Made in Iceland BIOEFFECT
BIOTHERM
Christian Dior
CLARINS
CLINIQUE
Elizabeth Arden NEW YORK
ESTĒE LAUDER
essie
HR HELENA RUBINSTEIN
LANCÔME PARIS
L'ORÉAL PARIS
MAC
O·P·I
ST.TROPEZ
SENSAI
SHISEIDO
YvesSaintLaurent

**Opið 11 til 21 í dag**

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Finndu okkur á facebook

## NEYTENDUR

# Leggja til að 67 ára og eldri fái frítt í sund

**Í nágrannasveitarfélögum höfuðborgarinnar fá 67 ára og eldri að synda gjaldfrítt. Starfshópur um heilsueflingu aldraðra leggur til að sundferðir í Reykjavík verði gjaldfrjálsar frá og með 67 ára aldri. Formaður öldungaráðs segir að tillögurnar verði skoðaðar.**

Í Reykjavík fá aldraðir frítt í sund þegar þeir eru orðnir 70 ára. Í nágrannasveitarfélögunum fá 67 ára og eldri að synda gjaldfrítt. Ekki er skilyrði um búsetu í viðkomandi sveitarfélögum.

Starfshópur um heilsueflingu aldraðra í Reykjavík leggur meðal annars til í skýrslu sinni að sundferðir verði gjaldfrjálsar frá og með 67 ára aldri.

Í skriflegu svari til Fréttablaðsins segir Ilmur Kristjánsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar, að um hafi verið að ræða hluta af hagræðingaraðgerðum þegar ákveðið var að breyta aldursviðmiðum vegna greiðslu í sund. „Það kostar 15-20 milljónir að niðurgreiða fyrir þennan hóp. Það er vitað að stór hluti þessa hóps er á meðal ríkustu Íslendinganna og er almennt séð ekki illa stæður.“

Ilmur getur þess að margir þurfi á fjárhagsaðstoð að halda og hlutfallslega færri í hópi aldraðra en í öðrum aldurshópum. „Miðað við fjárhagsstöðu væri réttara að niðurgreiða sund fyrir hópinn 21-25 ára. Við verðum að einbeita okkur að hinum verst settu óháð aldri.“

Haukur Ingibergsson, formaður Landssambands eldri borgara, segir ekki vitað til þess að 67-70 ára Reykvíkingar séu sérstakur hópur auðkýfinga sem réttlæti að þeir borgi í sund á meðan jafnaldrar þeirra í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu syndi gjaldfrítt.

> **Það er vitað að stór hluti þessa hóps er á meðal ríkustu Íslendinganna og er almennt séð ekki illa stæður.**
>
> Ilmur Kristjánsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkur



„Félag eldri borgara í Reykjavík hefur til dæmis þráfaldlega minnt á viðvarandi fátækt hjá hluta af hópi eldri Reykvíkinga og gjaldtaka á sundstöðum í borginni, umfram það sem er í nágrannasveitarfélögum, léttir þessu fólki ekki lífið. Sund er ein vinsælasta heilsurækt eldri borgara og sundlaugar mikilvægar til að rjúfa félagslega einangrun þar sem maður hittir mann. Og eldri Reykvíkinga munar um að greiða fyrir sund til sjötugs á meðan sund í næstu sveitarfélögum er gjaldfrítt fyrir 67 ára og eldri. Þetta minnir okkur á að fjárhagsvandi sveitarfélaga bitnar á endanum á íbúum því sveitarfélög hafa fá önnur úrræði þegar harðnar á dalnum en að skrapa saman tekjur af eignum sínum og rekstri og draga úr þjónustu.“



Sund og sundleikfimi er vinsæl heilsurækt meðal eldri borgara. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Guðrún Ágústsdóttir, formaður öldungaráðs Reykjavíkur, segir afar mikilvægt að allir komist í sund óháð efnahag. „Öldungaráð og stofnanir borgarinnar munu taka afstöðu til tillagna starfshópsins um heilsueflingu en Ilmi ber auðvitað, sem formanni velferðarráðs, að hugsa um hópinn sem hefur það verst.“

Aldraðir sem hafa áhuga á að renna sér á skíðum í Bláfjöllum og Skálafelli þurfa ekkert að greiða eftir að þeir hafa náð 66 ára aldri. Guðrún kveðst fagna því.

Aðgangur að söfnum Reykjavíkurborgar er gjaldfrjáls eftir 70 ára aldur en í nágrannasveitarfélögunum er miðað við 67 ára. Sömu viðmið gilda um útgáfu bókasafnsskírteina.

Til að eldri borgarar geti keypt sér árskort í strætó á 19.900 krónur þurfa þeir að vera orðnir 70 ára.

**ibs@frettabladid.is**






Davíð Gunnarsson segir mikilvægt að gera verðsamanburð á nokkrum síðum áður en flug er bókað. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Neytandinn** Davíð Gunnarsson, framkvæmdastjóri Dohop

## Borgar sig að heimsækja „faldar perlur“



Nú þegar fer að vora eru eflaust margir að skipuleggja ferðalög, hvort sem þau eru yfir páskana eða í sumarfríinu. Hægt er að draga verulega úr kostnaði við ferðalög með því að bera saman flugverð, gista á Airbnb og heimsækja faldar perlur að sögn Davíðs Gunnarssonar, framkvæmdastjóra Dohop.

### Samanburðarsíður lykilatriði

„Það er mjög mikilvægt að leita að flugi á samanburðarsíðum, og ekki bara nota eina síðu heldur nokkrar, alla vega tvær,“ segir Davíð. „Það er hagstæðast að ferðast á þriðjudögum og miðvikudögum, það er ágætis regla.“

Þegar kemur að hótelum gildir hið sama, að það skiptir máli að skoða hjá nokkrum aðilum. Davíð mælir með Airbnb. „Það borgar sig þó frekar þegar eru fleiri. Eins og fyrir mig, ég á fjögur börn, það er hræðilegt fyrir mig að vera á hóteli. Hótel eru ekki gerð fyrir sex manna fjölskyldur.“

### Heimsækja „faldar perlur“

Það getur verið dýrt að heimsækja vinsælustu borgir Evrópu og Ameríku, eins og London eða New York. Hægt er að spara verulega með því að heimsækja frekar „leyndar perlur“ en þekktari borgir, að sögn Davíðs. „Borgir eins og Búdapest, þar kostar tuttugu prósent af því sem það kostar að búa á Íslandi. Gdansk í Póllandi er önnur slík borg.“

Íslendingar mættu líka taka sér aðrar þjóðir til fyrirmyndar þegar kemur að farangri, en honum getur fylgt mikill kostnaður. „Það er erfitt að vinna bug á háum farangurskostnaði, annað en að vera með lítinn farangur. En Íslendingar eru ekki duglegir í því. Þegar ég er að ferðast erlendis, mikið með lággjaldaflugfélögum, þá er nánast hver einasti með flugfreyjutösku. Ef allir í fjölskyldunni eru með þannig þá er það alveg ágætur farangur,“ segir Davíð. **– sg**


F&F
Brjóstahaldari
2.950
Mundu
Valentínusardaginn
14. febrúar
Nærbuxur
1.270
75B - 85D
Verð nú 1.770kr
v.á. 3.540
70A - 85D
Verð nú 1.970kr
v.á. 5.420
70A - 85D
Verð nú 1.325kr
v.á. 2.650
70A - 85D
Verð nú 1.970kr
v.á. 3.940
Verð nú 885kr
v.á. 1.660
Verð nú 1.475kr
v.á. 2.950
Verð nú 685kr
v.á. 1.370
Verð nú 735kr
v.á. 1.470
Finndu okkur á
Facebook
Kringlan, Skeifan, Spöng, Garðabær, Smáralind
Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri.
ATH! Allt vöruúrval fæst í Kringlunni, minna úrval í öðrum verslunum.



Studio | Verð **47.990.-**
Studio þráðlaus | Verð **59.990.-**

beats by dr. dre®



Ný uppfærsla á vinsælustu heyrnartólunum frá Beats! Solo2 heyrnartólin gefa betri hljómgæði, tærari og breiðari hljóm en áður. Þau eru þar að auki þægilegri, léttari og endingarbetri en fyrri kynslóð.

Solo2 | Verð **31.990.-**
Solo2 þráðlaus | Verð **47.990.-**



UrBeats 2.0 In-Ear | Verð **15.990.-**

urBeats heyrnartólin - frábær hljómgæði og þau einfalda þér að stjórna tónlistinni á iOS tækjum.

***Vaxtalaus greiðsludreifing**

Við bjóðum handhöfum VISA og Mastercard greiðslukorta vaxtalaus kortalán í verslunum Epli í allt að 6 mánuði.

Við kaupverð bætist 3,5% lántökugjald og færslugjald, nú 405 kr., við hvern gjalddaga.

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. ** Incase fæst á 4.990 ef keypt er með Macbook tölvu

# MacBook



## MacBook 12”

Verð frá **224.990.-**

Ekki bara draumur fermingarbarnsins





13,1 mm
Á ÞYKKT

920gr
ÞYNGD

12"
RETINA SKJÁR



| | |
|---|---|
| Incase Sleeve | Verð **6.990.-** |
| Incase Sleeve með Macbook** | Verð **4.990.-** |

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

Þjónustudeild Epli er opin laugardaga 12-16

EPLI

## VIÐSKIPTI

# Hlutabréf banka hafa hrunið frá janúar

**Hlutabréfaverð í evrópskum bönkum hefur fallið milli fimmtán til fjörutíu prósent frá ársbyrjun. Hlutabréf í Deutsche Bank hrundu í byrjun viku. HSBC ákveður á næstunni hvort hann ætli að flytja höfuðstöðvar sínar frá Evrópu. Ástandið hefur lítil áhrif á Íslandi.**




John Cryan, framkvæmdastjóri Deutsche Bank, lýsti því yfir á miðvikudaginn að bankinn stæði á traustum grunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Það sem af er ári hafa hlutabréf í evrópskum bönkum hrunið, allt frá fimmtán til fjörutíu prósenta. Hlutabréf í japönskum bönkum hafa einnig lækkað. Nikkei 225 vísitalan í Japan hefur fallið um 10 prósent frá byrjun mánaðar. Forstöðumaður hlutabréfa hjá Stefni segir ástandið ekki eins og árið 2008 og að það komi líklega ekki til með að hafa mikil áhrif á Íslandi.

Í byrjun viku hrundu hlutabréf í Evrópu, fremst þar í flokki voru bréf í Deutsche Bank sem féllu um 9,5 prósent á mánudaginn. Í kjölfarið hrundu hlutabréf í Japan við opnun markaða þar. Áberandi var fall japanskra banka. Á þriðjudaginn lækkuðu hlutabréf í Mitsubishi UFJ um 8,3 prósent, Sumitomo Mitsui um 8,7 prósent og Mizuho Financial Group um 5,8 prósent.

Svo virðist sem ákveðin hræðsla hafi gripið evrópska markaði í kjölfarið og lýsti John Cryan, framkvæmdastjóri Deutsche Bank, því yfir að bankinn stæði traustum fótum. Markaðurinn róaðist í gær og hlutabréf í Deutsche Bank ruku upp, en óvíst er hvert framhaldið verður.

Guðjón Ármann Guðjónsson, forstöðumaður hlutabréfa hjá Stefni, segir að margt spili inn í lækkun hlutabréfa bankanna. „Markaðurinn er búinn að lækka mikið frá ársbyrjun allt frá átta til fimmtán prósent. Lán til félaga í orkuiðnaði (olía og hrávara) og ríkja sem byggja útflutning sinn á olíusölu hafa án efa eitthvað með þetta að gera. Þetta skýrir hluta af þessum lækkunum. Svo upp á síðkastið eru menn að hafa áhyggjur einstökum félögum, til dæmis Deutsche Bank, sem menn töldu að gæti ekki staðið við afborganir af skuldabréfum. Þær fréttir voru bornar til baka, en svona sögusagnir framkalla mikla hræðslu á mörkuðum og það skýrir hluta af þessum lækkunum,“ segir Guðjón.

Bankarnir hafa breyst mikið frá því fyrir hrun. Það er búið að skala þá niður og minnka töluvert mikið. Draga úr áhættusömum fjárfestingum og gera mjög stífar eiginfjárkröfur á þá og láta þá selja frá sér eignir.“

Guðjón segir ástandið í Japan tengjast öðrum mörkuðum en svo spili styrking jensins inn í svo og það að seðlabanki Japans hafi ákveðið að gera innlánsvexti lánveitenda neikvæða í janúar.

**9,5%**

**Lækkun varð á hlutabréfum Deutcsche Bank á mánudag.**

„Það er munur á bandarískum bönkum og evrópskum, bandarísku bankarnir voru fljótari að taka til hjá sér eftir efnahagskreppuna. Fjárfestar óttast að eignahlið evrópsku bankanna sé hugsanlega ekki jafn sterk og menn hafa talið, auk þess sem uppgjörin hjá þeim hafa verið döpur.“

Guðjón telur að þetta muni ekki hafa mikil áhrif á bankana á Íslandi. Íslenskir bankar eru með mjög litla starfsemi erlendis og við erum ennþá í höftum, þannig að við erum í raun ennþá í einhvers konar vari,“ segir Guðjón Ármann Guðjónsson.

saeunn@frettabladid.is

### HSBC ákveður flutninga í vikunni

Í ríkjandi bankaumhverfi Evrópu hafa stjórnendur breska bankans HSBC íhugað möguleikann á að flytja höfuðstöðvarnar. Samkvæmt frétt The Sunday Times munu þeir ákveða í vikunni hvort þeir komi til með að flytja. Að öllum líkindum yrði flutningurinn til Hong Kong, þar sem áttatíu prósent af tekjum bankans koma frá Asíu. Heimildarmenn blaðsins telja þó líklegt að stjórnin kjósi gegn flutningum, í ljósi pólitískra aðstæðna þar, og efnahagshorfa í Kína.

HSBC er stærsti banki Evrópu, með yfir 266 þúsund starfsmenn. Bankinn er næststærsta fyrirtæki í FTSE 100 vísitölunni í Bretlandi. Flutningur hans kæmi því til með að hafa gríðarleg áhrif.

### Lækkun á hlutabréfum banka frá áramótum

| Banki | Hlutabréfaverð 1. janúar 2016 | Hlutabréfaverð 9. febrúar 2016 | % tap |
|---|---|---|---|
| HSBC | 542,00 £ | 440,10 £ | -18,8 |
| Barclays | 220,00 £ | 162,20 £ | -26,7 |
| Lloyds | 73,07 £ | 59,43 £ | -18,6 |
| RBS | 302,30 £ | 230,80 £ | -23,7 |
| Standard Chatered | 578,40 £ | 427,00 £ | -26,2 |
| JP Morgan | 67,04 $ | 56,00 $ | -16,5 |
| Citigroup | 50,75 $ | 36,90 $ | -27,3 |
| Bank of America | 17,03 $ | 12,30 $ | -27,8 |
| Wells Fargo | 54,51 $ | 46,50 $ | -14,7 |
| Deutsche Bank | 23,01 € | 14,02 € | -39,1 |
| UBS | 19,53 CHF | 14,20 CHF | -27,3 |
| Credit Suisse | 21,80 CHF | 13,64 CHF | -37,4 |
| BNP Paribas | 51,78 € | 39,28 € | -24,1 |
| Societe Generale | 41,88 € | 29,74 € | -28,8 |
| Credit Agricole | 10,75 € | 8,07 € | -24,9 |
| Santander | 4,55 € | 3,55 € | -24,2 |
| BBVA | 6,60 € | 5,58 € | -15,5 |
| Unicredit | 5,05 € | 2,95 € | -41,6 |
| ING | 12,20 € | 9,84 € | -19,3 |
| Goldman Sachs | 181,16 $ | 149,25 $ | -17,6 |
| Morgan Stanley | 30,07 $ | 22,67 $ | -24,6 |

*Heimild: Business Insider*


Fyrirtæki með mikla möguleika

Gamalgróið fjölskyldufyrirtæki með verslun og heildverslun í Reykjavík er til sölu. Afkoma er góð með rúmlega 80 milljóna kr. ársveltu og ágætan hagnað.

Mikill eigin innflutningur sem gefur töluverða möguleika á veltuaukningu bæði í verslun og heildverslun.

Tilvalið fyrirtæki fyrir hugmyndaríkt fólk eða samhenta fjölskyldu.

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Svavarsson (gunnar@kontakt.is) í tölvupósti eða í síma 414 1200.

KONTAKT


# Kolbeini boðið sæti í stjórn LBI

Kolbeini Árnasyni, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, hefur verið boðið að taka sæti í stjórn LBI hf., eða gamla Landsbankans. Þetta staðfestir Kolbeinn í samtali við Fréttablaðið.

Fyrsti hluthafafundur eftir nauðasamninga hefur þó ekki farið fram og stjórnin ekki verið skipuð formlega.

Kolbeinn, sem er lögfræðingur að mennt, hefur reynslu af störfum á fjármálamarkaði. Hann starfaði hjá slitastjórn Kaupþings áður en hann tók við starfi framkvæmdastjóra SFS og starfaði einnig hjá Kaupþingi áður en skilanefnd var skipuð yfir bankann.

„Það er ekki búið að skipta um þannig að það sé komin ný stjórn. Það er ennþá verið að klára ýmis atriði nauðasamningsins,“ segir Páll Benediktsson, upplýsingafulltrúi LBI, í samtali við Fréttablaðið. Að nokkrum vikum liðnum muni svo ný stjórn taka við hjá félaginu.

Morgunblaðið greindi frá því í október að vilji kröfuhafa Kaupþings stæði til þess að hæstaréttarlögmennirnir Jóhannes Rúnar Jóhannsson og Óttar Pálsson myndu taka sæti í stjórn Kaupþings eftir nauðasamninga.

Í þriggja manna stjórn Glitnis situr enginn Íslendingur eftir samþykkt nauðasamninganna. **– jhh**




Kolbeinn Árnason hefur verið framkvæmdastjóri SFS undanfarin ár en hefur umtalsverða reynslu af störfum á fjármálamarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**» Í þriggja manna stjórn Glitnis situr enginn Íslendingur.**

# TILBOÐ

## BÍLALAND BÝÐUR NOKKRA BÍLA Á EINSTÖKUM KJÖRUM!
## KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL Á FRÁBÆRU VERÐI!




SUZUKI GRAND VITARA
Nýskr. 06/10, ekinn 97 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 2.690.000**
Rnr. 103219
**TILBOÐ kr. 2.090 þús.**




KIA SPORTAGE EX 4wd
Nýskr. 02/15, ekinn 51 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 5.120.000**
Rnr. 120800
**TILBOÐ kr. 4.290 þús.**




MAZDA 3 SPORT
Nýskr. 08/07, ekinn 130 þús km.
bensín, beinskiptur.
**Verð áður kr. 1.450.000**
Rnr. 120838
**TILBOÐ kr. 1.090 þús.**




BMW X5 xDrive 30d
Nýskr. 01/12, ekinn 69 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 8.390.000**
Rnr. 102781
**TILBOÐ kr. 6.990 þús.**




HYUNDAI ix35 COMFORT
Nýskr. 05/14, ekinn 75 þús km.
dísil, sjálfskiptur
**Verð áður kr. 4.590.000**
Rnr. 103186
**TILBOÐ kr. 3.990 þús.**




RANGE ROVER SPORT SUPERC.
Nýskr. 08/07, ekinn 114 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 4.590.000**
Rnr. 142977
**TILBOÐ kr. 3.590 þús.**




SUZUKI GRAND VITARA PREM.
Nýskr. 06/11, ekinn 130 þús km.
bensín, beinskiptur.
**Verð áður kr. 2.890.000**
Rnr. 283074
**TILBOÐ kr. 1.990 þús.**




RENAULT MEGANE SALOON
Nýskr. 05/08, ekinn 137 þús km.
bensín, beinskiptur.
**Verð áður kr. 990.000**
Rnr. 103213
**TILBOÐ kr. 690 þús.**




HONDA JAZZ COMFORT
Nýskr. 06/10, ekinn 92 þús km.
bensín, beinskiptur.
**Verð áður kr.1.790.000**
Rnr. 282998
**TILBOÐ kr. 1.390 þús.**




HYUNDAI TUCSON 4x4
Nýskr. 08/08, ekinn 172 þús km.
dísil, beinskiptur.
**Verð áður kr. 1.690.000**
Rnr. 120837
**TILBOÐ kr. 990 þús.**




NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 02/14, ekinn 38 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 4.590.000**
Rnr. 320408
**TILBOÐ kr. 3.990 þús.**




BMW 318i
Nýskr. 02/08 ekinn 45 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 3.390.000**
Rnr. 270442
**TILBOÐ kr. 2.590 þús.**




OPEL AMPERA - RAFMAGN
Nýskr. 08/12, ekinn 16 þús km.
rafmagn, bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður kr.4.980.000**
Rnr. 131695
**TILBOÐ kr. 3.690 þús.**




HYUNDAI i20 CLASSIC
Nýskr. 06/13, ekinn 73 þús km.
bensín, beinskiptur.
**Verð áður kr. 1.590.000**
Rnr. 143227
**TILBOÐ kr. 1.350 þús.**




RANGE ROVER VOGUE
Nýskr. 08/07, ekinn 137 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 6.990.000**
Rnr. 120765
**TILBOÐ kr. 5.490 þús.**




HYUNDAI i40 COMFORT
Nýskr. 08/13, ekinn 35 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 3.990.000**
Rnr. 120694
**TILBOÐ kr. 3.490 þús.**




BMW x3 xDrive 20d
Nýskr. 12/14, ekinn 5 þús km.
dísil, beinskiptur.
**Verð áður kr. 7.990.000**
Rnr. 131638
**TILBOÐ kr. 6.690 þús.**




HYUNDAI i20 CLASSIC
Nýskr. 07/13, ekinn 60 þús km.
bensín, beinskiptur
**Verð áður kr. 1.790.000**
Rnr. 120480
**TILBOÐ kr. 1.390 þús.**




RENAULT MEGANE SP. TOURER
Nýskr. 06/13, ekinn 53 þús km.
dísil, sjálfskiptur
**Verð áður kr. 2.820.000**
Rnr. 143176
**TILBOÐ kr. 2.190 þús.**




HYUNDAI i40 WAGON PREMIUM
Nýskr. 05/12, ekinn 81 þús km.
dísil, sjálfskiptur
**Verð áður kr. 3.990.000**
Rnr. 191820
**TILBOÐ kr. 2.990 þús.**

**Opið frá kl. 9-18 á virkum dögum**
**og kl. 12-16 á laugardögum.**

Klettháls 11 - Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
**www.bilaland.is**
**www.facebook.com/bilaland.is**

**bílaland**

# Hentistefna



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Þótt Bandaríkjamenn bæti aðstöðu sína á Keflavíkurflugvelli í gegnum samstarf við Íslendinga í Atlantshafsbandalaginu þýðir það ekki að þeir geti gengið að því sem vísu að vera hér með fasta viðveru.

Frétt vefsins *Stars and Stripes* á þriðjudag um að Bandaríkjaher ætli að snúa aftur til Íslands og hafa tímabundna aðstöðu á Keflavíkurflugvelli og að bandaríski sjóherinn gæti síðar meir farið fram á aðstöðu til langframa vakti ugg í brjósti sumra enda var hún túlkuð þannig að hér væri kominn fyrsti vísirinn að endurkomu hersins. Hið rétta er að bandaríski sjóherinn hefur óskað eftir fjárheimild frá Bandaríkjaþingi til að breyta flugskýli Atlantshafsbandalagsins (NATO) á Keflavíkurflugvelli til þess að það geti hýst P-8 Poseidon vélar.

Einhliða ákvörðun Bandaríkjamanna um að loka herstöðinni í Keflavík árið 2006 hefur verið túlkuð sem afleikur af sérfræðingum í varnar- og öryggismálum. Frá því hefur verið greint að í bandaríska varnarmálaráðuneytinu sjái menn eftir henni og í fyllingu tímans hafi mönnum orðið ljóst að hún hafi verið mistök.

Í grein Vals Ingimundarsonar, prófessors í sagnfræði, um samskipti Íslands við Bandaríkin í ritsafninu *Uppbrot hugmyndakerfis: Endurmótun utanríkisstefnu 1991-2007* kemur fram að lokun herstöðvarinnar hafi verið liður í endurmati á varnar- og öryggishagsmunum Bandaríkjanna í ljósi atburðanna 11. september 2001. Það endurspeglaði hagsmunamat nýrra áhrifamanna í bandarísku þjóðfélagi sem töldu mikilvægt að tryggja yfirráð yfir olíuauðlindum og spyrna við uppgangi hryðjuverkahópa. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan herstöðinni var lokað. Það er augljóst að það eru brýnir hagsmunir Bandaríkjamanna að styrkja viðveru sína á Norður-Atlantshafi vegna vaxandi hernaðarumsvifa Rússa á þessum slóðum sem birtist í aukinni umferð rússneskra sprengjuflugvéla og kafbáta.

Aukin viðvera Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli rúmast innan gildandi varnarsamnings milli Bandaríkjanna og Íslands með þeim breytingum sem gerðar voru á honum í kjölfar brottfarar varnarliðsins árið 2006. Starfsmenn utanríkisráðuneytisins voru jafnframt snöggir til að árétta, þegar frétt um skýlið birtist, að engar viðræður ættu sér stað milli Íslands og Bandaríkjanna um varanlega staðsetningu bandarísks liðsafla á Íslandi.

Þótt Bandaríkjamenn endurbæti skýli fyrir flugvélar til að sinna eftirliti á Norður-Atlantshafi er mikilvægt að ráðamenn í Washington velkist ekki í neinum vafa um að umsvif þeirra á Íslandi verða ekki aukin nema með samþykki íslenska löggjafans. Bandaríkjamenn geta ekki gengið að því sem vísu að þeir geti snúið hingað aftur þótt þeir hafi átt gott samstarf við Íslendinga á vettvangi NATO.

Bandaríkjamenn tóku einhliða ákvörðun um lokun herstöðvarinnar í Keflavík. Það var smánarleg framkoma gagnvart lítilli vinaþjóð, sameiginlegum stofnaðila í Atlantshafsbandalaginu. Í þessu sambandi skipta fjárhagslegar hagsbætur sem Íslendingar nutu af veru hersins gegnum áratugina ekki neinu máli.

Að þessu sögðu er mikilvægt að ríkisstjórnin hafi sterkt taumhald á embættismönnum utanríkisráðuneytisins og dragi línu í sandinn til að árétta að Bandaríkjamenn geti ekki leitað í öryggisfaðm Íslendinga þegar þeim hentar.

**Bandaríkjamenn tóku einhliða ákvörðun um lokun herstöðvarinnar í Keflavík. Það var smánarleg framkoma gagnvart lítilli vinaþjóð.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Kaninn er kominn!**
Allt ætlaði um koll að keyra þegar fregnir bárust af því að Bandaríkjaher ætlaði sér að lappa upp á flugskýli við gömlu herstöðina. Fólk froðufelldi á samfélagsmiðlum líkt og Sámur frændi væri kominn til landsins með allt sitt alvæpni. En hefði fólk lesið fréttina er um að ræða óvopnaða flugvél sem er til þess útbúin að hafa uppi á kafbátum við Íslandsstrendur. Enn fremur er þetta fróðlegt í ljósi þess að álíka flugvél frá Bandaríkjaher sinnir nú þegar slíku loftrýmiseftirliti. Því var úlfúð gærdagsins í raun út af ástandi sem hefur verið viðvarandi í nokkur ár án þess að almenningur bylti sér.

**Glórulaust skúffufé**
Fréttablaðið birti í gær umfjöllun um skúffufé ráðherra. Skúffuféð hefur um árabil verið einhver glórulausasti fjáraustur stjórnvalda, ekki fyrir þær sakir að verkefnin sem styrkt eru séu slæm heldur að styrkþegar eru upp á náð ráðherra komnir. Í fjárlögum ársins 2016 er gert ráð fyrir að skúffuféð verði 40 milljónir króna. Til samanburðar hefur æskulýðssjóður úr níu milljónum króna að moða á sama tíma. Væri ekki betri ráðstöfun á skúffufénu að eftirláta fyrirbæri eins og æskulýðssjóði að úthluta fjármagninu með faglegum aðferðum í góð verkefni víða um land og óháð kjördæmum stjórnmálamanna?
**stefanrafn@frettabladid.is**

# Dagur íslenska táknmálsins



Heiðdís Dögg Eiríksdóttir
formaður Félags heyrnarlausra og hjúkrunarfræðingur

Dagur íslenska táknmálsins er í dag, 11. febrúar á afmælisdegi Félags heyrnarlausra. Í huga okkar sem tilheyrum táknmálssamfélaginu er þetta hátíðardagur. Í tilefni dagsins verður hátíðardagskrá í Tjarnarbíói sem er í umsjón Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og Félags heyrnarlausra með stuðningi frá Landsbanka og Reykjavíkurborg.

Á degi íslenska táknmálsins fyrir ári var ákveðið að frá og með þeim degi og fram að degi íslenska táknmálsins í dag yrði það ár táknmálstalandi barna. Áhersla hefur verið lögð á að efla málumhverfi íslenska táknmálsins og auka aðgang barna að menningu og málsamfélagi íslenska táknmálsins. Í dag fáum við að njóta afrakstursins á ýmsum sviðum s.s í leiklist, myndlist, stuttmynd og fleira á barnamenningarhátíðinni sem fram fer í dag í Tjarnarbíói.

Málnefnd um íslenskt táknmál hefur í árlegum skýrslum sínum bent á að efla þurfi veg íslenska táknmálsins þannig að það fái að blómstra um ókomna tíð. Stjórnvöld og við sem erum málhafar íslenska táknmálsins þurfum að tryggja táknmálstalandi börnum ríkulegt málumhverfi. Barni sem fær að alast upp við ríkulegt táknmálsumhverfi gefst tækifæri til að tileinka sér íslenskt táknmál og er aðgengi þess að málsamfélaginu samofið möguleika þess til menntunar og þátttöku í samfélaginu. Aðgengi að málsamfélagi íslenska táknmálsins og menningu þess styrkir sjálfsmynd barns og býr það betur undir lífið.

Rannsóknir hafa víða sýnt fram á að sá einstaklingur, sem reiðir sig á táknmál í daglegu lífi, er mun betur í stakk búinn til að takast á við hindranir ef hann er daglega í ríkulegu táknmálsumhverfi. Hann hefur ívið fleiri bjargráð til að komast yfir hindranir sem samfélagið setur og hefur mun meira sjálfstraust til að takast á við lífið og samfélagið.

Ég óska öllum til hjartanlega hamingju með dag íslenska táknmálsins og hvet alla landsmenn til að leggja sig fram um að íslenska táknmálið fái að blómstra um ókomna tíð.

**Aðgengi að málsamfélagi íslenska táknmálsins og menningu þess styrkir sjálfsmynd barns og býr það betur undir lífið.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Tóbaksvarnir og vísindi

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Fimmta hvert dauðsfall fullorðinna karlmanna á Indlandi má rekja til reykinga og 20. hvert dauðsfall meðal indverskra kvenna. Þetta gerir næstum milljón dauðsföll á ári. Þannig getum við rakið kapalinn land úr landi. Tóbak er skaðlegt.

Hagfræðingar kunna nú betur en áður ráð til að meta áhrif verðlagningar og skattlagningar á tóbaksverð til að svara spurningum eins og þessari: Hversu mikið þarf að hækka tóbaksskatta til að draga svo og svo mikið úr reykingum? Angus Deaton, skozkur prófessor í Princeton-háskóla, hlaut Nóbelsverðlaun í hagfræði í fyrra m.a. fyrir að búa til betri aðferð til að meta slík áhrif en áður hafði þekkzt. Þetta er gagnleg vitneskja. Frakkar reyktu sex sígarettur á mann á dag 1990 eins og Indverjar. Frönskum stjórnvöldum tókst að lækka töluna niður í þrjár sígarettur á mann á dag 2005 með því að þrefalda sígarettuverð með skattlagningu. Þreföldun verðs á sígarettum dró sem sagt úr reykingum um helming. Lungnakrabbatíðni hríðlækkaði.

### Smart að reykja

Fram til 1964 þótti smart að reykja. Fræg auglýsing frá Chesterfield sýndi prúðbúið par á bekk þar sem hann sést kveikja sér í og hún segir: Blástu reyknum á mig.

Í árdaga sígarettunnar um aldamótin 1900 reyktu Bandaríkjamenn 50 sígarettur á mann á ári. Munntóbak var þá miklu algengara, einnig vindlar. Árið 1930 var talan komin upp í 1.400 sígarettur á mann 18 ára og eldri og 3.300 árið 1950 skv. upplýsingum landlæknis Bandaríkjanna. Lungnakrabbi breiddist út eins og eldur í sinu. Árið 1930 dró lungnakrabbi 3.000 Bandaríkjamenn til dauða og 18.000 manns 1950. Læknar lögðust yfir tölurnar. Bandarískur læknir og læknanemi báru tæplega 700 sjúklinga með lungnakrabba við jafnstóran hóp sambærilegra sjúklinga án krabbameins í lungum og komust að því að reykingar voru 7,5 sinnum tíðari í fyrri hópnum. Þegar læknirinn sá niðurstöðuna hætti hann sjálfur að reykja. Brezkir læknar drógu sömu ályktun af sínum gögnum. Þetta var 1950. Rannsóknir á sambandi tóbakstjöru og krabba bar að sama brunni. Tölurnar hér eru sóttar í nýja bók Phishing for Phools eftir George Akerlof og Robert Shiller sem báðir hafa hlotið Nóbelsverðlaun í hagfræði.

Tóbaksfyrirtækjunum var ekki skemmt. Þau andmæltu þó ekki niðurstöðum vísindamannanna, heldur gripu þau til þess ráðs að reyna að sá efasemdum meðal almennings. Þau tefldu fram vísindamönnum sem héldu því fram að ekki hefði tekizt að færa sönnur á sambandið milli reykinga og krabba. Þau settu á laggirnar stóra rannsóknastofnun þar sem vísindamenn undir forustu Clarence Little, sem hafði áður verið háskólarektor í Maine og Michigan, héldu því fram fullum fetum að lungnakrabbi væri bundinn við erfðir og því allsendis

> **Frakkar reyktu sex sígarettur á mann á dag 1990 eins og Indverjar. Frönskum stjórnvöldum tókst að lækka töluna niður í þrjár sígarettur á mann á dag 2005 með því að þrefalda sígarettuverð með skattlagningu. Þreföldun verðs á sígarettum dró sem sagt úr reykingum um helming. Lungnakrabbatíðni hríðlækkaði.**

óháður umhverfisáhrifum og þá um leið reykingum. Þegar þeim var ekki lengur stætt á þeim málflutningi, tóku Little og félagar hans að halda því fram að ágreiningur væri um málið meðal vísindamanna líkt og sumir halda því nú fram að ágreiningur sé um hlýnandi loftslag, miklahvell o.fl.

### Straumhvörf 1964

Landlæknir Bandaríkjanna skakkaði leikinn 1964 og skákaði tóbaksfyrirtækjunum til hliðar um skeið þegar hann kynnti almenningi nýjar rannsóknir á sambandi reykinga og dauðsfalla í Bandaríkjunum, Kanada og Bretlandi. Þær tóku af tvímæli um sambandið milli tóbaksreykinga og lungnakrabba og ýmissa annarra sjúkdóma. Tóbaksfyrirtækin létu sér ekki segjast. Þau beittu málsfrelsisákvæðum stjórnarskrárinnar til að standa á rétti sínum til að auglýsa tóbak. Andstæðingar reykinga áttu krók á móti bragði: þeir sýndu myndir af brunnum lungum í sjónvarpsauglýsingum og fengu tóbaksfyrirtækin þannig til að falla frá auglýsingum í útvarpi og sjónvarpi en ekki á prenti. Andstæðingum tókst einnig að knýja fram bann við reykingum á almannafæri, m.a. í veitingahúsum og á vinnustöðum, fyrst í Arizona 1973 og síðan í 27 öðrum fylkjum.

### Stríðið stendur enn

Þegar skýrsla landlæknis Bandaríkjanna var birt 1964 reyktu 42% fullorðinna Bandaríkjamanna, 53% karla og 31% kvenna. Meðaltalið var tæplega hálfur annar pakki á dag. Nú reykja 18% Bandaríkjamanna, 20% karla og 15% kvenna. Meðaltalið er tæpur pakki á dag. Þetta er framför. Eigi að síður telja bandarísk yfirvöld að fimmta hvert dauðsfall þar vestra 2005-2009 megi rekja til tóbaksreykinga. Um fjórðungur fulltíða Frakka, Kínverja og Þjóðverja reykir sígarettur og rösklega þriðji hver Rússi. Íslendingar og Norðmenn reykja mun minna en Bandaríkjamenn, Danir, Finnar og Svíar. Fjórir af hverjum fimm reykingamönnum heimsins búa í fátækum löndum.

# Aukin áfengisneysla



Helga María Guðmundsdóttir
hjúkrunarfræðingur á slysa- og bráðadeild

Staðreyndin er einföld, því meira aðgengi, þeim mun meiri neysla. Þessa staðhæfingu er einfalt að sanna. Sem dæmi er það ekki að ástæðulausu að matvöruverslanir hafa sælgæti alveg við búðarkassana. Þarna fara allir fram hjá sem eiga leið inn í verslunina og er sælgætið selt í stykkjatali sem gerir það auðveldara fyrir fólk að láta undan freistingunni. Með því að hafa sælgætið aðgengilegt þá eru auknar líkur á sölu.

Það sama á við um áfengi. Án þess að áfengir drykkir hafi verið leyfðir í matvöruverslunum þá hefur áfengisneysla aukist töluvert frá árinu 1980. Árið 1980 voru seldir 11,4 lítrar af áfengum drykkjum á hvern íbúa, en árið 2007 voru seldir 79,7 lítrar á hvern íbúa. Salan á áfengi mun að öllum líkindum magnast enn meira við aukið aðgengi. Aukin sala á áfengi þýðir aukna neyslu. Aukin neysla á áfengi er almenningi ekki í hag.

### Kostir og ókostir

Í greinargerð frumvarpsins eru nefndir nokkrir kostir við að afnema einkaleyfi ÁTVR á smásölu áfengis. Þar er nefnt að almenningur þarf ekki að ferðast jafn langt til þess að nálgast veigarnar, sem getur verið kostnaðarsamt. Einnig að dýrt sé að dreifa áfengi um landsbyggðina og að verslunarhúsnæði verði betur nýtt.

En ókostirnir? Peningar eiga ekki að vera í umræðunni þegar talað er um kosti og ókosti áfengisneyslu. Þeir eru aukaatriði. Áfengisneysla er áhættuþáttur í nánast öllum sjúkdómum og heilsufarskvillum. Áfengisneysla hefur gríðarlega slæm áhrif á taugakerfið, hjarta- og æðakerfið, meltingarkerfið og innkirtlakerfið svo eitthvað sé nefnt. Áfengi er vímuefni og mikil áfengisneysla er mjög skaðleg bæði á líkama og sál. Þetta vitum við. Við kaupum ekki betri heilsu.

### Hvað erum við að gera rétt?

Ísland er hluti af alþjóðlegu rannsókninni The European School Survey Project on Alcohol and Other Drugs (ESPAD). Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar frá árinu 2011 sagðist tæplega fjórðungur ungmenna hafa orðið drukkinn á ævinni eða 23% drengja og 24% stúlkna. Þetta var lægsta hlutfallið af þeim 18 löndum sem tóku þátt í rannsókninni. Meðaltalið hjá hinum þátttökulöndum í rannsókninni var 50,7% hjá drengjum og 49,3% hjá stúlkum eða um helmingslíkur.

Ein af aðalástæðum þess hve unglingadrykkja er lítil á Íslandi í samanburði við önnur Evrópulönd er sú, að hér á landi þurfa ungmenni að ná tuttugu ára aldri til þess að mega kaupa og neyta áfengis, en í flestum öðrum Evrópulöndum þarf aðeins að ná átján ára aldri. Með því að minnka aðgengi að áfengi fyrir ungmenni er stuðlað að því að dregið sé úr neyslunni. Það á ekki að finna leiðir til þess að auka áfengisneyslu heldur til að draga úr henni.

### Heimildir

*European Monitoring Centre for Drugs and Drug Addiction (2011). The 2011 ESPAD Report. Sótt 29. janúar af http://www.espad.org/Uploads/ESPAD_reports/2011/The_2011_ESPAD_Report_FULL_2012_10_29.pdf*

*Hagstofan. Áfengisneysla 1980-2007. Sótt 31. janúar af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__heilbrigdismal__lifsvenjur_heilsa__afengiogreyk/VIS05120.px/?rxid=4e5794bb-793d-413c-8b88-0494-cab0b630*

## ANNUAL GENERAL MEETING OF CCP HF.



The annual general meeting of CCP hf., company no. 450697-3469, will be held on February 25, 2016, at the company's headquarters at Grandagarður 8, Reykjavík, starting at 14:00 GMT.

**AGENDA:**

The agenda for the meeting shall be the usual items of business according to article 4.07 of the Articles of Association, including:

1. Report on the company's state and activities during the 2015 calendar year;
2. Review and request for approval of the company's consolidated financial statements for the year ending December 31, 2015;
3. Decision on the disposal of the company's profit or loss for the year ended December 31, 2015;
4. Decision on remuneration of the members of the Board of Directors;
5. Proposals for amendments of the Articles of Association;
6. Election of the Board of Directors;
7. Election of the auditors; and
8. Other business lawfully brought to the meeting.

At this time, the company does not expect any proposals for amendment of the Articles of Association.

It is specially indicated that candidates for the Board of Directors need to send notice in writing of their candidacy to the company's headquarters at least five days prior to the annual meeting.

The agenda, financial statements, and any other final proposals will be available on view for shareholders at the company's offices from February 18, 2016, seven days prior to the annual general meeting.

The meeting will be in English.

**CCP's Board of Directors**

CCP

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

HVERNIG Á AÐ EFLA EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU?

12. febrúar kl. 12-14

Innanríkisráðuneytið í samstarfi við Lagadeild Háskólans í Reykjavík og Lagadeild Háskóla Íslands efnir til málþings föstudaginn 12. febrúar nk. kl. 12-14 um eftirlit með lögreglu.
**Málþingið verður haldið í stofu V-101 á 1. hæð í Háskólanum í Reykjavík, Menntavegi 1.**

**Dagskrá:**

@haskolinn
#haskolinnrvk

12:00-12:10
Ávarp innanríkisráðherra

12:10-12:30
Kynning á skýrslu nefndar innanríkisráðherra um meðferð kvartana og kærumála á hendur lögreglu
Ragnheiður Harðardóttir, héraðsdómari og formaður nefndarinnar

12:30-12:50
Eftirlit með lögreglu - reynsla og framtíðarsýn
Sigríður Friðjónsdóttir, ríkissaksóknari

12:50-13:10
Eftirlit með lögreglu - reynsla og framtíðarsýn
Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna

13:10-13:30
Skipulag eftirlits með lögreglu
Trausti Fannar Valsson, dósent við Lagadeild HÍ

13:30-14:00
Umræður
Sigurður Tómas Magnússon, atvinnulífsprófessor við Lagadeild HR er fundarstjóri og stýrir umræðum.

**Málþingið er öllum opið og aðgangur er ókeypis.**
Nánar á hr.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ




# Af menntun og skólahaldi í fangelsum



Gylfi Þorkelsson
kennslustjóri FSu í fangelsum



Árið 2008 skilaði nefnd skipuð fulltrúum frá mennta- og dómsmálaráðuneytum, Fangelsismálastofnun og Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSu) tillögum að stefnumótun í menntunarmálum fanga. Nefndinni var falið að huga sérstaklega að fjarkennslu gegnum Netið, verkmenntun, menntun erlendra fanga og þeim sem fallið hafa út úr skyldunámi.

Helstu niðurstöður nefndarinnar voru að nám í fangelsum gegndi lykilhlutverki í endurhæfingu. Leggja bæri áherslu á að kynna fyrir föngum námsmöguleika, meta fyrra nám og raunfærni, bjóða öfluga sérkennslu og einstaklingsmiðaða ráðgjöf. Lykilatriði til árangurs væri góð aðstaða til náms í öllum fangelsum, ekki síst aðstaða til verknáms og starfsþjálfunar, föngum verði tryggður aðgangur að náms- og starfsráðgjöf, tölvum, bókasafni og nettengingu þar sem það á við og heimild til netnotkunar verði rýmkuð í lögum. Þá lagði nefndin það til að áratuga reynsla FSu af kennslu í fangelsum yrði nýtt áfram, og þannig að föngum almennt standi til boða að stunda nám, þ.e. að skólinn verði „móðurskóli“ fyrir menntun fanga á Íslandi.

Sumum tillögunum var þegar komið á koppinn. Af þeim er mest um vert stöðugildi náms- og starfsráðgjafa við FSu sem eingöngu vinnur að málefnum fanga. Að stærstum hluta er það nýtt á Litla-Hrauni og Sogni. Þar hefur starfsmaður fasta viðveru en sinnir einnig föngum í Hegningarhúsinu á Skólavörðustíg. Hluti stöðugildisins nýtist föngum á Kvíabryggju og Akureyri. Ráðning náms- og starfsráðgjafa er stærsta framfaraskrefið í menntunarmálum fanga í langan tíma.

> **Ef alvara fylgir umræðu um betrunarvist í fangelsum í stað refsivistar, og að menntun sé besta betrunarúrræðið, þá er lag að auka fjölbreytni og bæta verulega aðstöðu fanga til náms, án óhóflegs tilkostnaðar.**

Fleira mætti segja í viðunandi farvegi. Það sem enn hefur þó lítt eða ekki verið brugðist við lýtur að aðstöðu til verknáms og starfsþjálfunar, og hæpið er að halda því fram að öflug sérkennsla sé í boði fyrir fanga, þó mikilvæg sé.

Engin sérstök aðstaða til náms er á Kvíabryggju og mjög takmörkuð á Akureyri en í skólanum á Litla-Hrauni og Sogni er aðstaðan að mörgu leyti góð hvað bóknám varðar. Þar er bæði námsver fyrir háskólanema og tölvuver sem nýtist vel til fjarnáms við ýmsa skóla.

Við FSu er hálft stöðugildi fyrir kennslustjóra í fangelsum sem sér um skipulagningu náms og kennslu á Litla-Hrauni og Sogni. Auk hans sinna sex kennarar staðnámi á Litla-Hrauni og þrír á Sogni. Fimm aðrir kennarar við FSu voru með fanga í fjarnámi á síðustu önn og fangar stunda einnig fjarnám við Tækniskólann og FÁ.

**Lag að auka fjölbreytni**

Alls innritaðist í nám á Litla-Hrauni og Sogni 71 nemandi á haustönn 2015. Þar af voru fimm í háskólanámi, en hinir 66 voru skráðir í 43 mismunandi námsáfanga. Nemendur koma og fara á önninni, en þegar mest var taldi kladdinn 53 nemendur, þar af 42 á Litla-Hrauni, en þess má geta að skólastofan þar rúmar 15 nemendur og tvísetja varð því skólann í þremur grunngreinunum.

Af þessari litlu tölfræðisamantekt má sjá að töluvert er umleikis í menntamálum fanga. Margir hafa líka náð góðum námsárangri, sumir afburðaárangri. Hefðbundið bóknám hefur verið í fyrirrúmi, en brýnast til framtíðar litið er að fylgja ráðum fyrrgreindrar nefndar og bæta aðstöðu til verknáms og starfsþjálfunar og að koma á öflugri sérkennslu.

Tiltölulega einfalt ætti að vera að nýta húsakost á Litla-Hrauni betur til að bjóða upp á fjölbreyttari verkmenntun. Það þyrfti ekki að kosta mikið. Ef alvara fylgir umræðu um betrunarvist í fangelsum í stað refsivistar, og að menntun sé besta betrunarúrræðið, þá er lag að auka fjölbreytni og bæta verulega aðstöðu fanga til náms, án óhóflegs tilkostnaðar.

Að lokum má minna á að innan skamms verður tekið í notkun nýtt fangelsi á Hólmsheiði. Þau tímamót er upplagt að nýta til allsherjar stefnumótunar í fangelsismálum, þar sem menntun fanga yrði í forgrunni.

# Pósturinn Páll

Pistillinn Jón Gnarr

Einsog margir aðrir Íslendingar þá fæ ég stundum pakka senda frá útlöndum. Ég kaupi mér stundum eitthvert smáræði á netinu og læt senda mér það. Stundum fæ ég gjafir frá vinum sem búa erlendis. Svo hafa bækur mínar verið þýddar á nokkur tungumál og í hvert skipti sem bók kemur út fæ ég send fimm eintök. En sjaldnast og eiginlega bara aldrei nær þetta dót heim til mín af sjálfsdáðum. Þessu fylgir alltaf smá vesen.

Ég skil ekki póstkerfið hér á Íslandi. Ég fæ reglulega miða innum lúguna hjá mér frá Póstinum. Yfirleitt segja þeir „Því miður var ekki hægt að koma sendingu til skila“ og ég geti sótt hana á næsta pósthús. Ég veit ekkert hvað þetta þýðir. Afhverju var það ekki hægt? Gerði ég eitthvað rangt? Eða var eitthvað sem ég gerði ekki? Ég hef ekki hugmynd um það. Stundum hef ég verið heima þegar þessir miðar koma innum lúguna. Ég man bara hreinlega ekki eftir því að hafa fengið pakka sendan heim til mín með Póstinum. Ég þarf alltaf að fara niður á pósthús og sækja hann. Til að sækja suma pakka þarf ég að keyra uppá Höfða. Ég skil ekki alltaf afhverju.

Ég þarf eiginlega að sækja alla „stóra“ pakka þangað og flest sem ég panta mér af netinu. Þetta hefur valdið mér töluverðu ónæði. Þetta getur verið tímafrekt vesen. Og ég get ekki munað að pósthúsið er lokað á laugardögum. Þegar ég bjó í Houston síðasta vetur þá kynntist ég allt öðruvísi þjónustu. Ég fékk oft pakka senda. Einn til tvo á viku. Stundum hringdi dyrabjallan og samviskusamur póstútburðarmaður afhenti mér bók eða barnaföt sem ég hafði pantað mér á netinu. Jafnvel steikarpannan var afhent mér persónulega við útidyrnar. Og ég var ekki að leyfa mér lúxus einsog FedEx eða DHL, bara venjulega US Mail.

Stundum, ef ég var ekki heima, var miði í póstkassanum um að pósturinn hefði komið en enginn verið heima, en hann mundi ekki gefast upp á mér og mundi koma aftur seinna um daginn. Á miðanum var boðið uppá að haka við ef maður vildi að pakkinn yrði skilinn eftir á útitröppunum. Ég gerði það oft. Þá beið pakkinn bara við útidyrnar þegar ég kom heim. Þetta fannst mér mjög þægileg og góð þjónusta. Ég þurfti aldrei að fara á pósthús til að sækja sendingu. Hvernig fær maður svona þjónustu á Íslandi? Ég nenni samt ekki að keyra uppá Höfða.

> **Ég man bara hreinlega ekki eftir því að hafa fengið pakka sendan heim til mín með Póstinum. Ég þarf alltaf að fara niður á pósthús og sækja hann. Til að sækja suma pakka þarf ég að keyra upp á Höfða. Ég skil ekki alltaf afhverju.**



KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!



# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!




15% afsláttur

1399 kr. kg

Verð áður ~~1658~~ kr. kg

Íslenskt lambalæri, hvítlauks & rósmarín




## la, la, la... Lamba!

1399 kr. kg

Verð áður ~~1658~~ kr. kg

Íslenskt lambalæri, pipar-, kolagrill-, New York- og kryddmarinerað




1556 kr. pk.

Danskar kjúklingabringur, 900g

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

AFGREIDSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

KYNNINGARBLAÐ

# FÓLK



## Veikur fyrir yfirhöfnum og skóm

**Sindri Snær Jensson, annar eigandi Húrra Reykjavík, vill heldur vera svalur en fínn. Hann er líklegur til að mæta í strigaskóm í fínt partí og getur allt eins verið í sömu fötum á mánudegi og úti á lífinu.** SÍÐA 4



# KAFLASKIPTUR Í KLÆÐNAÐI

**Þrátt fyrir tískuáhugann segist Örn Elí ekki alltaf fylgja tískunni heldur velja það sem klæði hann vel. Stíll hans hefur þróast á þrjá vegu og hver þeirra hefur ákveðið tilfinningalegt gildi fyrir hann.** FRAMHALD Á SÍÐU 2

Útskriftardressið er frá ASOS nánast í heild sinni að frátöldum buxunum sem eru frá Hennes & Mauritz í Þýskalandi. Skórnir eru stór partur af heildarmyndinni en þeir líkjast helst slönguskinni með dassi af glimmeri. Dressið lítur fáránlega vel út þegar jakkinn er óhnepptur og líkaminn í anatómískri stöðu. MYND/HANNA


LOKAÚTSALA
70% afsláttur
Netverslun á tiskuhus.is
My Style tískuhús
Stærðir 38-52
my style
Bæjarlind 1-3
201 Kópavogur
s: 571-5464


VERÐHRUNIÐ ER HAFIÐ!
60%
AFSLÁTTUR
hjá Hafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



Fóðraður gallajakki úr Levi's Akureyri ásamt fjórlitu skyrtunni. Rifnar Stretch Jeans buxur frá Hennes & Mauritz í London. Skóna keypti Örn Elís í Armani-outletti á leið til Veróna.

Það var kvikmyndin Zoolander með Ben Stiller sem kveikti áhuga Arnar Elíss Gunnlaugssonar á tísku þegar hann var lítill polli á Ólafsfirði. Nokkrum árum síðar, þegar hann var á síðasta ári í grunnskóla, fór hann þó fyrst að nenna að klæða sig almennilega upp fyrir skólann að eigin sögn. „Í fyrstu var ég mikið að vinna með skyrtu innan undir prjónaðar peysur ásamt trefli sem fylgdi með mörgum öðrum dressum á þeim tíma. Síðan hefur þetta þróast út í þrjá stíla en hver þeirra hefur ákveðið tilfinningalegt gildi fyrir mig og því er klæðnaður minn frekar kaflaskiptur."

Í dag er Örn Elí 19 ára gamall og búsettur á Laugarvatni þar sem hann stundar íþróttafræðinám við Kennaraháskóla Íslands. Helstu áhugamál hans eru fótbolti og þjálfun auk tónlistar, kvikmynda og gleðskapar af flest öllu tagi.

**ÚT Á LÍFIÐ EÐA TIL ÖMMU**

Hann lýsir stíl sínum þannig að stundum sé hann frábrugðinn öðrum en aðra stundina ekki. „Ég klæði mig á misjafnan hátt en þó oftast svona nokkuð fínt og reyni að vera snyrtilegur. Stíllinn segir „ég er tilbúinn að henda mér út á lífið eða jafnvel kíkja í heimsókn til ömmu og afa". Hann hentar því í mörgum tilfellum."

Þrátt fyrir tískuáhugann segist hann ekki alltaf fylgja tískunni heldur velji það sem klæði hann vel og þá jafnvel föt sem aðrir myndu ekki þora að ganga í. „Það gæti alveg eins verið eitthvað frá steinöld eða eitthvað sem er jafnvel ekki enn þá dottið inn hjá „mainstream" fólkinu. Að öðru leyti fylgist maður helst með tískunni gegnum veraldarvefinn en auðvitað sér maður eitthvað ferskt úr sjónvarpsþáttum, viðtölum við stjörnurnar eða eitthvað álíka og mótar kannski smá stíl út frá því."

Sjálfur hefur hann áhuga á að starfa við eitthvað tengt tísku þegar námi lýkur. „Ekki spurning. Ég hef meira að segja undanfarna 2-3 mánuði verið að spá í því að fá félaga með mér í að reyna að stofna eigin fatalínu, annaðhvort undir mínu nafni eða okkar. Það er eitthvað sem er enn í skoðun og þarfnast meiri umhugsunar."

**SPARAR SEÐLANA**

Þrátt fyrir tískuáhugann segist Örn ekki eyða miklum peningum í föt, a.m.k. miðað við jafnaldra sína. „Ég reyni að spara mér seðlana svo að ég eigi bleðla eftir skóla og passa að leggja meira inn en ég tek út. Ég eyði þó alveg slatta í föt en ekki næstum því jafn miklu og ég myndi sjálfur vilja. Sparnaðarráð Gerðar mömmu koma sér því vel fyrir og hjálpa allsvakalega."

Hann stefnir hátt að eigin sögn og er búinn að setja sér ákveðin markmið sem hann segist ætla að standa við. „Fyrst mun ég ljúka við námið hér á Laugarvatni sem ég tel vera fínt fyrsta skref. Áður en aldursklukkan slær 25 sé ég fram á að vera kominn með kennsluréttindi sem íþróttakennari ásamt því að klára einkaþjálfarann, næringarfræðinginn og KSÍ-þjálfararéttindi. Að því loknu langar mig að sérhæfa mig í íþróttasálfræði því að ég hef áhuga á því að vinna með krökkum og vil hjálpa þeim sem hjálpina þiggja. Ég tel mig geta gert gott mót þar en hvað framtíðin ber í skauti sér eftir allt þetta er mér hulin ráðgáta enn sem komið er."



Hér klæðist Örn Elí skyrtu úr Pull and Bear, Longline bol frá Zara á Benidorm, Stretch Jeans gallabuxum og leðurstígvélum frá Hennes & Mauritz í París.









# GOTT AÐ EIGA

Þótt veðrið hafi verið skaplegt undanfarna daga þá er veturinn langt frá því að vera liðinn. Það er því enn hægt að bæta fallegum vetrarflíkum við í fataskápinn. Hér eru nokkrir hlutir sem gott og gaman væri að eiga.

**1.** Kápa sem er hlý en um leið falleg. Þessi er frá French Connection.
**2.** Gervipels er það eina sem dugar á köldum og dimmum vetrarkvöldum þegar kíkt er út á lífið. Þessi er frá Miss Selfridge.
**3.** Það er leiðinlegt að vera kalt á tánum. Í þessum stígvélum frá Paige er sá vandi frá.
**4.** Húfa er möst á köldum degi. Gott er að hún sé frekar víð svo hárið verði ekki klesst undir henni.
**5.** Til að létta lundina í myrkrinu er sniðugt að splæsa í fallega rauða skó. Eins og þessa frá Guess.




## TARAMAR NIGHT TREATMENT FORSÝNING: HAGKAUP KRINGLUNNI OG SMÁRALIND Í DAG KL. 15–21, FÖSTUDAG OG LAUGARDAG KL. 13–17.

**TARAMAR Night Treatment** er nýtt íslenskt næturkrem sem nærir og endurnýjar húðina meðan þú sefur. Kremið styrkir húðfrumur, örvar myndun collagens og húðin verður geislandi slétt og silkimjúk.

**TARAMAR Night Treatment kemur í verslanir 14. mars.**

**TARAMAR** beitir sérþróuðum aðferðum til að einangra öflug lífvirk efni úr sjávarfangi og lífrænt ræktuðum lækningajurtum. Við notum engin ertandi eða skaðleg efni, engin hefðbundin rotvarnarefni og engin efni úr erfðabreyttum jurtum. Notkun með **TARAMAR The Serum** skilar bestum árangri.




**Sölustaðir TARAMAR: Leifsstöð Duty Free, Hagkaup Kringlunni og Smáralind, Lyf & heilsa og Gló** | **taramar.is**












Sindri Snær Jensson hefur spáð í tísku og föt í langan tíma enda starfað í tískubransanum í tólf ár. MYND/ERNIR

# VILL HELDUR VERA SVALUR EN FÍNN

**Sindri Snær Jensson** væri líklegur til að mæta í fínt partí í strigaskóm, hettupeysu og jakka enda segir hann föt ekki einskorðast við tilefni.

Sindri Snær Jensson, annar eigandi Húrra Reykjavík og fótboltamaður með KR, hefur starfað lengi í tískubransanum og spáir því mikið í föt og tísku almennt. Hann segir að hans persónulegi stíll sem sé afslappaður með áherslu á spennandi snið og framúrskarandi efni, hafi orðið einfaldari með árunum. „Það tekur ekki langan tíma að klæða sig á morgnana. Þegar ég var yngri var þetta oft heljarinnar mál að setja saman outfit fyrir daginn.“

### HVERNIG KLÆÐIR ÞÚ ÞIG HVERSDAGS?

Ég er mikill áhugamaður um skó og á stórt safn af strigaskóm. Ég vel oftast klæðnað dagsins eftir því hvaða skóm ég ætla að vera í og eru hvítir strigaskór eitthvað sem ég nota alltaf. Þessa dagana er ég mikið í svörtu og er með mikla áráttu fyrir hettupeysum.

### HVERNIG KLÆÐIR ÞÚ ÞIG SPARI?

Húrra Reykjavík hugmyndafræðin gengur að miklu leyti út á að föt einskorðist ekki við ákveðin tilefni. Ég gæti verið í sömu fötunum á mánudegi jafnt sem úti á lífinu á laugardagskvöldi. Ég vil frekar vera svalur heldur en fínn.

### HVERJAR ERU ÞRJÁR MEST NOTUÐU FLÍKURNAR Í SKÁPNUM?

Svört hettupeysa frá Carhartt, svört merino-rúllukragapeysa frá Libertine-Libertine & svartur ullarfrakki frá Han Kjøbenhavn.

### HVAÐ VEITIR ÞÉR MESTAN INNBLÁSTUR?

Ferðalög veita mér tvímælalaust mestan innblástur. Ég ferðast mikið vegna vinnu og þá er einnig mikið um ferðalög tengd fótboltanum. Stundum verð ég líka algjörlega heltekinn af kvikmyndum, get nefnt Her sem dæmi. Eftir að ég sá þá mynd langaði mig bara í háar buxur.

### HVER ER UPPÁHALDSFLÍKIN ÞÍN?

Uppáhaldsflíkin mín allra tíma er hvít skyrta frá Libertine-Libertine. Það merki gerir einfaldlega bestu skyrturnar. Þessa dagana er ég þó að elska hvíta hettupeysu frá Han Kjøbenhavn, er passa mig á að nota hana ekki of mikið.

### UPPÁHALDSHÖNNUÐUR?

Ég verð að viðurkenna að ég hef aldrei spáð mikið í hátísku og hönnuðum. Ég hef alltaf verið meira fyrir vörumerki og hjá þeim vörumerkjum sem ég held upp á eru margir hönnuðir og reglulega skipt um þá. Uppáhaldsmerkin mín eru Norse Projects, Han Kjøbenhavn & Libertine-Libertine.

### HVERJU VERÐUR BÆTT VIÐ FATASKÁPINN FYRIR VORIÐ?

Ég get ekki beðið eftir að fá stuttermaskyrtur í búðina. Vorlínan frá Han Kjøbenhavn er líka gjörsamlega sturluð. Svo ætla ég að fá mér par af Yeezy Boost skóm í sumar.

### HVER ER HELSTI VEIKLEIKI ÞINN ÞEGAR KEMUR AÐ TÍSKU OG ÚTLITI?

Ég kaupi mér of mikið af yfirhöfnum og skóm, það er staðreynd.

### HVERS KONAR FYLGIHLUTI NOTARÐU?

Skartgripir er eitthvað sem ég hef aldrei notað, ég geng þó með úr frá Komono. Ég nota húfur og derhúfur mjög mikið dagsdaglega. Á veturna nota ég trefla og hanska alla daga. Það er sjúklega mikilvægt að eiga hlýja hanska, breytir öllu.

### ÁTTU ÞÉR TÍSKUFYRIRMYND?

Í mínu starfi hitti ég mikið af einstaklega svölu fólki. Ég á mér ekki beint fyrirmynd en sæki vissulega innblástur hjá því fólki sem ég hitti. Tíska er svo skemmtilegur iðnaður, maður er alltaf að læra og kann aldrei allt. Þróunin er stanslaus, það er engin endastöð.

### HVAÐ ER ANNARS HELST AÐ FRÉTTA?

Húrra Reykjavík blómstrar. Við erum að fara að opna verslun fyrir kvenfólk á þessu ári og munum áfram leggja allt okkar í sölurnar við að bjóða besta úrval af vörumerkjum alls staðar að úr heiminum. Svo vorum við að fá stimpilinn „Statement Account“ hjá Adidas sem þýðir að við erum eina verslunin á Íslandi sem hefur leyfi til að selja Yeezy skó sem Kanye West hannar. Ég spila einnig fótbolta með KR og framundan er æfinga- og keppnisferð til Orlando þar sem við mætum meðal annars New York FC sem státar af leikmönnum á borð við Andrea Pirlo, David Villa og Frank Lampard. Mjög spennandi að spila á móti þeim.

# RÝMINGARSALA

## Verslunin lokar




Allar vörur nú á **80%** afslætti!

# Lokadagar!

Fimmtudagur 10-21
Föstudagur 10-19
Laugardagur 10-18
Sunnudagur13-18

Vorum að bæta við vörum á rýmingarsöluna!

---

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777












Fölblár silkikjóll eftir Norman Hartnell sem Elísabet klæddist árið 1962 þegar hún tók á móti konungi Noregs.



Silkikjóll úr smiðju Johns Anderson sem drottningin klæddist við opinbert tilefni í Buckinghamhöll árið 1997.



Svartur silki- og flauelskjóll eftir Ian Thomas. Honum klæddist Elísabet í heimsókn sinni í Vatíkanið til Páls páfa II árið 1980.

# KONUNGLEGIR KJÓLAR ELÍSABETAR

**Elísabet Bretadrottning** fagnar níutíu ára afmæli sínu í apríl. Í tilefni af því verður efnt til þriggja sýninga á opinberum heimilum drottningarinnar á fötum sem hún hefur klæðst.

Yfirheiti sýninganna er „Fashioning a Reign“ en ýmsir aðrir viðburðir tengdir ævi drottningarinnar verða haldnir undir sama nafni.

Yfir 150 kjólar verða til sýnis en um er að ræða föt sem drottningin hefur klæðst við hátíðleg tilefni allt frá barnæsku og fram til dagsins í dag. Margir undurfallegir kjólar eftir þekkta breska hönnuði verða til sýnis. Til dæmis eftir Sir Norman Hartnell, Sir Hardy Amies and Ian Thomas.

Fyrsta sýningin verður opnuð í Holyroodhouse-kastala í Edinborg á afmælisdag drottningarinnar þann 21. apríl og mun hún standa fram í október.

Næsta sýning, og sú stærsta, verður í Buckingham-höll í sumar. Hún verður opnuð 23. júlí og stendur fram í október. Sú þriðja verður sett í í Windsor-kastala 17. september og stendur fram í janúar.



Elísabet heimsótti Bandaríkin árið 1957. Hér er hún með þáverandi varaforseta, Richard Nixon.



Hvít kápa eftir Stewart Parvin og hattur úr smiðju Philips Somerville. Þessu klæddist drottningin í garðveislu árið 2009.



Gylltur ballkjóll eftir Norman Hartnell sem drottningin klæddist í heimsókn sinni til Bandaríkjanna árið 1957.

112 NEYÐARNÚMERIÐ í 20 ÁR

11. febrúar 2016

# 112-dagurinn

## ER HALDINN UM LAND ALLT Í DAG












Ógnarkraftar náttúrunnar kalla á öflugan viðbúnað almannavarna og áfallaþolið samfélag. 112-dagurinn er helgaður almannavörnum. Við beinum sjónum ekki aðeins að hlutverki 112 og viðbragðsaðila heldur einnig að því hvernig almenningur tekur þátt í almannavörnum með viðbúnaði og viðbrögðum við vá. MYND/GVA

# Neyðarþjónusta í fremstu röð

**Neyðarnúmerið 112** þekkja flestir og líklega er það fyrsta númerið sem börnum er kennt að nota. Við viljum vita af númerinu. Við viljum hins vegar helst ekki þurfa að öðlast þá reynslu sem hringingin hefur í för með sér.

Áður en Neyðarlínan kom til hafði hver og ein lögregla og hvert og eitt slökkvilið eða sjúkralið eigið neyðarnúmer. Þetta voru 146 mismunandi númer um landið allt. Ekki var sjálfsagt að menn kynnu þessi númer og alls ekki ef þeir voru staddir fjarri heimaslóð þegar hringja þurfti á viðbragðsaðila. Með samræmdu neyðarnúmeri vita allir hvert skal hringja. Þessi ráðstöfun var framfaraskref. Mælingar hafa líka sýnt að þjónustan er vel metin.

Neyðarlínan sinnir miklu fleiri verkefnum en því að kalla til sjúkrabíla, slökkvilið eða lögreglu. Hún sinnir líka Vaktstöð siglinga og sjómönnum á hafi úti og getur sent viðeigandi aðstoð. Þá aðstoðar hún líka við að ná í barnaverndarnefndir þegar slík mál koma upp. Það er mikilvægt að við munum eftir þeirri leið.

Þá er vert að nefna að Neyðarlínan rekur neyðarfjarskiptakerfið Tetra sem hefur mesta útbreiðslu allra farneta á landinu. Félagið hefur unnið þrotlaust að uppbyggingu fjarskiptaaðstöðu um allt land í samvinnu við aðra hagsmunaaðila og stefnir Neyðarlínan að frekari uppbyggingu, einkum með öryggi ferðamanna í huga.

Neyðarlínan hefur alltaf lagt áherslu á hið víðtæka þjónustuhlutverk sitt. Það kemur vel fram í viðhorfinu sem felst í þessari ábendingu Neyðarlínunnar: Ekki hika – hringdu til öryggis. Þetta er mikilvægt. Ef við erum í vafa þá hringjum við og neyðarverðir geta aðstoðað á ýmsan hátt þó að ekki þurfi endilega að kalla til slökkvilið eða lögreglu.



> **Ekki hika – hringdu til öryggis**

Það er gott að vita af því að sérþjálfaðir starfsmenn Neyðarlínunnar eru tiltækir allan sólarhringinn. Þeir svara á stundinni. Þeir eru þjálfaðir í að meta ástandið. Þeir geta kallað til margs konar úrræði og aðstoð. Þeir leysa oft málin með því einu að tala við okkur og róa okkur. Þannig hefur neyðarnúmerið og allt sem þar er á bak við löngu sannað gildi sitt.

Ég vil að lokum óska Neyðarlínunni til hamingju með afmælisáfangann og hrósa stjórn og starfsmönnum hennar fyrir neyðarþjónustu í fremstu röð.

*Ólöf Nordal*

## 112-DAGURINN – VIÐ ERUM ÖLL Í ALMANNAVÖRNUM!

112-dagurinn hefur verið haldinn hér á landi samfleytt frá árinu 2005. Að þessu sinni er áhersla lögð á umfjöllun um almannavarnir. Sjónum er ekki aðeins beint að hlutverki 112 og viðbragðsaðila heldur einnig að því hvernig allur almenningur tekur þátt í almannavörnum með viðbúnaði og viðbrögðum við vá.

112-dagurinn er ævinlega haldinn 11. febrúar (11.2.). Hann er samstarfsverkefni Neyðarlínunnar og fjölda aðila sem tengjast neyðarnúmerinu með ýmsum hætti. Þeir eru: Barnaverndarstofa, Embætti landlæknis, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, Landhelgisgæslan, Landspítalinn, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Mannvirkjastofnun, Rauði krossinn, Ríkislögreglustjórinn, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og Vegagerðin.

**112 í 20 ár**

112-dagurinn hefur sérstaka þýðingu að þessu sinni því 1. janúar síðastliðinn voru liðin 20 ár síðan neyðarnúmerið 112 var tekið í notkun. Það leysti af hólmi 146 mismunandi neyðarnúmer viðbragðsaðila.

112 er samræmt neyðarnúmer Evrópu og er dagurinn haldinn víða um álfuna til að minna á að aðeins þarf að kunna þetta einfalda númer til þess að fá aðstoð í neyð.

Markmiðið með 112-deginum er að kynna neyðarnúmerið 112 og starfsemi aðilanna sem tengjast því, efla vitund fólks um mikilvægi þessarar starfsemi og hvernig hún nýtist almenningi. Markmið dagsins er enn fremur að efla samstöðu og samkennd þeirra sem starfa að forvörnum, björgun og almannavörnum og undirstrika mikilvægi samstarfs þeirra og samhæfingar.

11.2 EINN EINN TVEIR dagurinn



**Stöðufundur í Samhæfingarstöð almannavarna, stjórnandi stöðvarinnar (lengst t.v.) stýrir fundinum. Stöðufundir eru haldnir reglulega til að tryggja að allir sem starfa í stöðinni hafi nýjustu upplýsingar sem skipta máli vegna aðgerðarinnar sem unnið er að.** MYND/ÁGÚST GUNNAR GYLFASON

# Samhæfingarstöð almannavarna

Þegar áföll eins og hópslys eða náttúruhamfarir dynja yfir tekur almannavarnakerfið á Íslandi til við stýringu og samhæfingu björgunaraðgerða eða annarra aðgerða til að milda áhrif atburðanna. Um hundrað manns eru þjálfuð til starfa í Samhæfingarstöðinni.

„Stjórnstig almannavarna eru þrjú. Það eru vettvangsstjórnir, aðgerðastjórnir og svo Samhæfingarstöð almannavarna í Björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð í Reykjavík," útskýrir Ágúst Gunnar Gylfason umsjónarmaður Samhæfingarstöðvarinnar.

Hann segir **vettvangsstjórnir** í þéttbýliskjörnum stýra viðbrögðum við áföllum í heimabyggð sem séu umfangsmeiri en svo að dagleg neyðarþjónusta ráði við þau. „Vettvangsstjórnirnar takast á við þau verkefni sem leysa þarf í heimabyggðinni og verkefni sem aðgerðastjórn í héraðinu kann að fela þeim."

**Aðgerðastjórn** er sameiginleg stjórn viðbragðsaðila í héraði. „Lögreglustjóri stýrir aðgerðastjórn og hefur þar með sér fulltrúa frá viðkomandi almannavarnanefnd, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Rauða krossi Íslands, hlutaðeigandi viðbragðsaðilum og



**Fólk að störfum í Samhæfingarstöð almannavarna í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð.** MYND: RÖGNVALDUR ÓLAFSSON

öðrum aðilum sem þörf er á hverju sinni," lýsir Ágúst en aðgerðastjórnir starfa í samvinnu við samhæfingarstöð almannavarna.

„**Samhæfingarstöð almannavarna** hefur það hlutverk að styðja við þær aðgerðir sem í gangi eru hverju sinni. Hún útvegar þá aðstoð sem ekki er fyrir hendi í umdæmi sem glímir við áfall og hefur umsjón með sjúkraflutningum milli umdæma," segir Ágúst og bendir á að Neyðarlínan 112 taki við símtölum og tilkynningum sem eigi að berast Samhæfingarstöðinni og sjái um að boða viðbragðsaðila sem taki þátt í aðgerðum hverju sinni.

Stjórnkerfi almannavarna á sér aðra hlið. Hún snertir skipulag verkefna á hverju stjórnstigi fyrir sig. Til að skýrt sé hverjir sinni ákveðnum verkum er unnið eftir skipuriti sem kennt er við stjórnun, áætlun, bjargir og framkvæmd (SÁBF). „Þetta skipurit er kallað verkþáttaskipurit, nánar tiltekið SÁBF verkþáttaskipurit. Í því er upptalning á málaflokkum og verkefnum sem sinna þarf við hvers konar aðgerðir. Skipuritið er sett fram á skipulagðan hátt og skyldir eða líkir verkþættir flokkaðir saman," segir Ágúst en ekki er sagt til um hver eigi að leysa verkefni af hendi eða hversu marga þurfi til að leysa verkefnin. „Kostur þess að beita SÁBF verkþáttaskipuritinu er að hægt er að nýta það við skipulag hverskyns aðgerða óháð umfangi verkefna, á hvaða stjórnstigi er verið að vinna og óháð því hverjir eru að störfum." Ágúst segir starfið í Samhæfingarstöðinni hverfast um að safna upplýsingum, úrvinnslu og túlkun þeirra og að miðla niðurstöðum til annarra.

Í áhöfn Samhæfingarstöðvarinnar er að jafnaði starfsfólk frá eftirfarandi aðilum: Ríkislögreglustjóra, Landhelgisgæslu Íslands, Landspítala, Rauða krossi Íslands, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Neyðarlínunni og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins sem fulltrúa Sambands sveitarfélaga. „Oft koma sérfræðingar frá öðrum aðilum til starfa í Samhæfingarstöðinni þegar sérþekkingar þeirra er þörf. Sem dæmi má nefna sérfræðinga Vegagerðarinnar, fjarskiptageirans, orkugeirans, Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar," upplýsir Ágúst en um eitt hundrað manns eru þjálfuð til að starfa í Samhæfingarstöðinni.

# Lífsgæðin og öryggið aukist til muna

Í tvo áratugi hefur Neyðarlínan séð um rekstur neyðarvaktstöðvar vegna samræmda neyðarnúmersins 112. Áður voru 146 neyðarnúmer í gangi hér á landi en eitt samræmt númer hefur bætt mikið þjónustu við landsmenn og alla viðbragðsaðila og þar með öryggi almennings.

Neyðarlínan hefur sinnt 112 neyðarsímsvörun í 20 ár en félagið hóf formlega starfsemi 1. janúar árið 1996. Tilgangur félagsins hefur alla tíð verið að sjá um rekstur neyðarvaktstöðvar vegna samræmda neyðarnúmersins 112, sjá um almenna svörun neyðarboða, fjarskiptaþjónustu og ýmsan skyldan rekstur.

Að sögn Þórhalls Ólafssonar, framkvæmdastjóra Neyðarlínunnar, má rekja upphaf Neyðarlínunnar til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið en þar voru þær skyldur settar á aðildarþjóðirnar að hafa eitt neyðarnúmer, 112. „Í kjölfarið var settur á fót vinnuhópur sem gerði síðan tillögu að framtíðarfyrirkomulagi neyðarsímsvörunar á landinu. Þá voru sett lög í apríl 1995 þar sem m.a. var kveðið á um eitt samræmt neyðarnúmer hér á landi."

Starfsemi Neyðarlínunnar hefur gengið vel undanfarna tvo áratugi að sögn Þórhalls en sjálfur hefur hann starfað þar síðan 1999. Nokkrir áfangar standa upp úr á þessu tímabili að hans mati.

„Innleiðing Tetra árið 2000, sem er stafrænt talstöðvarkerfi með símamöguleika, var mikið framfaraskref en kerfið er sérsniðið að þörfum viðbragðsaðila þar sem hraði og öryggi skiptir máli. Um er að ræða mjög öflugt, miðstýrt hópfjarskiptakerfi sem stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök eða einstaklingar geta nýtt sem stjórntæki fyrir hröð og örugg samskipti milli einstaklinga og hópa ásamt flotastjórnun eða eftirliti með hjálp ferilvöktunar."

### Stórir áfangar

Einnig nefnir hann þegar samhæfingarstöðin var tekin í notkun í Skógarhlíð 14 árið 2003 sem breytti að hans sögn heildarmyndinni varðandi samvinnu þeirra sem koma að Neyðarlínunni. „Að lokum má nefna þegar við tökum við rekstri Vaktstöðvar Siglinga árið 2004 samkvæmt þjónustusamningi við Siglingastofnun Íslands. Áður fór sú þjónusta fram með tilkynningarskyldunni og gegnum fjarskiptastöðina í Gufunesi. Með þeirri breytingu var öll öryggisþjónusta við sjófarendur veitt á einum stað."



MYND/ERNIR

**„Það má því segja að lífsgæði landsmanna hafi aukist talsvert við þessa breytingu enda auðvelt að muna þetta eina númer.**

*Þórhallur Ólafsson*

Flestir landsmenn eru vafalaust búnir að gleyma því að áður en samræmda neyðarnúmerið 112 kom til sögunnar árið 1996 voru 146 neyðarnúmer í gangi um allt land.

„Það má því segja að lífsgæði landsmanna hafi aukist talsvert við þessa breytingu enda auðvelt að muna þetta eina númer. Þá eru líka allir viðeigandi aðilar boðaðir í einu sem styttir viðbragðstímann mjög og gerir alla vinnu miklu einfaldari. Markmið okkar er að svara símtölum innan 5 sekúndna í 90% tilfella og um leið að boða viðkomandi aðila innan 90 sekúndna í 90% tilfella. Enda er afar mikilvægt að viðbrögð okkar í alvarlegum tilfellum séu sem allra styst."

Á 112-deginum þann 11. febrúar verður opið hús í höfuðstöðvum Neyðarlínunnar að Skógarhlíð 14 í tilefni 20 ára afmælisins og hvetur Þórhallur sem flesta til að mæta. „Hingað eru allir velkomnir sem vilja fagna með okkur á þessum tímamótum. Boðið verður upp á skemmtiatriði, afmælisköku og kaffi og við vonumst að sjálfsögðu til að sjá sem flesta."

112-BLAÐIÐ | 11. febrúar 2016 ÚTGEFANDI | Neyðarlínan ohf., Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík | s. 570 2000 UMSJÓNARMAÐUR | Garðar H. Guðjónsson ÁBYRGÐARMAÐUR | Þórhallur Ólafsson
Blaðið er gefið út í tilefni af 112-deginum. Að honum standa: 112, Barnaverndarstofa, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, Landhelgisgæslan, Embætti landlæknis, Landspítalinn, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Mannvirkjastofnun, Rauði krossinn, Ríkislögreglustjórinn, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og Vegagerðin.


Endalaust 365
ENDALAUS GSM
2.990 KR.*
ÓTAKMARKAÐ TAL, SMS OG NÚ Í FYRSTA SINN ÓTAKMARKAÐ GAGNAMAGN
Þú getur hringt, sent sms og vafrað um á netinu áhyggjulaust.
Settu þig í samband og fáðu Endalaust 365
1817
365.is
* Greitt er aukalega fyrir farsímanotkun erlendis, til útlanda og í upplýsinganúmer. Nánari upplýsingar á 365.is
365

# Forvarnastarf er afar mikilvægt



Það er alþekkt að forvarnir hafa komið í veg fyrir slys og bjargað bæði mannslífum og eignum. Þess vegna er það hluti af daglegri vinnu slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna að sinna forvörnum. Í þeim tilgangi hefur Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS), efnt til eldvarnaátaks í nóvember ár hvert, í samstarfi við skólayfirvöld og slökkviliðin.

Í átakinu heimsækja slökkviliðsmenn alla grunnskóla landsins og ræða við nemendur 3. bekkjar. Börnunum er veitt fræðsla um eldvarnir og hvernig þau eigi að bregðast við ef kviknar í á heimilinu. Lögð er áhersla á símanúmer Neyðarlínunnar 112 og farið yfir notkun reykskynjara, eldvarnateppa og nauðsyn þess að æfa flóttaleiðir. Börnin taka síðan heim með sér veglega handbók um eldvarnir og söguna um Loga og Glóð. Sögunni fylgir getraun sem börnin leysa með foreldrum sínum og þannig nær þessi forvarnafræðsla inn á 4.300 heimili ár hvert.

Oft er talað um að gott sé að læra af mistökum! En þegar eldsvoði er annars vegar, þá á þessi speki ekki við. Ef skaðinn er skeður, þá hefur orðið tjón. Tjón sem verður seint eða aldrei bætt að fullu.

**Leggjum stund á forvarnir, það borgar sig.**

**„Ef skaðinn er skeður, þá hefur orðið tjón. Tjón sem verður seint eða aldrei bætt að fullu.**

*Valdimar Leó Friðriksson,*




**Slökkviliðsmenn heimsækja nemendur þriðja bekkjar í nóvember ár hvert og fræða þá um eldvarnir með hjálp Loga og Glóðar.**

## BREGÐUMST VIÐ ÓVEÐURSSPÁM

Nauðsynlegt er að taka spár um yfirvofandi óveður alvarlega og bregðast við þeim. Meðal annars með því að:

- Tryggja að lausir munir utandyra fari ekki af stað.
- Tryggja að vatn eigi greiða leið í niðurföll í asahláku.
- Fylgjast vel með veðurspám með tilliti til ferðalaga.
- Fylgjast vel með og fara að tilmælum almannavarna.
- Ekki „teipa“ rúður í óveðri. Öryggisfilma er það eina sem dugar.



## SMS TIL AÐ LÁTA VITA AF SÉR



Mikið álag er á símkerfum þegar jarðskjálftar og aðrar hamfarir dynja yfir. Þá er betra að nota SMS en að hringja til að láta vita af sér. Fari rafmagnið af getur komið sér vel að hafa símahleðslutæki í bílnum.







**Flugslysaæfing á Hornafirði á síðasta ári. Allir þættir viðbragðsins eru æfðir í hópslysum, þar með talið sjúkraflug.**

# Það borgar sig að sýna fyrirhyggju

Mikil þróun hefur verið í starfi **almannavarna** undanfarna áratugi. Í nýjustu lögum frá 2008 er lögð áhersla á áfallaþolið samfélag vegna náttúruhamfara með áhættugreiningu, viðbragðsáætlanagerð, æfingum, samhæfingu og samvinnu.

Þegar fyrstu lög um almannavarnir voru samþykkt árið 1962 einblíndu stjórnvöld í fyrstu nær eingöngu á að tryggja öryggi borgaranna fyrir afleiðingum hernaðarátaka og kjarnorkustríðs enda kalda stríðið í algleymingi á þessum tíma.

Mikil þróun hefur átt sér stað í starfi almannavarna frá því þessi fyrstu lög voru samþykkt að sögn Guðrúnar Jóhannesdóttur, verkefnastjóra í almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra. „Í nýjustu lögum um almannavarnir frá árinu 2008 er lögð áhersla á áfallaþolið samfélag vegna náttúruhamfara, af mannavöldum eða öðrum ástæðum, með áhættugreiningu, viðbragðsáætlanagerð, æfingum, samhæfingu og samvinnu.“

Áfallaþol samfélagsins er best tryggt að sögn Guðrúnar með því að auka getu einstaklinga, stofnana, sveitarfélaga og ríkisins til að vera viðbúin, til að bregðast við og byggja aftur upp eftir hamfarir. „Almannavarnir eru þannig á ábyrgð okkar allra og snerta okkur öll á einhverjum tímapunkti. Stjórnvöld hafa sett upp skipulag og kerfi þar sem þess er gætt að framfylgja meginákvæðum laganna og kallað er eftir víðtæku samstarfi allra sem málið varðar til að vernda líf og heilsu almennings, umhverfi og eignir.“

**„Ef við sýnum fyrirhyggju og skoðum hvernig hægt er að vera viðbúin og bregðast við hættum í okkar nánasta umhverfi, þá erum við betur í stakk búin til að takast á við afleiðingarnar.**

*Guðrún Jóhannesdóttir*

### Hægt að draga úr áhættu

Hún segir íbúa geta verið mismunandi berskjaldaða og getan í samfélaginu sé misjöfn til að takast á við hættuástand. „Mikilvægt er að þekkja sínar almannavarnir og tryggja öryggi íbúa á heimili og vinnustað. Ef við sýnum fyrirhyggju og skoðum hvernig hægt er að vera viðbúin og bregðast við hættum í okkar nánasta umhverfi, þá erum við betur í stakk búin til að takast á við afleiðingarnar.“

Guðrún segir að áföll geti oft breytt öllu og aldrei sé að fullu hægt að undirbúa sig fyrir afleiðingar hamfara, hvort sem það er vegna jarðskjálfta, eldgoss, snjóflóða eða annars konar vár. „Ýmislegt er samt sem áður hægt að gera til að draga úr áhættu og lágmarka það tjón sem þeim fylgir. Nútíma samfélag er flókið með net tenginga og samskipta í allar áttir og veikleiki í einum þætti getur haft keðjuverkandi áhrif um allt samfélagið. Með því að gera ráðstafanir fyrir hamfarir hvort sem það er með gerð viðbragðsáætlana, með mótvægisaðgerðum eða öðrum viðbúnaði, geta einstaklingar, stofnanir og mikilvægir innviðir aukið áfallaþol sitt og samfélagsins gegn hamförum og mildað afleiðingar þeirra.“

Almannavarnir á Íslandi hafa í gegnum árin tekist á við fjölda atburða sem oft hafa valdið íbúum landsins þungum búsifjum. „Eldgos, jarðskjálftar, snjóflóð, ofsaveður og önnur vá sem dunið hefur yfir landið hefur oft valdið miklu tjóni en eftir því sem þekking og reynsla um afleiðingar stóráfalla og hamfara hefur aukist hefur allur viðbúnaður eflst og orðið aðgengilegri. Með auknum viðbúnaði getum við aukið áfallaþol okkar og getu til að ná fyrri styrk eftir hamfarir og byggt samfélagið upp aftur – jafnvel sterkara.“

**Nánari upplýsingar um Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra má finna á www.almannavarnir.is**



Hjálmar Karlsson, verkefnastjóri hjá Rauða krossinum, segir að viðlagakassar þurfi að vera aðgengilegir á heimilinu og sömuleiðis heimilisáætlun. MYND/VILHELM

# Undirbúa landsmenn fyrir hamfarir

Rauði krossinn er að fara af stað með átak sitt 3 dagar en verkefnið gengur út á að fræða almenning um mikilvægi þess að vera við öllu búinn þegar kemur að hamförum á Íslandi. Fræðsla til almennings er mikilvægur þáttur í neyðarvörnum. Fundir verða á 25 stöðum.

Hjálmar Karlsson, verkefnastjóri hjá Rauða krossinum, segir að verkefnið sé styrkt af Land Rover verksmiðjunum í Bretlandi og BL á Íslandi. „Verkefnið gengur út á að efla viðnámsþrótt landsmanna við náttúruhamförum. Markmiðið er að almenningur geti verið sjálfum sér nægur í þrjá daga verði rof á innviðum, til dæmis í rafmagnsleysi, þegar ár flæða yfir bakka eða vegir fara í sundur. Það er mikilvægt að fólk sé undir það búið ef eitthvað gerist, jarðskjálfti eða aðrar hamfarir. Við viljum hvetja fólk til að vera með einhvers konar áætlun tilbúna ef til þessa kemur. Einnig þarf að vera til viðlagakassi með völdum hlutum sem við munum kynna á næstunni,“ útskýrir Hjálmar.

„Viðlagakassar þurfa að vera aðgengilegir á heimilinu og sömuleiðis heimilisáætlun. Gott er að kynna sér þetta verkefni, hvað þarf að vita og hvert eigi að leita komi upp neyðarástand. Á vefnum 3dagar.is er hægt að kynna sér verkefnið og hvar hægt er að leita eftir fræðslu.

**Markmiðið er að almenningur geti verið sjálfum sér nægur í þrjá daga verði rof á innviðum, til dæmis í rafmagnsleysi, þegar ár flæða yfir bakka eða vegir fara í sundur.**

*Hjálmar Karlsson*

Við verðum með fræðslu á 25 stöðum víðs vegar um landið á næstunni,“ segir Hjálmar. „Fræðslufundir verða opnir fyrir alla. Mjög mikilvægt er að fólk kynni sér þetta verkefni því það getur auðveldað mjög björgunarsveitum alla vinnu ef einhvers konar hamfarir verða á landinu.“

Hjálmar segir að grunnskólar landsins verði heimsóttir og rætt við nemendur. „Heimili á Íslandi eru almennt ekki búin undir hamfarir. Verkefninu er ætlað að bæta úr því. Markmið Rauða krossins er að efla neyðarvarnir með fræðslu fyrir almenning. Það getur skipt afskaplega miklu máli ef fólk hefur heimilisáætlun og viðlagakassa til staðar. Við vitum aldrei hvenær verður jarðskjálfti, eldgos, flóð eða aðrar hamfarir hér á landi. Fræðslufundirnir verða síðan kynntir á hverjum stað fyrir sig.“



Ýmsar skaðlegar gastegundir losna í eldgosi.

# Viðbragðskerfi sóttvarnalæknis

Samkvæmt sóttvarnalögum er sóttvarnalæknir ábyrgur fyrir viðbrögðum vegna smitsjúkdóma, eiturefna og geislavirkra efna sem ógna almannaheill. Ef slík vá ógnar heilsu almennings fer ákveðið viðbragðskerfi í gang í samvinnu við Almannavarnir. Gastegundir frá eldgosum og öskufall falla undir slíka vá.

„Hlutverk sóttvarnalæknis er fyrst og fremst að gera grein fyrir hvaða gastegundir er um að ræða í samvinnu við Umhverfisstofnun og Veðurstofu sem gera mælingar. Hver er tegund gasmengunarinnar og hvert er magn hennar? Þegar það liggur fyrir þarf að meta hvort líklegt sé að fólki stafi hætta af því,“ útskýrir Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir.

Sóttvarnalæknir hefur í sínu viðbragðskerfi ákveðið sambandsnet við heilsugæsluna í landinu og umdæmislækna sóttvarna. Í samstarfi við þá er metið hvort einstaklingar á svæðinu eru að fá einkenni og til hvaða aðgerða þarf þá að grípa. Þá á embætti sóttvarnalæknis mikið magn af hlífðarfatnaði sem hægt er að senda á vettvang, gleraugu og grímur og fleira.

„Stundum þarf að senda rannsóknarteymi á svæðið til að kanna heilsufar fólks, gera öndunarpróf og fleiri athuganir en embættið er í sambandi við vísindamenn innan heilbrigðiskerfisins, til að mynda Landspítalans. Þegar um gasmengun er að ræða eru viðbrögð öllu snúnari. Ef magn gass verður of mikið getur þurft að flytja fólk af svæðinu en staðsetning gass frá eldstöð getur breyst eftir veðri og vindum. Sé magn gass ekki yfir hættumörkum er fólki ráðlagt að halda sig innandyra og þá eru einnig ráðleggingar frá okkur á netinu um hvernig væta megi klúta og hengja upp innandyra til að binda gasið. Einnig getur notkun gleraugna og gríma komið að góðu gagni þegar um mikið öskufall er að ræða.“

# 112 er barnanúmerið

Hér á landi eru samtök og stofnanir sem vinna að því að sporna gegn ofbeldi gagnvart börnum og skapa öruggan farveg fyrir þau börn sem hafa orðið fyrir ofbeldi til að segja frá og fá viðeigandi aðstoð. Ofbeldi gagnvart börnum ber að tilkynna til barnaverndarnefndar og hefur tilkynningaskylda verið lögfest í barnaverndarlögum hér á landi. Helstu atriði sem tilkynnt er um varða grun eða vissu um vanrækslu, ofbeldi gagnvart barni eða að barn stefni heilsu sinni og þroska í hættu eða þegar foreldrar eru ekki hæfir til að annast þau. „Í þeim tilvikum sem mál koma upp utan dagvinnutíma tekur Neyðarlínan – 112 á móti tilkynningum samkvæmt umboði frá barnaverndarnefndum landsins. Barnaverndarstofa hafði frumkvæði að samstarfinu árið 2003 en markmiðið er að hægt verði að hafa samband við allar barnaverndarnefndir landsins gegnum 112 á öllum tímum sólarhringsins og auðvelda þannig almenningi að rækja lagaskyldur sínar um að tilkynna til barnaverndarnefnda,“ segir Steinunn Bergmann, félagsráðgjafi hjá Barnaverndarstofu.

Þegar neyðarvörður hjá 112 hefur móttekið tilkynningu, skráir hann helstu upplýsingar og kemur þeim til viðkomandi barnaverndarnefndar. „Ef talið er að barn geti verið í hættu er barnaverndarstarfsmaður tafarlaust kallaður á vettvang. Í tilvikum þar sem barn er ekki metið í þörf fyrir tafarlausa íhlutun er upplýsingum komið áfram til barnaverndarnefndar í upphafi næsta vinnudags.“



Ofbeldi gagnvart börnum ber að tilkynna til barnaverndarnefndar og hefur tilkynningaskylda verið lögfest í barnaverndarlögum hér á landi.

**Barnaverndarstofa hafði frumkvæði að samstarfinu en markmiðið er að hægt verði að hafa samband við allar barnaverndarnefndir landsins gegnum 112 á öllum tímum sólarhringsins.**

*Steinunn Bergmann*





## Jarðskjálfti! Þarf að festa?

Á jarðskjálftasvæðum er nauðsynlegt að yfirfara heimilið og kanna helstu hættur. Er til dæmis hætta á að bókahillur og önnur húsgögn fari um koll og valdi hættu? Ganga þarf vel frá gaskútum, vatnstönkum og öðru sem farið getur af stað í jarðskjálfta.

## Kanntu að loka fyrir vatnið?



Stundum þarf að loka fyrir vatn og rafmagn eftir jarðskjálfta. Nauðsynlegt er að heimilisfólk kunni það.

## Vasaljós og útvarp

Í jarðskjálfta getur verið nauðsynlegt að hafa vasaljós, útvarp með rafhlöðum og skyndihjálpartösku til taks á heimilinu. Er þessi búnaður til á þínu heimili?

Einnig er mikilvægt að fjölskyldan ræði saman um viðbrögð við jarðskjálfta. Hverjar eru helstu hætturnar? Hvar er ykkar fjöldahjálparstöð?





Áríðandi er að móta viðbragðsáætlun verði hópslys á landinu, til dæmis á hálendinu. Áhyggjur vegna þessara mála vaxa með auknum fjölda ferðamanna. MYND/STEFÁN

# Fjölgun hópbíla skapar hættu

**Slysavarnafélagið Landsbjörg** er landssamtök björgunarsveita, slysavarna- og kvennadeilda og unglingadeilda. Starfsemin miðar að því að koma í veg fyrir slys og bjarga mannslífum og verðmætum.

Friðfinnur Freyr Guðmundsson, formaður landsstjórnar björgunarsveita, segir að áríðandi sé að greina og meta hugsanlegar afleiðingar sem gætu orðið ef til alvarlegs hópslyss kæmi hér á landi, til dæmis á hálendinu. „Með auknum ferðamannastraumi og fjölgun hópferðabíla um landið er sú hætta fyrir hendi,“ segir hann. „Almannavarnir eru afar mikilvægar í sambandi við viðbúnað ef hópslys yrði á landinu. Við erum að sjá fjölgun á umferðarslysum víða um land þar sem fleiri en einn eða tveir slasast. Fjölgun hópferðabíla um landið, sérstaklega á hálendinu, skapar ákveðna hættu sem við höfum miklar áhyggjur af,“ segir hann.

„Almannavarnir tengja samstarfsaðila saman í viðbúnaði. Við höfum æft hópslys reglulega á flugvöllum og þar sjáum við kosti samstarfs meðal ólíkra viðbragðsaðila. Við sjáum líka þá ógn sem gæti komið upp ef alvarlegt hópslys ætti sér stað. Heilbrigðisstofnanir í smærri bæjum eru engan veginn tilbúnar til að taka við fjölda slasaðra. Samfélagið hefur byggst upp í kringum íbúa á hverjum stað en ekki út frá þeim mikla fjölda ferðamanna sem ferðast um landið. Í minni bæjum þykir til dæmis nægilegt að vera með einn lækni miðað við íbúafjölda en það er engan veginn ásættanlegt þegar sá fjöldi tvö- eða þrefaldast með auknum straumi ferðamanna. Suðurlandið er gott dæmi um það,“ segir Friðfinnur.

„Viðbragðsáætlanir vegna hópslysa þurfa að vera til í hverjum landshluta í tilfellum stærri atburða. Við eigum til slíkar áætlanir á flugvöllum landsins en það þarf að útfæra þær fyrir aðra atburði sem ættu að vera til staðar í öllum umdæmum landsins. Það er viðbragðsáætlun sem allir koma að, Rauði krossinn, björgunarsveitir, lögreglan, slökkvilið, sjúkraflutningar og heilbrigðiskerfið. Undirbúningur og æfingar allra þessara aðila eru mjög mikilvægar til að hægt verði að bregðast rétt við þegar hópslys verður. Almannavarnir hafa sett upp viðbragðsáætlanir á nokkrum stöðum á landinu en það þarf að koma þessum áætlunum upp um allt land. Það yrði mjög krefjandi að takast á við slys með 20-50 slasaða einstaklinga sem lenda í hópslysi. Inn á hvaða sjúkrahús eiga þeir að fara og hvernig komum við þeim slösuðu á sjúkrahús? Svona stórt slys myndi hafa áhrif á alla þjóðina. Það er ljóst í mínum huga að svona atburður krefðist þess að við mundum flytja slasaða til annarra landa, það er til gagnkvæmur samningur milli Norðurlanda um samvinnu á þessu sviði.“

**» Björgunarsveitir landsins hafa byggt upp þekkingu og reynslu til þess að geta brugðist skjótt við hættum. Öflugur tækjakostur og markvisst þjálfunar- og fræðslustarf, ásamt skilvirku stjórnkerfi lands- og svæðisstjórna björgunarsveita tryggja skjót viðbrögð við vá og fagleg vinnubrögð á vettvangi.**

Friðfinnur segir að langt sé síðan tekist var á við stórt hópslys á Íslandi. „Það var helst þegar snjóflóðin féllu á Súðavík og Flateyri. Björgunarsveitir og samstarfsaðilar æfa reglulega hópslys. Hins vegar þyrfti að undirbúa betur minni sveitarfélög og þar þarf að koma upp tiltækum sjúkrabúnaði og tækjum til að takast á við hópslys. Með stórauknum straumi ferðamanna til landsins er ástæða til að hafa miklar áhyggjur af þessum málum,“ segir Friðfinnur. „Það er áríðandi að við búum okkur undir stórslys hér á landi.“

# Samstillt viðbrögð við hópslysum á Landspítala

Fyrstu boð um hópslys berast jafnan til vaktstjóra og stjórnandi læknis á bráðadeild Landspítala í Fossvogi. Þar eru boðin sannreynd og lagt mat á þær upplýsingar sem fyrir liggja. Ef þörf er á samhæfðum viðbrögðum sem eru umfangsmeiri en dagleg starfsemi ræður við er Landspítali virkjaður samkvæmt viðbragðsáætlun, ýmist að hluta til eða að fullu eftir stærð atburðar. „Landspítali er stór stofnun og virkjun við hópslys er gríðarlega stórt verkefni. Í fyrsta kasti reynir mjög á bráðamóttökurnar, rannsóknadeildir, skurðstofur og gjörgæsludeildir og jafnvel þarf að senda sérhæft teymi til aðstoðar á vettvangi en í mörg önnur horn er að líta og margir sem bregðast við, allt frá framkvæmdastjórum, símaveri og blóðbanka til dauðhreinsunardeildar og öryggisvarða,“ segir Guðrún Lísbet Níelsdóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri viðbragðsáætlunar á Landspítala. „Séu margir slasaðir þarf að útskrifa fjölda sjúklinga sem fyrir liggja á stofnuninni á stuttum tíma og finna þeim viðeigandi úrræði og ekki má heldur gleyma því að þótt stórt slys hafi átt sér stað hættir fólk ekki að veikjast eða slasa sig eins og gengur og gerist og gera þarf ráð fyrir að sinna því.“

Að sögn Guðrúnar tekur gjarnan við löng sjúkrahúslega á gjörgæslu-, legu- og endurhæfingardeildum spítalans í kjölfar slyss og því getur hópslys verið margra mánaða verkefni fyrir Landspítala. „Krefjandi aðstæður í heilbrigðiskerfinu á undanförnum árum hafa óneitanlega haft áhrif á áfallaþol Landspítala en á móti teljum við okkur eiga mikinn styrk í miklum mannauði og aðlögunarhæfni. Sem aðalsjúkrahús landsins gegnir Landspítali mikilvægu hlutverki innan almannavarnakerfisins og það hlutverk tökum við að sjálfsögðu mjög alvarlega.“



Frá æfingu Landspítala í viðbrögðum við hópslysi. MYND/SIGÓSIG

# Varðskipin mikilvæg

Varðskipum Landhelgisgæslunnar, Þór, Ægi og Tý, er samkvæmt lögum ætlað að veita afskekktum stöðum þjónustu. Ef samgöngur bregðast vegna náttúruhamfara, til dæmis vegna eldgoss eða snjóflóða, gegna varðskipin mikilvægu hlutverki í aðgerðaáætlun almannavarna.

„Meginhlutverk varðskipanna í almannavarnaatvikum er flutningur á björgunarliði á staðinn og að starfa sem stjórnstöð á vettvangi,“ útskýrir Auðunn F. Kristinsson, verkefnastjóri Aðgerðasviðs Landhelgisgæslunnar. Mikilvægi þessa sýndi sig meðal annars í Vestmannaeyjagosinu árið 1973 þegar snjóflóðin féllu á Vestfjörðum árið 1995.

## Stjórnstöð

Í áhöfn skipanna eru um 18 menn en rými er um borð fyrir 65-70 ef þörf krefur. Í áhöfn er einnig vel þjálfað fólk. „Um borð eru sjúkraflutningamenn, kafarar og fleiri sem nýtast sem hjálparlið á vettvangi. Um leið má hýsa talsvert af björgunarfólki um borð, til dæmis inni á fjörðum í nágrenni við dreifðar byggðir landsins. Varðskipin virka þá sem stjórnstöð og aðgerðastöð fyrir almannavarnaatvik,“ segir Auðunn.



Varðskipin geta flutt björgunarlið á slysstað.

## Rafmagn fyrir heilt þorp

„Í skipunum er mikið afl og er vinna hafin að því að hægt verði að fæða byggðarlög og sjá þeirri starfsemi sem þar fer fram fyrir rafmagni frá skipunum. Þá eru skipin einnig stoð fyrir aðrar einingar Landhelgisgæslunnar, til dæmis þyrlurnar. Þær geta notað skipin sem birgðastöð fyrir eldsneyti þegar þær vinna að almannavarnaverkefni, eldgosi eða snjóflóðum.“




Lokunarhlið loka nítján leiðum á landinu.

# Góð reynsla af lokunarhliðum

Lokunarhlið sem loka nítján leiðum á landinu hafa verið sett upp að mestu leyti á tveimur undanförnum árum. G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar, segir reynsluna af hliðunum hafa verið góða. „Það kom okkur eiginlega á óvart hve vel þessu var tekið. Það var spurt um þetta í könnun hjá okkur og þar kom í ljós að almenningur var almennt sáttur og ánægður með þessar lokanir.“

Hann bætir við að búist hafi verið við að fleiri þeirra sem eru á mjög vel útbúnum bílum og geta farið hvert á land sem er yrðu ósáttir við lokanirnar. „Ég held að það sé lítið um það. Fólk áttar sig á að það er mikilvægt að fara þessa leið annars er hættan sú, og það er það sem við erum að reyna að forðast, að fólk festi sig uppi á heiðum. Þegar veðrið gengur svo niður erum við þá lengur að opna vegna fastra bíla. Þannig að oft og tíðum er leiðin lokuð í styttri tíma með þessu móti sem er allra hagur,“ útskýrir G. Pétur.

Í fyrravetur reyndi mikið á lokunarhliðin og þá sérstaklega hér sunnan heiða en ekki hefur verið jafn mikið um lokanir enn sem komið er á þessum vetri. „Nú er unnið að því, í samstarfi við björgunarsveitir, að setja upp langtíma lokunarhlið á leiðirnar inn á hálendið. Hliðin sem eru uppi nú þegar eru á fjallvegum þar sem er vetrarþjónusta og umferð er að öllu jöfnu opin. Með þessum langtíma lokunarhliðum fer ekki á milli mála að það sé ófært eða lokað á hálendinu.“



> **Nú er unnið að því, í samstarfi við björgunarsveitir, að setja upp langtíma lokunarhlið á leiðirnar inn á hálendið.**
>
> *G. Pétur Matthíasson*




Jón Viðar segir sveitarfélögin meðal annars sjá til þess að hjól samfélagsins fari sem allra fyrst aftur að snúast eftir hamfarir.
MYND/ANTON BRINK

# Mikilvægur hlekkur

Sveitarfélögin gegna veigamiklu hlutverki í almannavörnum bæði þegar kemur að áhættumati, forvörnum og uppbyggingu eftir erfiða atburði og hamfarir.

Fjölmargir koma að almannavörnum í landinu. Má þar nefna björgunarsveitir, lögreglu, slökkvilið, sjúkraflutningamenn, Landhelgisgæsluna, heilbrigðisstarfsfólk og Rauða krossinn en auk þess gegna sveitarfélögin veigamiklu hlutverki bæði þegar kemur að forvörnum, fyrstu viðbrögðum eftir hamfarir og uppbyggingu.

„Við sem komum að almannavörnum styðjumst við svokallaðan áhættumatshring. Hann hefur verið mikið notaður í Evrópu og er m.a. ætlað að greina hlutverk hvers og eins,“ segir Jón Viðar Matthíasson, framkvæmdastjóri almannavarna á höfuðborgarsvæðinu og slökkviliðsstjóri höfuðborgarsvæðisins. „Á græna svæðinu sýnir hringurinn aðgerðir fyrir hamfarir eru almannavarnir og sveitarfélög að undirbúa sig sem og allir viðbragðsaðilar. Sveitarfélögin gera viðbragðsáætlanir, hættumat á sínu svæði og fara í áhættuminnkandi aðgerðir eins og að byggja snjóvarnargarða til dæmis.“

Á rauða svæðinu mæðir að sögn Jóns Viðars mest á þeim sem sinna neyðaraðstoð en fljótlega upp úr því kemur aftur til kasta sveitarfélaganna en þau sjá til þess að hjólin í samfélaginu fari sem allra fyrst aftur að snúast. „Sveitarfélögin hafa marga snertifleti við daglegt líf fólks. Þegar skelfilegir atburðir sem taka á allt samfélagið eiga sér stað hefur fólk engu að síður ríka þörf til að halda áfram. Samgöngur þurfa sem allra fyrst að komast í samt horf, skólastarf, matarsendingar og annað í þeim dúr enda höfum við öll þörf fyrir rútínu og hefur reynslan sýnt að hún á stóran þátt í batanum,“ útskýrir Jón Viðar.

Hann segir þó geta þurft að forgangsraða og þá sérstaklega ef um miklar hamfarir er að ræða. „Erum við til dæmis að rembast við að halda sundlaugum opnum þegar mikið liggur við? Eða leggjum við áherslu á að koma matarsendingum í samt horf? Ákvarðanir um þetta eru teknar fyrirfram þannig að ekki þurfi að standa frammi fyrir slíkum spurningum á ögurstundu. Sé vel að undirbúningi á græna svæðinu staðið er reynslan sú að eftirleikurinn verður auðveldari og samvinna allra mun betri í þágu þeirra sem þurfa á aðstoð og/eða hjálp að halda. Á gula svæðinu reyna menn svo að draga lærdóm af atburðinum og nýta við næstu áætlanagerð. Voru áætlanir góðar? Má eitthvað laga? Var eitthvað ofmetið eða vanmetið? Og þannig gengur hringurinn," útskýrir Jón Viðar.




Áhættumatshringurinn sýnir hringrás almannavarna.

Hann segir höfuðborgarsvæðið blessunarlega hafa verið laust við miklar hamfarir en að menn þurfi engu að síður að vera á tánum. Sveitarfélögin sex á höfuðborgarsvæðinu leggja mikla áherslu á málaflokk almannavarna og hefur hvert sveitarfélag m.a. sett saman sérstaka neyðarstjórn sem hefur það hlutverk að starfa við þessar aðstæður undir forystu borgarstjóra og bæjarstjóranna.

> **Þegar skelfilegir atburðir sem taka á allt samfélagið eiga sér stað hefur fólk engu að síður ríka þörf til að halda áfram. Samgöngur þurfa sem allra fyrst að komast í samt horf.**
>
> *Jón Viðar Matthíasson*

„Sumt á sér langan aðdraganda og eru menn meðal annars farnir að velta fyrir sér hækkun á yfirborði sjávar og viðbrögðum við því. Þá erum við að verða sífellt háðari tækni og því að samgöngur gangi snurðulaust fyrir sig og í því felast ýmsar nýjar áskoranir. Eins geta orðið stórir eldsvoðar, mengunaróhöpp þar sem rýma þarf stór svæði, óveður, jarðskjálftar, eldgos og annað í þeim dúr. Það er því að ýmsu að hyggja.“

## Spurning dagsins

*Hvert er þitt hlutverk í almannavörnum?*

**ÁSTA STEFÁNSDÓTTIR** *framkvæmdastjóri sveitarfélagsins Árborgar*
„Ég er formaður Almannavarnanefndar Árnessýslu, sem er skipuð fulltrúum viðbragðsaðila og bæjar- og sveitarstjórum allra sveitarfélaganna í sýslunni og eru þeir tengiliðir nefndarinnar við sveitarfélögin. Nefndin hefur haft næg verkefni á liðnum árum, enda staðsett á þéttbýlu og fjölförnu svæði þar sem jarðskjálftar, eldgos og flóðavá minnir reglulega á kraftana sem búa í náttúrunni.“



**INGVAR GRÉTARSSON** *vaktstjóri á vaktstöð Vegagerðarinnar*
„Hlutverk mitt í almannavörnum er að tryggja öryggi vegfarenda vegna mannvirkja eða veðurs með viðvörunum, aðgerðum, lokunum eða samhæfingu við almannavarnir.“



**ELVA BJÖRG BJÖRNSDÓTTIR** *varðstjóri á Neyðarlínunni*
„Hlutverk mitt er að finna og útvega bjargir í samræmi við verkefni almannavarna hverju sinni.“



**GÍSLI ÁRNASON** *bankastarfsmaður í Mývatnssveit:*
„Ég sit í aðgerðastjórn fyrir svæðisstjóra á svæði 12. Aðgerðastjórn heldur utan um aðgerðir í almannavarnaástandi, skipuleggur og stjórnar, tekur ákvarðanir og er í sambandi við þá sem eru í aðgerðum hverju sinni.“



**ÁLFHEIÐUR SVANA KRISTJÁNSDÓTTIR**
„Ég er m.a. í skyndihjálparteymi og hópstjóri í áfallateymi Rauða krossins við Eyjafjörð.“



**GUÐMUNDUR RÚNAR JÓNSSON** *vaktstjóri í stjórnstöð Landhelgisgæslunnar og stýrimaður hjá Landhelgisgæslunni*
„Ég er milliliður eininga Landhelgisgæslunnar (skipa, þyrlna og flugvéla) og viðbragðsaðila á borð við lögreglu, slökkvilið og björgunarsveitir.“



**ANTON BERG CARRASCO** *slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður*
„Slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn þurfa að þekkja sitt hlutverk sem sérhæfðir viðbragðsaðilar í almannavarnaástandi, s.s. í flugslysum, öðrum hópslysum og stórum eiturefnaslysum. Þá þurfa þeir að þekkja uppbyggingu almannavarnakerfisins og hlutverk mismunandi viðbragðsaðila.“



## JARÐSKJÁLFTI! KRJÚPA, SKÝLA, HALDA

Jarðskjálftar gera sjaldnast boð á undan sér. Því er nauðsynlegt að gera öryggisráðstafanir fyrirfram og læra rétt viðbrögð.

- Fyrstu viðbrögð við jarðskjálfta eru að krjúpa, skýla og halda.
- Krjúptu niður, skýldu höfði með höndum og komdu þér út í horn við innvegg, undir borð eða annað þar sem þú getur haldið þér í eða varið þig þangað til skjálftinn hættir.
- Dyraop geta verið góður staður í jarðskjálfta en gætið þess að láta hurðina ekki skellast.
- Gættu þín á stórum gluggum eða öðru sem hætta er á að brotni í jarðskjálfta og falli yfir þig.
- Haltu kyrru fyrir, ekki hlaupa út og ekki nota lyftu.






LANCÔME
FARÐASÉRFRÆÐINGUR
FARÐABURSTI AÐ VERÐMÆTI 5.500 KR. FYLGIR ÖLLUM FLJÓTANDI LANCÔME FÖRÐUM Á NÆSTA LANCÔME ÚTSÖLUSTAÐ MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.
Teint Idole - Teint Miracle - Teint Miracle Air de Teint - Teint Visionnaire
NÁTTÚRULEGUR FARÐI
GEISLANDI SATÍNÁFERÐ
18 KLST. RAKAGJÖF
Þekja ●●●○
LANCÔME
LANCÔME
TEINT MIRACLE
BARE SKIN FOUNDATION NATURAL LIGHT CREATOR
SPF 15
LANCÔME
MIRACLE AIR DE TEINT
PERFECTING FLUID MATTE GLOW CREATOR
AIR & BLUR TECHNOLOGY
SPF 15
HINN FULLKOMNI FARÐI
MÖTT FLAUELSÁFERÐ
HYLUR ÁN ÞESS AÐ ÞEKJA
Þekja ●●○○
LANCÔME
PARIS

# UPPLIFIR AMERÍSKA DRAUMINN

Auðkýfingurinn **Donald Trump** (69) og eiginkona hans, **Melania** (45), hafa staðið í eldlínunni undanfarið í forkosningum fyrir forsetakosningarnar í Bandaríkjunum. Melania þykir ákaflega glæsileg og vekur hvarvetna mikla athygli.

Trump kvæntist Melaniu árið 2005 og eiga þau einn son saman, Barron William, sem er tíu ára. Trump átti fjögur uppkomin börn fyrir. Melania, sem er fyrrverandi fyrirsæta frá Slóveníu, kynntist Trump fyrst á tískuviku í New York árið 1998 en samband þeirra hófst stuttu eftir það. Hann var þá nýskilinn. Melania ræðir aldrei pólitík og hefur ekki gefið kost á viðtölum fyrr en nýlega og þá sem eiginkona forsetaframbjóðanda.

Sem fyrrverandi fyrirsæta hefur Melania mikinn áhuga á tísku og hönnun. Hún klæðist eingöngu fatnaði frá heimsþekktum hönnuðum, Alexander McQueen, Vera Wang og Dolce & Gabbana. Þá gengur hún í skóm frá hinum eftirsóttu hönnuðum Manolo Blahnik og Louboutin. Hún segist líta til Jackie Kennedy í fatastíl. Þegar Melania gekk í hjónaband með Trump vakti brúðarkjóllinn heimsathygli en hann var frá Christian Dior og kostaði um 26 milljónir króna. Eiginmaðurinn færði henni stóran demantshring sem er sagður einn sá dýrasti í heimi. Það væsir heldur ekki um Donald Trump sem er einn af auðugustu mönnum í Bandaríkjunum.

Melania stundaði nám við háskólann í Ljubljana í Slóveníu í arkitektúr og hönnun á sínum tíma. Hún var forsíðuandlit helstu tískublaða, Vogue, Harper's Bazaar, Vanity Fair og GQ. Melania hefur verið dugleg

> Donald fer sínar eigin leiðir. Hann segir bara sannleikann eins og hann blasir við. Hann vill að Bandaríkin verði aftur besta land í heimi.
>
> Melania Trump

að setja inn myndir á Instagram, meðal annars frá glæsilegu heimili þeirra í New York. Það má segja að ameríski draumurinn hafi ræst hjá Melania. Ekki er þó vitað hvort sá draumur nái alla leið í Hvíta húsið.

Melania Trump veitti tímaritinu Bazaar nýlega stórt viðtal. Blaðamaður heimsótti hana á heimili þeirra sem er á þremur efstu hæðunum í Trump Tower byggingunni á Manhattan. Turninn er 68 hæðir og þaðan er útsýni yfir Central Park og víðar. Heimilið er gulli prýtt og minnir á Versali, höllina í Frakklandi. Hún segist ekki vilja ræða pólitík, það geri eiginmaðurinn. „Ég hef samt mjög sterkar skoðanir á stjórnmálum og ræði þau hér heima. Ég styð manninn minn fullkomlega í því sem hann er að gera. Einnig höfum við rætt framboðið ítarlega við son okkar en við viljum að hann lifi eins eðlilegu lífi og mögulegt er."



Donald Trump og Melania Trump á fundi í Iowa í Bandaríkjunum fyrir stuttu.

Melania segir að Donald Trump hugsi ekki samkvæmt pólitískum rétttrúnaði. Hann fari sínar eigin leiðir. „Hann segir bara sannleikann eins og hann er. Hann vill að Bandaríkin verði besta land í heimi aftur og hann getur breytt því. Hann er góður stjórnandi. Bandaríkin þurfa á honum að halda."


Melania Trump klæðist eingöngu fötum frá frægustu tískuhönnuðum heims.


Trump-hjónin á leið í hátíðarkvöldverð í Washington.


Melania Trump í New York. Hún er óneitanlega glæsileg en óvíst þykir hvort það hjálpar manni hennar að komast í Hvíta húsið.

COMPUTER.IS

ASUS R556LJ
- Intel Core i3
- 256GB SSD högghelдur diskur
- nVidia GT920M
- USB3, HDMI, WiFi, Bluetooth
- Windows 10

109.900 ,-





Sennheiser HD 201
- Vönduð heyrnartól
- 3m snúra
- 3,5 og 6,3mm tengi

3.790 ,-

Lenovo IdeaPad100
- Intel Dual Core N2840
- 4GB DDR3, 500GB HDD
- USB3, HDMI, WiFi, Bluetooth
- Windows 10

64.900 ,-



Computer.is - Skipholti 50c - 582 6000



Tómbóluverð útsala og kynningar afsláttur

Sjanghæ rækjur
með súrsætri sósu
Thai kjúklingur
í rauðu karrý og hrís
eða
Ítalskt lasagne með salati
og hvítlauksbrauði
2 réttir=
1.490 kr. per. mann
- þetta er ekki djók!

MínirMenn
VEISLUÞJÓNUSTA
Nánar á minirmenn.is

# LAGERHREINSUN




## 70% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

## KAREN MILLEN

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir




# PJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**REGNBOGALITIR**
Málningarþjónusta, vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. Sími 891 9890 malarar@simnet.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**MARKMIÐ VERKTAKAR**
**ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD**
Smíðavinna · Pípulagnir
Raflagnir · Málningavinna
Múrviðgerðir · Flísalagnir
Hellulagnir · Jarðvinna
Lóðavinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Uppl. í síma: 820 8888

Ýmiskonar húsaviðhald S: 8478704. manninn@hotmail.com

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896 5778

Tek að mér minni verkefni og lagfæringar í íbúðum. S. 5540496

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

**KÆRLEIKS-LJÓSIÐ**
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
Visa 566 7311 euro
Tímapantanir í síma 8694650

**SPÁSÍMI 908 7000**
Spámiðlun, tarot, fyrirbænir, algjör trúnaður. Opið til 22.

**661 3839 - SÍMASPÁ**
Opið frá kl. 14 alla daga.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Viðgerðir

Heimilistæki - Viðgerðarþjónusta - Viðhald. Sækjum og skilum. Casa-Raf ehf S. 845 5976

## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

## Til sölu

Von & Bjargir
Hjálparsamtök



Nytjamarkaðir
Grensásvegi 14, bakhúsi
og Norðurbrún 2




**Viltu gefa eitthvað? ...við sækjum**
**Símar 662 7222 og 578 6262**
**Vefverslun: vonogbjargir.is**



**ÚTSÖLULOK 3 VERÐ.**
995,- 1.995,- 2.995,- Mussa á mynd 2.995,- Peysa á mynd 2.995,- Erum á facebook Súpersól, Hólmaseli 2, Seljahverfi. 567-2077 587-0077 Opið 10-22 alla virka daga Laugardaga 12-18

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Nudd

**VALENTÍNUSARTILBOÐ FYRIR PÖR**
**Á TANTRA NUDDI**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 2-3ja herb. íbúð í Laugarneshverfi (e. 3 mán) f. einst. móðir með 1 barn. Reglusöm, 100% greiðslur og tryggingar. Uppl. í s. 897 1995

## Atvinnuhúsnæði

**GÓÐ FJÁRFESTING**
Til sölu mjög góð 50 m2 atvinnubil í Steinhellu 14, Hfn. Góð lán - auðveld kaup. Verð frá: 10,3 m S: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Atvinna í boði

**FISKVINNSLA Í HFJ.**
Óska eftir vönu starfsfólki við snyrtingu og pökkun. Einnig vantar starfsmann í útkeyrslu Uppl. í s. 824 3180

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir duglegum starfsmanni með bílpróf í fullt starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf strax. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

## tilkynningar

ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

### Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki úr þróunarfjárframlagi til hrossaræktar

Markmið styrkveitinganna er að efla markaðssókn og ræktun íslenska hestsins.

**Styrkhæf eru hvers konar verkefni er lúta að:**
a) Kynbótum hrossa, fóðrun þeirra eða meðferð.
b) Tamningum og þjálfun hrossa sem stuðla að auknum árangri og ávinningi.
c) Markaðs-, kynningar- og nýsköpunarstarfi.

Lögð er megin áhersla á að styrkja átaks- og nýsköpunarverkefni sem geta orðið sjálfbær eftir að þróunartímabili þeirra lýkur, útgáfu- og kynningarstarfsemi og hagnýtar rannsóknir. Sjóðurinn hefur til ráðstöfunar 5,6 milljónir króna.

Í umsóknum skal gerð skýr grein fyrir verkefninu sem í hlut á, markmiði þess, framkvæmdaáætlun og ávinningi. Hverri umsókn skal fylgja greinargóð kostnaðaráætlun. Ráðuneytið metur styrkhæfi umsókna og ákveður afgreiðslu þeirra.

Umsóknir skulu berast atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík eða á netfangið postur@anr.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 21. mars 2016.**

Nánari upplýsingar veitir Hanna Dóra Hólm Másdóttir í síma 545 9700. Einnig má senda fyrirspurnir með tölvupósti á netfangið hanna.dora.masdottir@anr.is.

## fasteignir

**Fasteignasala Kópavogs**
Ábyrgð, reynsla & góð þjónusta
Gyða Gerðarsdóttir
lögg. fasteignasali

### Bugðulækur 4, sérhæð.




**Opið hús fimmtudaginn 11 febrúar kl 17.15 til 17.45.**
Íbúðin er á fyrstu hæð (merkt Páll og Sigurlína á hurð)
Vel skipulögð 135,4 fm, 6 herbergja íbúð, með tvennar svalir og geymslu í kjallara, ásamt 26,4 fm bílskúr og upphituðu bílastæði. Alls 161,8 fm. Stutt í alla þjónustu og skóla. **Ásett verð, 56,9 mkr.**
Uppl. í síma 8963867 Kristján

**Vegna mikillar sölu vantar fleiri eignir á skrá.**
Fasteignasala Kópavogs • Hamraborg 14a • S 517 2600

## tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að

**Hótel í landi Orustustaða, Skaftárhreppi**

skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík og á **www.skipulag.is**. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **11. mars 2016.**

Sveitarfélagið ÁRBORG

### Auglýsing um Tillögu að deiliskipulagsbreytingu Hulduhólshverfis á Eyrarbakka.

Samkvæmt 1. mgr.43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagsbreytingu Hulduhóls íbúðahverfis á Eyrarbakka.

Afmörkun deiliskipulagsreitsins nær yfir allar lóðir sem tilheyra götunni Hulduhól, auk tveggja lóða við Þykkvuflöt. Breytingin sem nú er gerð tekur yfir næst innsta botlanga götunnar og tvær parhúsalóðir. Búið er að leggja gö tur og malbika en annars hefur ekki verið byggt á þeim lóðum sem breytingin nær til. Innan deiliskipulagsreitsins hafa verið byggð 2 íbúðarhús frá því skipulagið var upphaflega samþykkt og hefur breyting þessi ekki áhrif á þau.

Markmið breytingarinnar er að gera ráð fyrir minni íbúðum en áður var. Skipulagsbreytingin gerir ráð fyrir að breyta tveim parhúsa lóðum í tvær raðhúsalóðir , sem þýðir fjölgun íbúða um tvær. Einnig er þrem einbýlishúalóðum breytt í eina raðhúsalóð, við það fjölgar íbúðum um fjóra. Fjölgun íbúða er því sex íbúðir og mun númer húsa innar í götunni breytast í samræmi við það.

Teikning ásamt greinargerð og skilmálum, vegna tillögunnar mun liggja frammi á skrifstofu skipulag - og byggingarfulltrúa Árborgar að Austurvegi 67 Selfossi frá og með fimmtudeginum 11. febrúar 2016 til og með þriðjudagsins 29.mars 2016.
Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila athugasemdum rennur út 29+.mars 2016, og skal þeim skilað skriflega til skipulags og byggingarfulltrúa Árborgar á skrifstofu hans að Austurvegi 67 , 800 Selfossi.
Á sama tíma er teikning, greinagerð og skilmálar til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangið bardur@arborg.is

*Bárður Guðmundsson*
*Skipulags- og byggingarfulltrúi*
*Árborg*

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!



# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!




29% afsláttur

**49 kr. stk.**

Verð áður ~~69~~ kr. stk.

Yippy ávaxtadrykkir




30% afsláttur

**159 kr. stk.**

Verð áður ~~229~~ kr. stk.

Ant Mabel, karamellu og súkkulaði muffins

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.




15% afsláttur

**549 kr. stk.**

Verð áður ~~649~~ kr. stk.

Kexsmiðju Hamingjukaka m/eplum, einnig til með bláberjum




**999 kr. stk.**

I love Milka, súkkulaðiaskja




Ást, ást, ástu... súkkulaðið mitt!

**699 kr. stk.**

Disney konfektkassi

# Aldrei aftur verkföll



**Sigurður Oddsson**
verkfræðingur

Þeir sem kalla sig aðila atvinnulífsins voru glaðhlakkalegir á forsíðu Mbl. Nýbúnir að tryggja friðinn til lengri tíma. Lausnin var heldur meiri hækkun en gert var ráð fyrir og hækkun í ár kemur fyrr. Framlag launagreiðanda í lífeyrissjóð hækkar úr 8% í 11,5%, sem þeim reiknast 3,5% hækkun, en barnaskólareikningur segir 43,8% hækkun. Á móti fá atvinnurekendur „lækkun“ tryggingagjalda. Ekki hefur verið kynnt, hversu mikil lækkunin er, en fjármálaráðherra hefur kynnt forystu Samtaka atvinnulífsins (SA) hugmyndir stjórnvalda. Björgólfur, formaður SA, segir gjöldin vera 7,35% og að þau muni lækka um 1,5% á samningstímanum. Þorsteinn frkvstj. SA segir samtökin hafa lagt megináherslu á lækkun tryggingargjaldsins. Fengið loforð hjá stjórnvöldum. Hvað sem það nú þýðir?

Þannig er hækkun launa fastnegld niður, en lækkun tryggingagjalds í lausu lofti. Gjald sem fyrri stjórn lagði á til að standa undir atvinnuleysisbótum. Skattur sem í dag er tímaskekkja og SA hefði fyrir löngu átt að fá felldan niður. Í stað þess er hækkun launa 100% sótt til atvinnurekenda, sem nýlega fengu vaxtahækkun frá Seðlabanka. Niðurstaðan er að launahækkunin rennur jafnt frá launagreiðendum sem launþegum til Lífeyrissjóða, sem nú hafa fengið leyfi til að braska með gjaldeyri í útlöndum. Geta haldið áfram að tapa lífeyrinum í útlöndum og sýnt hagnað í krónum.

Samningurinn á að tryggja vinnufrið í þrjú ár, sem ber að fagna. Sérstaklega, ef þessir „aðilar“ nýta tímann til að tryggja framtíðarfrið. Því miður eru meiri líkur á að samningurinn verði líkt og stífla, sem safnast í og brestur eftir þrjú ár.

Í Sviss eru aldrei verkföll og þannig gæti það verið hér. Ég kynntist svissnesku aðferðinni, sem launþegi í Sviss. Henni er best lýst með fyrstu útborgun á nýju ári. Laun janúar voru hærri en desemberlaun, sem nam verðlagshækkunum (verðbólgu) fyrra árs. Í „umslaginu“ var aðeins meir en nam verðbólguhækkuninni. Ég spurðist fyrir. Skýringin var að mánaðarlaun voru föst allt árið á undan. Þó verðbólga hafi ekki verið mikil var hún reiknuð fyrir hvern mánuð ársins og skilað með fyrstu útborgun launa á nýju ári. Þannig voru launin verðtryggð, þrátt fyrir að ekki þekktist verðtrygging lána, sem býðst t.d. við kaup á íbúð. Alveg öfugt við það sem er hjá okkur.

Í Sviss eru líka lífeyrissjóðir. Ekki er skylda að vera í þeim. Ég gekk í lífeyrissjóð, sem ábyrgur maður með konu og barn. Skömmu eftir að ég kom heim fékk ég bréf frá lífeyrissjóðnum, sem spurði: Hvað ætti að gera við sjóðseign mína? Hvort hún skyldi flutt í annan sjóð eða lögð inn á fyrrum launareikning minn?

Nokkrum árum seinna fór ég til Sviss. Þá voru fyrrum vinnufélagar mínir að stofna verkfræðistofu. Stofnfé var að stærstum hluta endurgreiðsla frá lífeyrissjóðnum, sem auk þess lánaði þeim til að byrja reksturinn.

Íslensk stjórnvöld gætu lært mikið af Svisslendingum, sem aldrei myndu fórna sjálfstæðinu á altari Evrópusambandsins.

**Í Sviss eru aldrei verkföll og þannig gæti það verið hér. Ég kynntist svissnesku aðferðinni, sem launþegi í Sviss. Henni er best lýst með fyrstu útborgun á nýju ári. Laun janúar voru hærri en desemberlaun, sem nam verðlagshækkunum (verðbólgu) fyrra árs.**

# Dýrara fyrir eldri borgara að búa í Kópavogi



**Pétur Hrafn Sigurðsson**
bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Kópavogi

Í Fréttablaðinu 2. febrúar sl. var birt úttekt á verði matarbakka fyrir eldri borgara í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Í ljós kemur að máltíðin og heimsendur matarbakki er dýrastur í Kópavogi, en ódýrastur í Reykjavík og Hafnarfirði. Það getur munað allt að 330 krónum á dag eða um 100.000 krónum á ári sem eldri borgarar í Kópavogi þurfa að borga umfram nágranna sína. Það munar um minna. Munurinn er enn meiri ef um heimsendan matarbakka er að ræða.

**Skiptir máli hverjir stjórna**

Í Kópavogi, Garðabæ og Mosfellsbæ hefur Sjálfstæðisflokkurinn farið með völdin lengur en elstu menn og konur kæra sig um að muna. Þessi sveitarfélög rukka eldri borgara um hæsta gjaldið fyrir matinn. Í Reykjavík og Hafnarfirði hafa jafnaðarmenn verið í forystu um árabil. Þar hafa áherslur jafnaðarmanna náð fram að ganga. Þar er matur til eldri borgara niðurgreiddur og þar er hann ódýrastur.

Hvernig skyldi standa á því? Jú, það skiptir nefnilega máli hverjir stjórna. Eldri borgarar margir hverjir hafa ekki mikið fé á milli handa og enginn er öfundsverður af ellilífeyri einum saman. Margir eiga erfitt með að láta enda ná saman. Áherslumunur jafnaðarmanna og hægri manna kemur hér fram á kristaltæran hátt.





**MILLJÓNAVELTAN 20.000.000**

**20749 B**

**MILLJÓN Á MANN 1.000.000**

1020 H | 1704 B | 2915 E | 9170 G | 14556 G

**AÐALÚTDRÁTTUR 70.000.000**

**5.000.000** 25.000.000 TROMP — **20136**

**500.000 /2.500.000 TROMP**

15690 | 16825 | 19372 | 25072 | 34885 | 37158

**200.000** 1.000.000 TROMP

2683 | 3861 | 5008 | 5380 | 20513 | 30296 | 36070 | 36409 | 55289 | 59850

**100.000** 500.000 TROMP

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 579 | 5159 | 11100 | 24073 | 27466 | 34342 | 38357 | 42227 | 51003 | 54980 |
| 1948 | 5819 | 11356 | 24614 | 29092 | 36378 | 38386 | 46487 | 51508 | 55438 |
| 1983 | 6969 | 11974 | 25252 | 29574 | 37757 | 38475 | 46496 | 51529 | 55924 |
| 2547 | 10047 | 13343 | 25494 | 29885 | 37823 | 38790 | 49162 | 53911 | 57017 |
| 2653 | 10472 | 23776 | 26422 | 33625 | 37953 | 40391 | 49556 | 54494 | 57567 |

**50.000** 250.000 TROMP

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4064 | 14257 | 15560 | 20184 | 27966 | 31578 | 34314 | 39382 | 48493 | 55000 |
| 5690 | 14772 | 17389 | 23437 | 28145 | 31894 | 35028 | 39968 | 48604 | 55468 |
| 7582 | 14947 | 18161 | 25792 | 29013 | 32714 | 36978 | 41365 | 48916 | 56718 |
| 8446 | 15070 | 18604 | 26331 | 30107 | 32925 | 38565 | 44755 | 49969 | 57204 |
| 9342 | 15522 | 20126 | 26477 | 30264 | 33423 | 39285 | 45102 | 52523 | 57679 |

**20.000** 100.000 TROMP

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 7961 | 11263 | 14352 | 17540 | 20401 | 22818 | 26141 | 29022 | 31970 | 34647 | 37581 | 40745 | 43140 | 45903 | 49275 | 51871 | 54648 | 57811 |
| | | | 8002 | 11296 | 14360 | 17608 | 20404 | 23035 | 26197 | 29059 | 32026 | 34719 | 37679 | 40755 | 43213 | 45910 | 49290 | 51908 | 54757 | 57819 |
| | | | 8040 | 11311 | 14406 | 17643 | 20431 | 23036 | 26278 | 29102 | 32145 | 34724 | 37687 | 40765 | 43342 | 45937 | 49345 | 51919 | 54782 | 57906 |
| | | | 8068 | 11365 | 14525 | 17653 | 20481 | 23072 | 26287 | 29116 | 32173 | 34744 | 37726 | 40837 | 43354 | 45977 | 49387 | 52065 | 54794 | 57909 |
| | | | 8075 | 11476 | 14598 | 17663 | 20493 | 23104 | 26290 | 29142 | 32191 | 34799 | 37728 | 40930 | 43388 | 45980 | 49397 | 52075 | 54810 | 57913 |
| | | | 8103 | 11502 | 14618 | 17664 | 20496 | 23154 | 26380 | 29209 | 32241 | 34860 | 37768 | 40951 | 43443 | 46031 | 49431 | 52081 | 54856 | 58019 |
| 51 | 2155 | 4421 | 8186 | 11508 | 14623 | 17893 | 20534 | 23168 | 26577 | 29219 | 32260 | 34920 | 37801 | 40991 | 43444 | 46047 | 49519 | 52157 | 54941 | 58120 |
| 115 | 2182 | 4462 | 8215 | 11579 | 14676 | 17894 | 20553 | 23323 | 26592 | 29232 | 32404 | 34989 | 37846 | 41063 | 43464 | 46215 | 49526 | 52193 | 54967 | 58220 |
| 118 | 2221 | 4480 | 8308 | 11584 | 14715 | 17902 | 20554 | 23361 | 26744 | 29253 | 32492 | 34999 | 37949 | 41065 | 43471 | 46299 | 49558 | 52259 | 55045 | 58257 |
| 137 | 2265 | 4491 | 8405 | 11622 | 14743 | 17933 | 20614 | 23385 | 26802 | 29390 | 32500 | 35001 | 37975 | 41067 | 43559 | 46311 | 49559 | 52340 | 55139 | 58286 |
| 150 | 2293 | 4502 | 8426 | 11665 | 14860 | 17955 | 20658 | 23433 | 26817 | 29517 | 32520 | 35021 | 38057 | 41085 | 43711 | 46332 | 49625 | 52474 | 55166 | 58296 |
| 155 | 2299 | 4503 | 8615 | 11720 | 14888 | 18018 | 20672 | 23496 | 26891 | 29524 | 32536 | 35156 | 38061 | 41131 | 43725 | 46408 | 49688 | 52548 | 55280 | 58297 |
| 182 | 2372 | 4613 | 8642 | 11722 | 14904 | 18200 | 20679 | 23574 | 26949 | 29525 | 32542 | 35280 | 38089 | 41149 | 43790 | 46422 | 49749 | 52550 | 55308 | 58307 |
| 214 | 2383 | 4727 | 8682 | 11845 | 14977 | 18355 | 20781 | 23675 | 26985 | 29581 | 32544 | 35361 | 38170 | 41169 | 43815 | 46446 | 49760 | 52590 | 55315 | 58328 |
| 226 | 2403 | 4762 | 8694 | 11856 | 15043 | 18365 | 20830 | 23701 | 27009 | 29584 | 32608 | 35363 | 38179 | 41178 | 43940 | 46695 | 49788 | 52602 | 55322 | 58405 |
| 264 | 2406 | 4775 | 8773 | 11961 | 15120 | 18393 | 20838 | 23758 | 27065 | 29685 | 32640 | 35415 | 38226 | 41186 | 44018 | 46759 | 49789 | 52833 | 55352 | 58442 |
| 272 | 2428 | 4893 | 8796 | 11969 | 15189 | 18396 | 20844 | 23769 | 27136 | 29703 | 32663 | 35537 | 38229 | 41234 | 44073 | 46799 | 49841 | 52862 | 55354 | 58444 |
| 373 | 2433 | 4921 | 8862 | 12008 | 15257 | 18410 | 20926 | 23887 | 27142 | 29807 | 32723 | 35617 | 38302 | 41256 | 44079 | 46804 | 49948 | 52876 | 55372 | 58522 |
| 390 | 2466 | 5054 | 8885 | 12022 | 15335 | 18529 | 20944 | 23891 | 27172 | 29873 | 32811 | 35707 | 38510 | 41261 | 44102 | 46920 | 50070 | 52987 | 55403 | 58527 |
| 441 | 2500 | 5200 | 9029 | 12038 | 15367 | 18547 | 20953 | 23953 | 27258 | 29903 | 32904 | 35738 | 38710 | 41294 | 44156 | 46946 | 50080 | 53060 | 55442 | 58551 |
| 498 | 2504 | 5237 | 9047 | 12141 | 15388 | 18561 | 21029 | 23989 | 27273 | 29910 | 32915 | 35879 | 38854 | 41334 | 44191 | 46990 | 50136 | 53110 | 55447 | 58566 |
| 504 | 2572 | 5392 | 9063 | 12217 | 15409 | 18580 | 21080 | 24157 | 27274 | 29973 | 32919 | 35920 | 38992 | 41383 | 44225 | 47145 | 50168 | 53170 | 55472 | 58652 |
| 578 | 2710 | 5443 | 9153 | 12324 | 15417 | 18634 | 21153 | 24166 | 27283 | 29997 | 32922 | 35930 | 39026 | 41392 | 44322 | 47215 | 50228 | 53243 | 55692 | 58693 |
| 591 | 2712 | 5455 | 9196 | 12331 | 15447 | 18653 | 21160 | 24208 | 27299 | 30124 | 32955 | 36015 | 39077 | 41402 | 44338 | 47267 | 50320 | 53267 | 55920 | 58695 |
| 623 | 2896 | 5575 | 9304 | 12372 | 15605 | 18679 | 21234 | 24223 | 27306 | 30159 | 32980 | 36061 | 39194 | 41412 | 44357 | 47297 | 50353 | 53335 | 55961 | 58730 |
| 753 | 2907 | 5584 | 9572 | 12503 | 15687 | 18711 | 21268 | 24277 | 27312 | 30167 | 33025 | 36114 | 39205 | 41420 | 44389 | 47378 | 50356 | 53408 | 55983 | 58744 |
| 765 | 2941 | 5821 | 9575 | 12505 | 15828 | 18751 | 21325 | 24286 | 27324 | 30190 | 33048 | 36196 | 39218 | 41443 | 44395 | 47418 | 50397 | 53432 | 55991 | 58792 |
| 810 | 3001 | 5831 | 9582 | 12516 | 15848 | 18764 | 21357 | 24358 | 27329 | 30197 | 33059 | 36248 | 39364 | 41512 | 44412 | 47462 | 50399 | 53433 | 56080 | 58795 |
| 862 | 3038 | 5856 | 9586 | 12546 | 15855 | 18819 | 21396 | 24360 | 27371 | 30285 | 33088 | 36268 | 39376 | 41555 | 44421 | 47482 | 50402 | 53532 | 56205 | 58809 |
| 883 | 3157 | 5961 | 9656 | 12563 | 15971 | 18853 | 21401 | 24404 | 27436 | 30318 | 33094 | 36390 | 39405 | 41563 | 44423 | 47605 | 50426 | 53575 | 56231 | 58811 |
| 893 | 3165 | 6017 | 9708 | 12590 | 16035 | 18899 | 21510 | 24484 | 27443 | 30372 | 33110 | 36391 | 39431 | 41610 | 44586 | 47764 | 50532 | 53584 | 56265 | 58850 |
| 903 | 3171 | 6038 | 9720 | 12616 | 16077 | 18900 | 21538 | 24515 | 27488 | 30493 | 33130 | 36423 | 39461 | 41619 | 44623 | 47833 | 50559 | 53648 | 56333 | 58923 |
| 1021 | 3187 | 6088 | 9737 | 12623 | 16080 | 18920 | 21574 | 24566 | 27526 | 30632 | 33151 | 36430 | 39472 | 41626 | 44664 | 47871 | 50561 | 53725 | 56364 | 58955 |
| 1027 | 3188 | 6101 | 9800 | 12685 | 16112 | 18941 | 21580 | 24619 | 27542 | 30654 | 33158 | 36442 | 39510 | 41648 | 44746 | 47899 | 50637 | 53768 | 56383 | 58999 |
| 1109 | 3207 | 6115 | 9846 | 12728 | 16133 | 18973 | 21650 | 24643 | 27562 | 30700 | 33199 | 36497 | 39513 | 41717 | 44796 | 47915 | 50693 | 53829 | 56407 | 59055 |
| 1114 | 3215 | 6168 | 9901 | 12812 | 16214 | 18974 | 21693 | 24715 | 27660 | 30789 | 33223 | 36556 | 39572 | 41805 | 44876 | 47928 | 50737 | 53840 | 56548 | 59131 |
| 1172 | 3231 | 6208 | 9921 | 12950 | 16238 | 19117 | 21707 | 24739 | 27662 | 30803 | 33235 | 36621 | 39587 | 41809 | 44893 | 47981 | 50741 | 53859 | 56700 | 59217 |
| 1184 | 3237 | 6256 | 10003 | 13059 | 16384 | 19260 | 21727 | 24873 | 27771 | 30877 | 33250 | 36630 | 39601 | 41845 | 44895 | 48074 | 50788 | 53863 | 56702 | 59274 |
| 1211 | 3265 | 6350 | 10237 | 13077 | 16407 | 19265 | 21780 | 24961 | 27772 | 31016 | 33257 | 36670 | 39649 | 41902 | 44899 | 48113 | 50840 | 53945 | 56935 | 59330 |
| 1233 | 3367 | 6389 | 10295 | 13102 | 16448 | 19267 | 21867 | 24996 | 27897 | 31030 | 33331 | 36704 | 39674 | 41933 | 44914 | 48154 | 50885 | 53958 | 56943 | 59363 |
| 1244 | 3461 | 6477 | 10298 | 13152 | 16621 | 19297 | 21893 | 25012 | 27965 | 31088 | 33372 | 36734 | 39695 | 42051 | 44961 | 48166 | 51010 | 53972 | 56953 | 59383 |
| 1299 | 3476 | 6480 | 10315 | 13232 | 16703 | 19358 | 21950 | 25013 | 28023 | 31123 | 33485 | 36745 | 39736 | 42244 | 44973 | 48191 | 51044 | 54020 | 57028 | 59487 |
| 1314 | 3478 | 6481 | 10381 | 13320 | 16737 | 19369 | 21954 | 25046 | 28024 | 31174 | 33487 | 36801 | 39762 | 42364 | 44977 | 48298 | 51076 | 54077 | 57126 | 59498 |
| 1368 | 3528 | 6537 | 10412 | 13424 | 16744 | 19374 | 22059 | 25109 | 28141 | 31248 | 33587 | 36823 | 39834 | 42369 | 45004 | 48427 | 51118 | 54105 | 57137 | 59528 |
| 1442 | 3606 | 6542 | 10432 | 13429 | 16758 | 19448 | 22110 | 25137 | 28210 | 31443 | 33639 | 36831 | 39938 | 42408 | 45072 | 48446 | 51154 | 54129 | 57156 | 59536 |
| 1532 | 3675 | 6599 | 10444 | 13469 | 16797 | 19538 | 22173 | 25361 | 28245 | 31464 | 33663 | 36836 | 40071 | 42495 | 45104 | 48542 | 51188 | 54153 | 57248 | 59623 |
| 1582 | 3677 | 6619 | 10454 | 13511 | 16808 | 19547 | 22187 | 25431 | 28261 | 31481 | 33829 | 36955 | 40091 | 42498 | 45253 | 48556 | 51330 | 54159 | 57350 | 59627 |
| 1598 | 3753 | 6689 | 10633 | 13539 | 16965 | 19583 | 22219 | 25490 | 28307 | 31488 | 33891 | 36968 | 40130 | 42596 | 45318 | 48611 | 51406 | 54232 | 57426 | 59653 |
| 1659 | 3768 | 6829 | 10643 | 13547 | 16992 | 19593 | 22237 | 25618 | 28344 | 31562 | 33907 | 37023 | 40161 | 42666 | 45392 | 48732 | 51507 | 54238 | 57432 | 59737 |
| 1664 | 3779 | 7007 | 10678 | 13615 | 17016 | 19643 | 22268 | 25807 | 28374 | 31630 | 33958 | 37056 | 40179 | 42672 | 45419 | 48741 | 51561 | 54330 | 57469 | 59738 |
| 1668 | 3895 | 7038 | 10707 | 13640 | 17042 | 19683 | 22269 | 25866 | 28474 | 31634 | 34029 | 37161 | 40321 | 42677 | 45520 | 48745 | 51568 | 54418 | 57544 | 59746 |
| 1699 | 4011 | 7176 | 10724 | 13678 | 17114 | 19784 | 22313 | 25895 | 28506 | 31635 | 34055 | 37202 | 40459 | 42701 | 45538 | 48851 | 51600 | 54460 | 57562 | 59818 |
| 1721 | 4013 | 7236 | 10835 | 13815 | 17122 | 19825 | 22464 | 25947 | 28593 | 31642 | 34198 | 37259 | 40462 | 42756 | 45571 | 48853 | 51605 | 54466 | 57603 | 59833 |
| 1731 | 4063 | 7240 | 10887 | 13925 | 17163 | 19831 | 22493 | 25970 | 28717 | 31650 | 34199 | 37298 | 40476 | 42765 | 45577 | 48899 | 51611 | 54503 | 57609 | 59844 |
| 1758 | 4140 | 7298 | 10908 | 13986 | 17233 | 19934 | 22539 | 26001 | 28719 | 31698 | 34379 | 37315 | 40501 | 42777 | 45727 | 48923 | 51747 | 54506 | 57668 | 59860 |
| 1783 | 4189 | 7341 | 11053 | 14085 | 17243 | 19955 | 22564 | 26056 | 28746 | 31707 | 34414 | 37395 | 40513 | 42945 | 45731 | 48927 | 51792 | 54519 | 57734 | 59933 |
| 1917 | 4201 | 7609 | 11137 | 14105 | 17275 | 19976 | 22578 | 26091 | 28752 | 31747 | 34495 | 37422 | 40529 | 42979 | 45817 | 48961 | 51793 | 54544 | 57749 | 59936 |
| 2026 | 4288 | 7743 | 11148 | 14134 | 17323 | 19990 | 22611 | 26103 | 28829 | 31784 | 34506 | 37483 | 40594 | 43018 | 45822 | 49101 | 51806 | 54581 | 57756 | 59987 |
| 2105 | 4364 | 7794 | 11233 | 14207 | 17361 | 20032 | 22638 | 26105 | 28852 | 31817 | 34507 | 37535 | 40596 | 43098 | 45850 | 49253 | 51853 | 54584 | 57761 | |
| 2124 | 4380 | 7945 | 11245 | 14331 | 17392 | 20366 | 22681 | 26139 | 28882 | 31905 | 34549 | 37539 | 40647 | 43114 | | | | | | |

**10.000** 50.000 TROMP — ef tveir síðustu tölustafirnir í númerinu eru 10 eða 52

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
*vænlegast til vinnings*

Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 563 8300 eða hjá næsta umboðsmanni.



Haiden Palmer hefur spilað stórkostlega fyrir Snæfell í vetur og er ein helsta ástæða þess að liðið er á toppnum og komið í bikarúrslitin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Vill vinna fyrir fólkið í bænum

**Haiden Palmer, bandarískur leikmaður Snæfells í Domino's-deild kvenna, hefur flakkað á milli landa undanfarin tvö ár. Hún nýtur lífsins í Stykkishólmi þar sem hún getur einbeitt sér að körfuboltanum.**

**KÖRFUBOLTI** Haiden Denise Palmer, 24 ára gamall leikmaður Snæfells í Domino's-deild kvenna, hefur borið höfuð og herðar yfir aðra leikmenn deildarinnar í vetur. Hún skorar 26 stig, tekur tíu fráköst og gefur 4,5 stoðsendingar að meðaltali í leik fyrir ríkjandi Íslandsmeistara síðustu tveggja ár sem eru á toppnum í deildinni.

Hólmarar treysta á að Palmer leiði sínar stúlkur til sigurs í úrslitaleik Powerade-bikarsins í Laugardalshöll á laugardaginn þar sem Snæfell mætir Grindavík. Bikarmeistaratitillinn er sá eini sem Snæfell á eftir að vinna og í Stykkishólmi finnst fólki kominn tími til að bæta honum í bikarasafnið.

„Ég finn svo sannarlega fyrir því að félagið er hungrað í að vinna þennan bikar. Ég hef talað við nokkra liðsfélaga mína um þetta og ég sé hungrið á þeim. Það langar alla til að vinna þennan stóra leik þannig að við hlökkum bara til. Það verður mikið af fólki þarna sem er gaman. Þetta eru leikirnir sem allir vilja spila,“ segir Palmer brosmild í viðtali við Fréttablaðið um stóra leikinn á laugardaginn.

### Ekki alltaf í sól

Það fer ekki mikið fyrir Palmer, en hún sat hin afslappaðasta og ræddi við mótherja sinn á laugardaginn, Whitney Frazier, leikmann Grindavíkur, þegar blaðamaður truflaði samtal þeirra á blaðamannafundi fyrir bikarinn í gær.

Þessi hrikalega öflugi bakvörður var stjarna í Gonzaga-háskólanum og var tekin númer 29 í nýliðavalinu í WNBA-deildinni af Indiana Fever. Hún spilaði þó ekki í WNBA heldur fór í ævintýraför um heiminn og stoppar nú á Íslandi.

„Þetta er fallegur staður og fólkið er æðislegt. Samherjar mínir eru góðir og þjálfarinn líka sem hjálpar mikið til,“ segir Palmer sem ólst upp við öllu heitara loftslag í sínu heimaríki, Kaliforníu.

„Þetta eru mikil viðbrigði fyrir mig en ég fór í skóla í Washingtonríki þannig að ég vandist aðeins kuldanum. Það var ekki eins kalt í Washington og á Íslandi en samt kalt. Ég hef ekki bara búið við pálmatré undir sólinni,“ segir hún og hlær.

Palmer segist njóta þess að búa í Stykkishólmi. Eftir að búa í og við stórborgir alla sína ævi finnst henni gott að draga aðeins úr hraðanum og vera í rólegra umhverfi í Hólminum. Þar getur hún einbeitt sér að körfuboltanum og farið í ræktina hvenær sem henni hentar. Það sést augljóslega að þar eyðir hún dágóðum tíma. Stelpan er í formi.

„Mér líkar þetta fjölskylduumhverfi. Ég þekki alla stuðningsmennina og hitti þá úti í búð. Þetta er gott og býr til samheldni. Mann langar enn frekar að vinna fyrir fólkið í bænum þegar maður þekkir það svona vel,“ segir Palmer.

### Þakkar liðinu árangurinn

Palmer vissi lítið um Snæfell áður en hún kom til Íslands. Hún hafði þó frétt af deildinni og hvernig það er að búa á klakanum. „Það sögðu allir sem ég talaði við að þetta væri fallegt land, deildin væri góð og þetta væri í heildina góður staður til að spila körfubolta,“ segir Palmer sem ítrekar hversu vel henni líkar lífið í Hólminum.

> **Það var ekki eins kalt í Washington og á Íslandi en samt kalt. Ég hef ekki bara búið við pálmatré og undir sólinni.**
>
> Haiden Palmer, leikmaður Snæfells

**29**

**Palmer var valin 29. í nýliðavali WNBA-deildarinnar 2014 eftir að vera stigahæst með Gonzaga-háskólanum á lokaári sínu.**

Ef þér líður vel þá spilarðu vel sagði einhver og það á við um Palmer. Hún hefur verið algjörlega mögnuð á tímabilinu en er mjög hógvær og þakkar þjálfara sínum og liðsfélögum árangurinn.

„Ég gef liðinu allt hrós fyrir það. Ég er mjög hrifin af þjálfunaraðferðum Inga og hvernig hann leyfir mér að spila. Það skiptir engu hvort ég á slæman leik eða góðan, hann kemur alltaf eins fram við mig og blæs miklu sjálfstrausti í mig. Liðsfélagarnir eru þannig líka. Þó það detti inn leikir þar sem ég hitti ekki neitt hvetja þær mig allar áfram til að skjóta,“ segir Palmer sem er að spila sem leikstjórnandi í fyrsta sinn á ferlinum. Vanalega hefur hún verið skotbakvörður.

„Ég er að venjast því að vera alltaf með boltann því ég er vön því að vera á kantinum og fá bara boltann þar og skjóta. Ég er að læra þetta og því kann ég að meta hvernig liðsfélagar mínir hafa sýnt mér þolinmæði. Ég þarf að vita hvenær ég þarf að fá aðra inn í leikinn og hvenær ég á að taka yfir. Þetta kemur bara með tímanum,“ segir Palmer.

### Geggjað tækifæri

Palmer kvartar ekkert yfir aðgerðarleysi í Hólminum. Hún heldur sér upptekinni með því að rækta eigin líkama auk þess að æfa með liðinu og þjálfa yngri flokka hjá Snæfelli.

„Mest hangi ég bara með Gunnu,“ segir Palmer og hlær, en þar vísar hún til Gunnhildar Gunnarsdóttur, fyrirliða Snæfells. „Ég er alltaf heima hjá henni að borða matinn hennar. Ég fer í ræktina á morgnana, þjálfa um eftirmiðdaginn og svo æfum við á kvöldin. Það er nóg að gera hjá mér á daginn en svo snýst þetta bara um að hanga með liðsfélögunum og slappa af.“

Þó Palmer fengi ekki tækifæri til að spila í WNBA-deildinni hefur hún ferðast um heiminn með hæfileika sína að vopni og fengið að upplifa ýmislegt. Hún er þakklát fyrir það sem hún hefur fengið að upplifa til þessa og horfir björtum augum til framtíðar.

„Ég spilaði í Púertó Ríkó og Ísrael í fyrra og svo á móti í Kína. Ég er búin að spila í fjórum löndum á tveimur árum. Það er svo geggjað að fá að tækifæri til að upplifa þetta allt og kynnast nýju fólki og nýjum menningarheimum. Maður lærir líka margt um sjálfan sig á svona ferðalagi,“ segir Haiden Palmer.

tomas@365.is

## Nýjast

**Bikarkeppni HSÍ, kvenna. 8-liða**

**Selfoss - Grótta 22-26**

**Selfoss:** Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir 10/6 (16/6), Adina Maria Ghidoarca 5 (9), Steinunn Hansdóttir 2 (3), Kristrún Steinþórsdóttir 2 (5), Perla Ruth Albertsdóttir 1 (1), Elena Elíasbet Birgisdóttir 1 (1), Jóna Margrét Ragnarsdóttir 1 (2).
**Varin skot:** Áslaug Ýr Bragadóttir 8 (26/3, 31%), Katrín Ósk Magnúsdóttir (8, 0%).
**Grótta:** Unnur Ómarsdóttir 7 (8), Anett Köbli 4 (4), Þórey Anna Ásgeirsdóttir 4 (6), Laufey Ásta Guðmundsdóttir 3/1 (3/1), Lovísa Thompson 3 (5), Sunna María Einarsdóttir 2/1 (2/1), Eva Björk Davíðsdóttir 2/1 (3/1), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 1 (2).
**Varin skot:** Íris B. Símonardóttir 19 (41/6,46%).

**EKKI EINS OG LIVERPOOL**

Rio Ferdinand, fyrrverandi miðvörður Man. Utd, hefur áhyggjur af því að sitt gamla félag fari í gegnum sömu eyðimerkurgöngu og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni gangi næsta stjóraráðning ekki upp.

Liverpool hefur aldrei unnið ensku úrvalsdeildina frá stofnun hennar en varð síðast enskur meistari árið 1990.

Fastlega er búist við að Louis van Gaal láti af störfum hjá United eftir tímabilið og er José Mourinho sterklega orðaður við starfið.

„Við viljum ekki lenda í því sem Liverpool er að ganga í gegnum. Man. Utd vill ekki vera svo lengi úti í auðninni þar sem liðið vinnur ekkert og er ekki í baráttu um titla. Það má ekki gerast hjá Manchester United. Vandamálið er núna hver verður valinn,“ segir Rio Ferdinand.

**RÓBERT TIL ÁRHUS**

Landsliðsmaðurinn Róbert Gunnarsson hefur skrifað undir tveggja ára samning við danska handboltaliðið Århus Håndbold. Þetta kom fram á heimasíðu félagsins í gær.

Róbert kemur til Århus í sumar frá franska meistaraliðinu Paris Saint-Germain. Róbert þekkir vel til hjá Århus en hann lék með liðinu á árunum 2002-05.

Róbert er í miklum metum hjá stuðningsmönnum Århus en hann var markakóngur dönsku deildarinnar tímabilið 2004-05 með 241 mark. Sama tímabil var hann valinn besti leikmaður dönsku deildarinnar.

Róbert, sem verður 36 ára í maí, hefur leikið með PSG undanfarin þrjú ár en hann hefur fengið fá tækifæri með liðinu í vetur. Hann hefur einnig leikið með þýsku liðunum Gummersbach og Rhein-Neckar Löwen á ferli sínum í atvinnumennsku.



Róbert hefur verið fastamaður í íslenska landsliðinu um langt árabil og verið með liðinu á öllum stórmótum frá og með EM 2004 í Slóveníu.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.25 | Löwen - Vardar | Sport 3 |
| 19.00 | Gæðingafimi | Sport |
| 19.40 | Lazio - Verona | Sport 4 |
| 20.00 | AT&T Pebble Beach | Golfst. |

**Olís-deild karla**

| | |
|---|---|
| 18.30 | ÍBV - FH |
| 19.00 | Akureyri - ÍR |
| 19.30 | Víkingur - Haukar |
| 19.30 | Afturelding - Fram |
| 19.30 | Valur - Grótta |

**Dominos-deild karla**

| | |
|---|---|
| 19.15 | Tindastóll - Njarðvík |


DANS & JÓGA KYNNIR
Berocca
RISA
ZUMBA
partý
THEA · JÓI · HRAFNHILDUR
PÁLL ÓSKAR
20. FEBRÚAR
VALSHÖLLIN
LAUGARDAGSMORGUN KL. 11.00
MIÐASALA Á MIÐI.IS
DANS & JÓGA
www.dansogjoga.is
HLJÓÐ, LJÓS OG SVIÐ FRÁ HLJÓÐX

Móðir okkar,

**Kristín Guðmundsdóttir**

hýbýlafræðingur,

er látin.

**Ragnhildur Skarphéðinsdóttir**
**Kristinn Haukur Skarphéðinsson**
**Ögmundur Skarphéðinsson**

---



Elskulegur faðir minn,

**Guðmundur Björnsson**

frá Múla í Álftafirði, síðast til heimilis að Kópavogsbraut 1b, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 5. febrúar. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 12. febrúar kl. 15.00.

**Gerður Guðmundsdóttir**

---



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Hannesdóttir**

frá Snartarstöðum, til heimilis að Brákarhlíð, Borgarnesi,

andaðist á Brákarhlíð aðfaranótt 5. febrúar. Útför fer fram frá Lundarkirkju í Lundarreykjadal laugardaginn 13. febrúar kl. 11.

**Aðstandendur**

---



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Ásdísar Erlingsdóttur**

frá Bjargi við Sundlaugaveg.

Guðmundi Rúnarssyni lækni, hjúkrunarfólki Heimahlynningar Landspítalans og Heimaþjónustu Reykjavíkur færum við hjartans þakkir fyrir einstaka umönnun og stuðning.

**Úlfar H. Nathanaelsson**
**Sigríður Ída Úlfarsdóttir**
**Úlfhildur Sigríður Úlfarsdóttir** **Marteinn Jónsson**
**Ólöf Pálína Úlfarsdóttir**
**Petrína Sæunn Úlfarsdóttir** **Eiríkur Jónsson**
**Þorsteinn Erlingur Úlfarsson** **Sandra Callan**
**Ólafur Helgi Úlfarsson** **Anna Alexandersdóttir**
**Erlingur Pétur Úlfarsson** **Lilja Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigríður Pálmadóttir**

Víðilundi 20, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð 3. febrúar. Útför hennar fer fram frá Möðruvallaklausturskirkju 13. febrúar kl. 14.00.

**Stefán Lárusson** **Pálmi Lárusson**
**Elín Lárusdóttir** **Baldvin Haraldsson**
**Sigrún Lárusdóttir** **Davíð Hjálmar Haraldsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Jens Alexandersson**

ljósmyndari, áður James Henry Pope,

lést í Helsinki, Finnlandi, 28. desember 2015. Útförin hefur farið fram.

**Einar Hjalti Jensson** **Hannah Jensson**
**Egill Fjalar Jensson**
**Linda Snærós Einarsdóttir**

---

# Tónar innfluttir úr fjallasal

**Raftónlistarkonan Kira Kira skapar hljóðmynd fyrir afmælisbarnið Yoga Moves sem blæs til veislu í Gamla bíói. Hún leitaði innblásturs í gamalli kirkju sem hún dvaldi í vikulangt.**



Kira Kira segir tónana djúpa og mikinn bassa einkenna það sem afmælisgestirnir fá að njóta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Þegar Tómas spurði mig hvort ég væri til í að skapa hljóðmynd fyrir yoga-flæðið í Gamla bíói, þá hugsaði ég mig ekki einu sinni um. Ég sagði bara já, auðvitað,“ segir tónlistarkonan Kristín Björk Kristjánsdóttir, sem gengur undir listamannsnafninu Kira Kira. Hún hefur samið sérlega hljóðmynd fyrir afmælisfagnað Yoga Moves, sem fagnar tveggja ára afmæli í dag, og verður slegið upp Yoga Moves-veislu í kvöld. Listrænn útgangspunktur verks Kristínar er hafið, eða djúpið, líkt og þema afmælisveislunnar, og má með sanni segja að listakonan hafi bókstaflega farið og náð sér í sinn innblástur.

„Mig langaði að semja eitthvað nýtt fyrir þetta og var reyndar búin að ákveða að láta mig hverfa á Stöðvarfjörð í smá tíma, en þar á fjölskylda vinar míns gamla kirkju sem notuð er sem sumarhús. Ég fékk að lauma mér þangað í viku, og taka í gegnum mig yoga-straumana,“ útskýrir Kristín og bætir við að dvölin hafi verið æðisleg, enda sé um stórkostlegan stað að ræða. „Það gerir eitthvað við hjartað að sjá sólina skína á snæviþakta fjallstoppa. Það er bara þannig.“ Kristín segir útlegðina skila sér í djúpri sælu, sem svo geri það að verkum að í kollinum skapist pláss fyrir eitthvað nýtt að verða til.

Aðspurð um hvernig tónarnir skili sér frá fjallasalnum í Stöðvarfirði, alla leið inn í Gamla bíó, skellir hún upp úr og svarar til: „Ég get alveg sagt þér eitthvað en það mun aldrei komast nálægt upplifuninni. Ég er að vinna mikið með djúpa bassatóna, hlýtt og ljósríkt sveim. Ég er raftónlistarkona í hjarta mér, og nota gjarnan analog hljóðgervla í bland við röddina og alls konar hljóð sem ég safna saman hér og þar. Þau eru hunangið mitt.“

Hefur tónlistarkonan sjálf verið iðin við að heimsækja afmælisbarnið, síðan hún fluttist aftur til landsins eftir sex ára búsetu í Berlín. „Ég er mikil Yoga Moves stelpa. Strax eftir fyrsta tímann skildi ég eiginlega ekki hvernig ég hafði komist af án þess,“ segir hún. „Ég hef stundum verið myrk í skapi í upphafi tíma, ekki litist neitt á blikuna yfirhöfuð, ekki langað að gera eða vera neitt, eins og við upplifum stundum. En hef svo farið í gegnum magnaða umskipun í flæðinu, dansinum og ekki síst gong-slökuninni þar sem yfirtónarnir stroka einfaldlega allt rugl út úr hauskúpunni.“

**gudrun@frettabladid.is**

---



**Gísli Ellert Sigurhansson**

rennismiður og kennari, Hvassaleiti 8, Reykjavík,

lést á líknardeild LSH þann 7. febrúar síðastliðinn. Útför hans verður gerð frá Grensáskirkju mánudaginn 15. febrúar kl. 13.00.

**Helga S. Ragnarsdóttir**
**Valgerður Gísladóttir** **Gunnar E. Gunnarsson**
**Bolli Gíslason** **Jennifer Selario Gíslason**
**Ragnar Páll Bjarnason** **Hulda Guðrún Valdimarsdóttir**
**Andri Gíslason** **Heiða Ósk Garðarsdóttir**
**afabörn, langafabörn og langalangafabarn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

**Friðriks Eysteinssonar**

hagfræðings, MBA.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk heimahlynningar Karitas og líknardeildar Landspítalans í Kópavogi.

**Valgerður Oddsdóttir**
**Oddur Eysteinn Friðriksson** **Katrín Ólafía Þórhallsdóttir**
**Friðrik Húni Friðriksson**
**Guðjón Helgi Friðriksson**
**Ýmir Kaldi Oddsson**
**Þrymur Blær Oddsson**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Stefán Héðinn Gunnlaugsson**

Skálateig 7, Akureyri,

lést 8. febrúar síðastliðinn. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 19. febrúar kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hollvinasamtök Sjúkrahússins á Akureyri.

**Hugrún Engilbertsdóttir**
**Gunnlaugur Torfi Stefánsson** **Kristín Ragna Gunnarsd.**
**Eva Laufey Stefánsdóttir** **Þorleifur Kr. Níelsson**
**Stefán Héðinn Stefánsson** **Erla Hrönn Aðalgeirsdóttir**
**Davíð Stefánsson** **María B. Guðjónsdóttir**
**og barnabörn.**

---



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð vegna andláts okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Sigurðar J. Svavarssonar**

Sérstakar þakkir til starfsfólks gjörgæsludeildar Landspítalans við Hringbraut og Knattspyrnufélagsins Fram.

**Katrín L. Irvin**
**Ingibjörg Sigurðardóttir** **Alexander Bridde**
**Einar Sigurðsson** **Aðalbjörg Sigurðardóttir**
**Gróa M. Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Erling Sigurðsson**

bílasmíðameistari,

andaðist á Landspítalanum þann 3. febrúar sl. Útförin fer fram frá kirkju Óháða safnaðarins, Háteigsvegi 56, Reykjavík, föstudaginn 12. febrúar kl. 14.00.

**Margrét Rós Erlingsdóttir** **Guðmundur Nikulásson**
**Jóhanna Gerða Erlingsdóttir** **Ólafur R. Jónsson**
**María Elsa Erlingsdóttir**
**Katrín Birna Erlingsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi, vinur og fyrrverandi maki,

**Gísli Reynir Sigurðsson**

lést á Borgarspítalanum 3. febrúar. Útför hans fer fram frá Háteigskirkju þriðjudaginn 16. febrúar kl. 15. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarkort Krabbameinsfélag Íslands.

**Íris Gísladóttir Zell** **Jonas Zell**
**Sigurður Gíslason**
**Pétur Gíslason** **Björk Guðjónsdóttir**
**Steinar Gíslason** **Geirfríður Sif Magnúsdóttir**
**Ragnheiður Kjartansdóttir**
**Ágústa Inga Pétursdóttir**
**og barnabörn.**




# FJÖLBREYTTAR **FREISTINGAR**

Indversk veisla í Reykjavík. Í þætti kvöldsins býður Eva Laufey vinkonum sínum í indverska veislu með öllu tilheyrandi. Tikka Masala kjúklingaréttur, ljúffengur grænmetisréttur, naan brauð og æðisleg súpa sem bragð er af.

365.is | Sími 1817

365

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Í dag stefnir í vetrarlegan dag með snjókomu eða éljum víða, þar á meðal á höfuðborgarsvæðinu. Útlit er fyrir talsverða snjókomu eða slyddu suðaustan til og því ráðlegt að athuga spár og færð áður en haldið er af stað á þeim slóðum.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -2° | -4° | -5° |
| ← 8 | ↙ 12 | ↑ 5 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 1° | 1° | -4° |
| ↑ 14 | ← 5 | ↑ 7 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 0° | -2° | -6° |
| ↖ 17 | ↖ 5 | ↑ 4 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -5° | -0° | -6° |
| ↙ 3 | ↙ 12 | → 2 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. strit
6. mannþyrping
8. verkur
9. óhreinindi
11. skst.
12. eiturlyf
14. húrra
16. kveðja
17. tilvist
18. ennþá
20. haf
21. halda brott

**LÓÐRÉTT**
1. knattleiks-knött
3. ólæti
4. glettnislegur
5. sjáðu
7. grátbiðja
10. meiðsli
13. frostskemmd
15. ómögulegur
16. er með
19. númer




**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. baks, 6. ös, 8. tak, 9. kám, 11. no, 12. krakk, 14. bravó, 16. hæ, 17. líf, 18. enn, 20. sæ, 21. fara.
**LÓÐRÉTT:** 1. pökk, 3. at, 4. kankvís, 5. sko, 7. sár-bæna, 10. mar, 13. kal, 15. ófær, 16. hef, 19. nr.

### Skák Gunnar Björnsson

Lengyel átti leik gegn Portisch í Malaga árið 1964.

**1. ... Dg4+! 2. Kh6 Dg5+!** Jafntefli samið þar sem patt er ekki umflúið. **2. Kf6** er svarað með **2. ... De6+!**

**www.skak.is:** Lokaumferð Nóa Síríus mótsins í kvöld.

Svartur á leik



## Sudoku

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | 4 | | 1 | | 6 |
| | | 7 | | 3 | 8 | 9 | 5 | |
| | | 5 | | 7 | | | | |
| | | | | 9 | | 5 | | |
| 8 | 9 | | | 6 | | 2 | 1 | |
| | | | | | 4 | 3 | | 7 |
| 6 | | 4 | | 5 | | 8 | | |
| 7 | | 1 | | | | 6 | 4 | |
| 3 | 8 | | | | | | | |

MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 4 | 7 | | | 8 |
| | 1 | | | | | | 9 | |
| 8 | | | | 1 | 2 | | 3 | |
| 4 | 8 | | | 3 | | 5 | | |
| | | 2 | 4 | | | | | |
| 3 | 9 | | 2 | | 8 | 7 | | |
| | | 1 | | 8 | | | | 6 |
| 5 | 7 | | 6 | | | | | |
| 6 | | | | 2 | 3 | | | |

ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | | | 9 | | |
| 3 | 4 | 5 | | | 6 | | 8 | |
| 6 | 7 | | | | | 2 | | |
| | | | | 5 | | 3 | | |
| | 6 | 2 | 3 | | | | 4 | |
| 9 | 1 | | | | 8 | | 2 | |
| | | | 8 | | | 1 | | |
| | | 6 | 1 | | | | | |
| 8 | | | | 3 | | | 7 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 6 | 3 | 7 | 4 | 8 | 2 | 1 | 5 |
| 7 | 8 | 2 | 5 | 9 | 1 | 6 | 3 | 4 |
| 5 | 1 | 4 | 6 | 2 | 3 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 7 | 1 | 8 | 6 | 2 | 5 | 9 | 3 |
| 2 | 5 | 8 | 9 | 3 | 7 | 4 | 6 | 1 |
| 3 | 9 | 6 | 1 | 5 | 4 | 8 | 2 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 2 | 1 | 5 | 9 | 4 | 8 |
| 8 | 4 | 9 | 3 | 7 | 6 | 1 | 5 | 2 |
| 1 | 2 | 5 | 4 | 8 | 9 | 3 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 9 | 6 | 7 | 4 | 2 | 8 | 3 |
| 2 | 3 | 6 | 9 | 5 | 8 | 1 | 4 | 7 |
| 7 | 8 | 4 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 | 9 |
| 4 | 7 | 2 | 8 | 3 | 5 | 9 | 1 | 6 |
| 8 | 9 | 3 | 4 | 1 | 6 | 7 | 5 | 2 |
| 5 | 6 | 1 | 7 | 9 | 2 | 8 | 3 | 4 |
| 6 | 1 | 5 | 2 | 4 | 7 | 3 | 9 | 8 |
| 3 | 2 | 8 | 5 | 6 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 9 | 4 | 7 | 3 | 8 | 1 | 6 | 2 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 7 | 8 | 3 | 6 | 2 | 4 | 9 |
| 9 | 6 | 8 | 1 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 |
| 3 | 2 | 4 | 5 | 7 | 9 | 1 | 8 | 6 |
| 4 | 9 | 3 | 2 | 6 | 7 | 5 | 1 | 8 |
| 2 | 1 | 6 | 9 | 8 | 5 | 4 | 7 | 3 |
| 7 | 8 | 5 | 4 | 1 | 3 | 9 | 6 | 2 |
| 5 | 7 | 1 | 3 | 9 | 8 | 6 | 2 | 4 |
| 6 | 3 | 2 | 7 | 4 | 1 | 8 | 9 | 5 |
| 8 | 4 | 9 | 6 | 5 | 2 | 7 | 3 | 1 |

## Myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# 3 DAGAR

## ERT ÞÚ KLÁR Í ÞRJÁ DAGA?

Við vitum öll hvað getur gerst. Hví ekki að búa sig undir það? Rauði krossinn hvetur alla Íslendinga til að vera búna undir það að sjá um sig án hita, vatns, rafmagns, verslana og netsambands í þrjá daga. Góður undirbúningur getur bjargað lífi þeirra sem þér þykir vænst um.

Á vefsíðunni **3dagar.is** finnur þú nánari upplýsingar um það sem getur komið upp á í þínu umhverfi og hvernig best er að vera klár.

### NOKKRIR HLUTIR SEM MÆLT ER MEÐ AÐ HAFA Í VIÐLAGAKASSA

- Listi yfir mikilvæg símanúmer
- Hreinlætisvörur
- Beinharðir peningar
- Matur með langt geymsluþol
- Kerti og eldspýtur
- Útvarp með langbylgju
- Leikföng og spil
- Vasahnífur eða fjölnotaverkfæri
- Sterkt viðgerðarlímband
- Vasaljós og ljósalugt
- Vatn á flöskum eða í brúsa
- Teppi til að kúra saman í kuldanum

RAUÐI KROSSINN
ICELANDIC RED CROSS

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ
MENNING

# Undrandi og ánægðir bókmenntaverðlaunahafar

**Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir 2015 voru veitt í gær af forseta Íslands. Handhafar eru Einar Már Guðmundsson, Gunnar Helgason og Gunnar Þór Bjarnason. Hver um sig fær eina milljón króna.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is





Gunnarar tveir og einn Einar kampakátir á æðsta heimili landsins, Bessastöðum, í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Einar Már Guðmundsson fær íslensku bókmenntaverðlaunin nú í fyrsta skipti, þrátt fyrir að hafa fengist við ritstörf í þrjátíu og fimm ár. „Ég hef nokkrum sinnum verið tilnefndur til verðlaunanna og var orðinn frægur fyrir að hafa ekki fengið þau," segir hann sposkur.

Hundadagar eru 26. bók Einars. Hún á sér langan aðdraganda. „Ég hef haft áhuga á því sem þar er frá sagt í svona aldarfjórðung að minnsta kosti. Séra Jón Steingrímsson og Jörundur hundadagakonungur eru auðvitað persónur sem alltaf hafa svifið yfir vötnum. En þegar farið var að skoða þær nánar var svo miklu meira að segja frá. Sagan hefur verið svo einfölduð. Þá var bara horft á Ísland og Danmörku en ekki þessi tvö lönd í samhengi við Evrópu og allan heiminn. Þetta er tími frönsku byltingarinnar, Napóleonsstyrjaldanna og tveimur árum áður en Jörundur kemur til Íslands eru Englendingar að kveikja í Kaupmannahöfn. Það gengur mikið á.

Jörundur er í rauninni leppur Englendinga og þannig búinn að snúa baki í eigin þjóð, Dani, en fer svo með byltinguna í allt aðrar áttir en Englendingar ætluðust til. Maður sem ætlar að breyta öllu en stendur svo uppi einn – það er ekki hægt að hugsa sér betra söguefni."

Þegar Einari er óskað til hamingju með verðlaunin brosir hann. „Það er spurning hvort maður vilji vera þekktur fyrir að fá verðlaunin eða fá þau ekki. Það er ekki nema tvennt í stöðunni. Auðvitað fyllist maður þakklæti þegar maður er heiðraður með þessum hætti en mundi heldur ekki gefast upp þó maður stæði fyrir utan."

**Fer hratt gegnum gleðinnar dyr**

„Mér finnst þetta risastór stund og ég fer hratt gegnum gleðinnar dyr," segir Gunnar Helgason og brosir sínu breiðasta. Hann hefur tvívegis hlotið bókaverðlaun barnanna á síðustu árum fyrir fótboltabækur sínar en þetta er í fyrsta skipti sem hann er tilnefndur til þeirra íslensku – og fær þau í fyrsta skoti. Mamma klikk hlýtur að vera gríðarlega góð bók þó titillinn skori kannski ekki hátt hjá öllum mæðrum.

„Titillinn er óður til skemmtilegu mæðranna," útskýrir Gunni. „Mamma mín er mamma klikk og ég er giftur mömmu klikk. Bókin er eiginlega pæling um hvað er að vera venjulegur. Aðalsöguhetjan Stella er svolítið óvenjuleg og henni finnst mamma sín of óvenjuleg. Bókin vekur sterk viðbrögð og ég held það hafi heppnast að koma lesendum á óvart í lokin."

### Verðlaunabækurnar

- Hundadagar eftir Einar Má Guðmundsson hlaut verðlaun í flokki fagurbókmennta. Útgefandi Mál og menning.
- Mamma klikk! eftir Gunnar Helgason hlaut verðlaun í flokki barna- og unglingabóka. Útgefandi Mál og menning.
- Þegar siðmenningin fór fjandans til – Íslendingar og stríðið mikla 1914-1918 eftir Gunnar Þór Bjarnason hlaut verðlaun í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis. Útgefandi er Mál og menning.

**ÞAÐ ER SPURNING HVORT MAÐUR VILJI VERA ÞEKKTUR FYRIR AÐ FÁ VERÐLAUNIN EÐA FÁ ÞAU EKKI. ÞAÐ ER EKKI NEMA TVENNT Í STÖÐUNNI.**

Mamma klikk er níunda bók Gunna og sú fyrsta um stelpu sem aðalsöguhetju. „Ég á ekki stelpu og að skrifa um stelpu sem er að ganga inn í gelgjuna er meira en að segja það. Þurfti því aðeins að ráðfæra mig og komst að því að unglingsstelpur eru bara eins og unglingsstrákar í grunninn þótt manni fyndist þær óskiljanlegur þjóðflokkur þegar maður var sjálfur á þessum aldri."

Gunnar kveðst vera með fjórar bækur í pípunum. „Pínu vesen," viðurkennir hann. „Maður getur ekki skrifað þær allar í einu svo það er keppni!"

Hann er enn að furða sig á verðlaununum. „Mér finnst svo ótrúlegt að ég skyldi vinna, sérstaklega af því að svo óvenju margar frábærar barnabækur komu út á árinu. Þetta er fokking geðveikt."

**Maður er blindur í eigin sök**

„Ég er bara glaður og þakklátur og úrslitin komu mér á óvart. Maður er náttúrlega blindur í eigin sök," eru viðbrögð Gunnars Þórs Bjarnasonar. „Öll verkin sem tilnefnd voru, eru frábrugðin hvert öðru og maður veit ekki hvað verður ofan á. Þó við Páll Baldvin skiptum á milli okkar heimsstyrjöldunum þá eru bækurnar okkar ólíkar. Sjálfur var ég sem sagnfræðingur hrifinn af bókinni um stórhvalaveiðarnar eftir Smára Geirsson. Þar er svo margt nýtt sem mikil rannsókn liggur á bak við."

Fyrri heimsstyrjöldin er umfjöllunarefni Gunnars Þórs. Hann segir það hafa heillað hann frá því hann var strákur. „Ég skrifaði um það ritgerð í háskóla og hef spjallað um það í kennslu. Svo tók það tvö ár að sinna þessum skrifum að mestu, það var mikil törn. Rannís styrkti mig, það gerði útslagið, þá gat ég einbeitt mér að verkinu," segir Gunnar Þór sem meðal annars fór á söguslóðir. „Ég var erlendis í tvo mánuði, bæði fór ég á slóðir vesturvígstöðvanna í Belgíu og Norður-Frakklandi – þar sér maður menjar um stríðið, ótal kirkjugarða og minnismerki, það var mjög áhrifaríkt."

Í einum kaflanum gerir Gunnar Þór aðkomu Vestur-Íslendinga að styrjöldinni skil og færir með því stríðið nær okkur. „Þeir sem fluttu héðan vestur um haf voru svo nýkomnir þangað þegar þessi hildarleikur átti sér stað. 400 strákar sem voru fæddir hér á Íslandi urðu hermenn. Sumir fóru af landinu sem unglingar og fullorðnir menn. Í seinna stríðinu voru líka Vestur-Íslendingar en það var næsta kynslóð á eftir."

Aftur að verðlaununum. Þótt heiðurinn skipti mestu máli þá er hýran líka vel þegin, að sögn Gunnars. „Það er vissulega gott að fá peningaverðlaun þegar maður er að reyna að einbeita sér að því að skrifa."

# Það er ákveðinn leikur í þessu

Þóra Sigurðardóttir myndlistarkona opnar sýninguna Teikning / Rými í sýningarsal Íslenskrar grafíkur í Hafnarhúsinu að Tryggvagötu 17 á morgun, föstudag, klukkan 18. „Þetta eru allt verk frá síðustu tveimur árum en ég er við sama heygarðshornið og áður; það er visst leiðarhnoð sem ég elti," segir Þóra sem er að dreifa úr myndunum sínum í salnum. Hún kveðst hafa verið í myndlist svo lengi sem elstu menn muna. Ferlið gangi út á að þróa með sér vitund um heiminn.

„Ég byggi jafnan á sama útgangspunkti, að finna mér hlut í hversdagslegu umhverfi okkar, greina hann og kljúfa upp, bæði í teikningu og prenti. Teikningin býður upp á að vera marglaga og prentið getur líka farið hvað ofan í annað. Það er ákveðinn leikur í þessari vinnu, annars hefði ég ekki úthald," segir Þóra brosandi og bætir við – á heimspekilegum nótum: „Orkan og andinn búa í efninu, hvort með öðru en ekki aðskilin."

Gengið er inn í sal Íslenskrar grafíkur hafnarmegin. Hann er opinn frá miðvikudegi til sunnudags frá klukkan 14 til 18 og sýningin hennar Þóru stendur til 28. febrúar. **– gun**



Þóra sýnir teikningar og prent og einnig þrívíð verk. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Ferill Þóru Sigurðar

Þóra lauk námi úr kennaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands og grafíkdeild skólans. Hún sótti framhaldsnám í Danmörku með áherslu á rými, skúlptúr og málverk og lauk þaðan námi 1991. Á að baki fjölda einkasýninga og samsýninga bæði innan lands og utan. Verk hennar eru í eigu Listasafns Íslands, Listasafns Reykjavíkur og fleiri safna hér heima og erlendis. Hún hefur líka fengist við sýningarstjórn, kennslu og skólastjórn við Myndlistaskólann í Reykjavík og Hönnunar- og handverksskóla Tækniskólans.

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN 2015

# TIL HAMINGJU,
# EINAR MÁR, GUNNAR ÞÓR OG GUNNAR!










## FAGUR-BÓKMENNTIR



★★★★

„Einar Már er sögumaður af Guðs náð … meistaraverk!“

POLITIKEN

★★★★½

„Mögnuð frásagnargleði … Hér er stórskemmtileg Íslandssaga á ferðinni og minnir mann á að eitt sinn þóttu sagnfræðirit hinn besti skemmtilestur …“

VALUR GRETTISSON
DV

★★★★

„Ansi hreint hressandi, krassandi og skemmtileg heild, meira að segja … Ég held svei mér þá að Einar Már hafi ekki skrifað betri bók en þessa síðan hann setti síðasta punktinn í Engla alheimsins.“

FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR
FRÉTTATÍMINN

## FRÆÐIBÆKUR OG RIT ALMENNS EFNIS



★★★★★

„… ágætis eins bindis verk um stríðið sjálft, en verðmætin felast þó fyrst og fremst í íslenska vinklinum sem varla hafa verið gerð jafn góð skil … samfelldan og skemmtilegan texta.“

VALUR GUNNARSSON
DV

„… vel unnin og yfirgripsmikil frásögn um stríðsárin fyrri. Það er líklega stærsti kosturinn hvað bókin er aðgengileg … Hér er á ferðinni áhugaverð innsýn í tilveru Íslendinga á ófriðartímum fyrir 100 árum þar sem virkilega er vandað til verka og áhugafólk um íslenska sögu og sagnfræði ætti ekki að láta þessa fróðlegu bók framhjá sér fara.“

TINNA EIRÍKSDÓTTIR
SIRKÚSTJALDIÐ

## BARNA- OG UNGLINGABÆKUR



★★★★★

„Frásögnin er leikandi, brjálæðislega fyndin og grípur lesandann heljartökum svo honum reynist erfitt að leggja bókina frá sér.“

HALLA ÞÓRLAUG ÓSKARSDÓTTIR
FRÉTTABLAÐIÐ

„Einfaldlega frábær bók. Hún tekur á fordómum á snilldarlegan hátt og er bráðskemmtileg að auki.“

GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR
VIKAN

„… vel skrifuð, skemmtileg, bráðfyndin og yndisleg … Það er kúnst að skrifa fyndinn texta sem höfðar bæði til barna og fullorðinna en það heppnast svo sannarlega í þessari afbragðs bók.“

HILDUR ÝR ÍSBERG
SIRKÚSTJALDIÐ

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

# BÍÓ



Þær gátu nánast allt sem þær vildu, stelpurnar í The Craft voru nær óstöðvandi.

# Kvikmyndin sem vakti mikinn óhug, The Craft, fagnar 20 ára afmæli á árinu.

**Myndin sem frumsýnd var 3. maí 1996 vakti mikinn óhug hjá ungum áhorfendum, þar sem stelpurnar í The Craft bjuggu yfir mjög dularfullum og yfirskilvitlegum kröftum.**

Myndin The Craft skartar leikkonunum Fairuza Balk, Neve Campbell, Rachel True og Robin Tunney en sú síðastnefnda hefur verið á mikilli uppleið í kvikmynda- og sjónvarpsbransanum frá því hún lék í The Craft og hefur meðal annars leikið í The Mentalist og Prison Brake sem báðar eru geysivinsælar þáttaseríur sem hafa vakið mikla athygli. Handritið að myndinni er skrifað af leikstjórunum Andrew Flemming og Peter Filardi.

**Myndin sem vakti mikinn óhug**
Það muna sjálfsagt margir eftir hinni drungalegu atburðarás sem fór af stað þegar stelpurnar í The Craft hittust. Atburðarásin á sér að sjálfsögðu stað í kvikmyndinni The Craft sem frumsýnd var 3. maí 1996, fyrir tuttugu árum, og á enn þann dag í dag stað í hjarta fjölmargra áhorfenda. Myndin vakti mikinn óhug hjá ungum áhorfendum, þar sem stelpurnar bjuggu yfir mjög dularfullum kröftum.

**Fjórar stelpur sem búa yfir yfirnáttúrulegum kröftum**
Þetta byrjaði allt þegar Sarah flutti í stórborg, hún flutti með fjölskyldu sinni á nýjar slóðir til að hefja nýtt líf. Á nýjum áfangastað hittir Sarah þrjár stelpur sem búa yfir öflugum kröftum. Líkt og Sarah hafa þær allar áhuga á yfirskilvitlegum og dularfullum hlutum og saman búa þessar fjórar stelpur yfir miklum yfirnáttúrulegum kröftum. Í upphafi myndarinnar byrja þær að misnota hæfileika sína, þegar þær átta sig á því að allt sem þær þrá gengur upp. Þær geta nánast allt sem þær vilja gera, allt frá því að ná í draumaprinsinn og látið hann dýrka sig, og hvað annað sem þeim dettur í hug. Sarah reynir að fá þær, sérstaklega eina, til að hætta að misnota krafta sína. Í kjölfarið snúast stelpurnar gegn Söruh og saka hana um svik og reyna að buga hana með göldrum.



Saman búa þessar fjórar stelpur yfir miklum yfirnáttúrulegum kröftum.

Myndin hlaut góðar viðtökur og vann MTV-verðlaunin fyrir bestu slagsmál, þegar Fairuza Balk og Robin Tunney slógust með hnífum í einu af eftirminnilegustu atriðum myndarinnar.

gudrunjona@frettabladid.is

## Frumsýningar



DEADPOOL
Ævintýra- og sci-fi mynd
Aðalhlutverk: Ryan Reynolds, Morena Baccarin, Ed Skrein, T. J. Miller, Gina Carano og Brianna Hildebrand
Frumsýnd: 12. febrúar
IMDb 9,0
Rotten Tomatoes 82%



CAROL
Rómantík og drama
Aðalhlutverk: Cate Blanchett, Rooney Mara, Sarah Paulson, Kyle Chandler og Jake Lacy
Frumsýnd: 12. febrúar
IMDb 7,5/10
Rotten Tomatoes 93%



HOW TO BE SINGLE
Gamanmynd
Aðalhlutverk: Dakota Johnson, Rebel Wilson, Alison Brie, Leslie Mann og Damon Wayans Jr.
Frumsýnd: 12. febrúar
IMDb 4,8/10



ORMSSON

# Þvottadagar

## fyrir heimilin í landinu

**20%**



ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ

**AEG**

**ÞVOTTAVÉL**

*Lavamat 63272FL*

Tekur 7 kg af þvotti. 1200 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi.
Íslensk notendahandbók.

**Nú kr. 87.920,-**

Verð áður kr. 109.900



ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ

**AEG**

**ÞVOTTAVÉL**

*Lavamat 63472FL*

Tekur 7 kg af þvotti. 1400 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi.
Íslensk notendahandbók.

**Nú kr. 95.920,-**

Verð áður kr. 119.900,-



ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ
10 ÁRA ÁBYRGÐ Á MÓTOR

**AEG**

**ÞVOTTAVÉL**

*Lavamat 76485FL*

Tekur 8 kg af þvotti. 1400 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótor.
Íslensk notendahandbók.

**Nú kr. 119.200,-**

Verð áður kr. 149.900,-



ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ
10 ÁRA ÁBYRGÐ Á MÓTOR

**AEG**

**ÞVOTTAVÉL**

*Lavamat 87680*

Tekur 8 kg af þvotti. 1600 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótor.
Íslensk notendahandbók.

**Nú kr. 135.200,-**

Verð áður kr. 169.900,-



**AEG**

**ÞURRKARI - BARKALAUS**

T61271AC

Tekur 7 kg af þvotti. Ný tegund af tromlu sem minnkar slit og dregur úr krumpum. Snýr tromlu í báðar áttir og er með rakaskynjara.

**Nú kr. 95.920.-**

Verð áður kr. 119.900,-



**AEG**

**ÞURRKARI - BARKALAUS**

T76280AC

Barkarlaus þurrkari með rakaskynjara. Tekur 8 kg. af þvotti. Ný ryðfrí tromla sem minnkar slit og snýst í báðar áttir.

**Nú kr. 103.920.-**

Verð áður kr. 129.900,-



**AEG**

**UPPÞVOTTAVÉL**

F66692MOP

Topplaus, undir borðplötu. Hljóðlát 43db með 7 þvottakerfi og þurrkun.

HVÍT **Nú kr. 119.920,-**

Verð áður kr. 149.900,-



**AEG**

**UPPÞVOTTAVÉL**

FSILENCM2P

Topplaus, undir borðplötu. Hljóðlát 39db með 6 þvottakerfi og þurrkun.

STÁL **Nú kr. 111.920,-**

Verð áður kr. 139.900

ormsson.is

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

**Opið virka daga kl. 10-18 og á laugardögum kl. 11-15.**

ORMSSON Greiðslukjör
Vaxtalaust í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

LAUGARÁSBÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
Coca-Cola í Laugarásbíói
THE CHOICE
ALVIN OG ÍKORNARNIR
THE BOY
THE REVENANT
RIDE ALONG 2

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THE CHOICE | 8 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | 5:50 ÍSL.TAL |
| THE BOY | 10:20 |
| THE REVENANT | 5:50, 8 |
| RIDE ALONG 2 | 5:50 |

SAMBÍÓIN
NÁÐU Í SAMBÍÓ APPIÐ
ÞAÐ MARGBORGAR SIG
Nýjasta stórmynd leikstjórans Michael Bay
NEW YORK DAILY NEWS
"Meistaraverk"
"Besta mynd Michael Bay"
"Ótrúleg sönn saga"
13 HOURS
Robert De Niro Zac Efron
Dirty Grandpa
Frábær grínmynd frá þeim sömu og færðu okkur BORAT
ÓSKARSTILNEFNING
CREED
5 ÓSKARSTILNEFNINGAR
m.a. Besta myndin
Besti leikari í aukahlutverki - Christian Bale
Besti leikstjóri
Besta handrit - Adam McKay
THE BIG SHORT
NEW YORK TIMES
STAR WARS
Frábær teiknimynd fyrir alla fjölskylduna
Úbbs! Nói er farinn
Sýnd með íslensku tali
DADDY'S HOME

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| 13 HOURS | KL. 5:30 - 8:30 - 10:20 | 16 |
| 13 HOURS VIP | KL. 5:30 - 8:30 | VIP |
| DIRTY GRANDPA | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| CREED | KL. 5:30 - 8:30 | 12 |
| ÚBBS! NÓI ER FARINN... ÍSLTAL | KL. 6 | L |
| DADDY'S HOME | KL. 8 | 6 |
| STAR WARS 3D | KL. 5:30 - 8:30 | 9 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI | | |
| 13 HOURS | KL. 6 - 9 - 10:30 | 16 |
| DIRTY GRANDPA | KL. 10:35 | 12 |
| ÚBBS! NÓI ER FARINN... ÍSLTAL | KL. 6 | L |
| THE BIG SHORT | KL. 8 | 6 |
| DADDY'S HOME | KL. 5:50 | 6 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| 13 HOURS | KL. 5 - 7:30 - 10:30 | 16 |
| DIRTY GRANDPA | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| CREED | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| ÚBBS! NÓI ER FARINN... ÍSLTAL | KL. 5:30 | L |
| DADDY'S HOME | KL. 5:40 | 6 |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | | |
| DEADPOOL | KL. 8 | 16 |
| 13 HOURS | KL. 7:20 - 10:20 | 16 |
| DIRTY GRANDPA | KL. 10:20 | 12 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | | |
| 13 HOURS | KL. 7:20 - 10:20 | 16 |
| DIRTY GRANDPA | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| ÚBBS! NÓI ER FARINN... ÍSLTAL | KL. 5:30 | L |
| DADDY'S HOME | KL. 5:50 | 6 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
ÞÚ FÆRÐ ALDREI NÓG AF MÉR
DEADPOOL
FORSÝND Í SMÁRABÍÓI Í KVÖLD
WILL SMITH
CONCUSSION
ALVIN OG ÍKORNARNIR
6 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
SPOTLIGHT
12 ÓSKARS TILNEFNINGAR
THE REVENANT
Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

## 11. FEBRÚAR 2016

### Tónlist

**Hvað?** Leningradsinfónían
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Eldborgarsal Hörpu
Píanókonsert Tsjajkovskíjs er eitt vinsælasta tónverk allra tíma og í því gefst einleikaranum færi á að sýna allar sínar bestu hliðar jafnt í tjáningu sem tæknilegri færni. Fáir vita þó að Tsjajkovskíj endurskoðaði verkið eftir frumflutninginn og breytti ýmsu. Miðaverð er 2.400-6.900 krónur.

**Hvað?** Hildur Petra og Vigdís
**Hvenær?** 21.00
**Hver?** Græni hatturinn
Þær munu spila lög af nýútkomnum disk sínum, „Dragspilsdraumar“, en einnig fleiri lög. Um er að ræða bæði danslög og skemmtileg dægurlög útsett fyrir harmonikur og fleiri hljóðfæri.

**Hvað?** Autonomous
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Boston

**Hvað?** DJ Alfons X
**Hvenær** 22.00
**Hvar?** Kaffibarinn

**Hvað?** DJ John Brnlv
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Bravó

**Hvað?** Vára og Milkhouse
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Gaukurinn
Putti og Maddamamma bjuggu tvö saman í Ævintýraskóginum þar sem öll ævintýrin gerðust. Eina nóttina rændi Náttröllið Putta og sameinuðust allir íbúar Ævintýraskógarins til þess að bjarga honum.

**Hvað?** Harpa Þorvalds
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Iðnó
Embrace, fyrsta breiðskífa Hörpu Þorvalds, kom út í lok árs 2015. Platan inniheldur níu frumsamin lög og texta. Harpa mun blása til útgáfutónleika í þessu fallega húsi ásamt vel völdum hljóðfæraleikurum en það eru þeir Andrés Þór Gunnlaugsson, Kristinn Svavarsson og Stefán Örn Gunnlaugsson. Miðaverð er 2.500 krónur.

**Hvað?** Hellvar/Ofvitarnir
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Dillon



Leníngradsinfónían flytur hið vinsæla tónverk Píanókonsert Tsjajkovskíjs í Hörpu í kvöld.

**Hvað?** Amy Winehouse heiðurstónleikar
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græni hatturinn
Bryndís Ásmundsdóttir leik- og söngkona bregður sér nú í gervi Amy Winehose og tekur fyrir öll hennar bestu lög. Þótt ferill Amy hafi verið stuttur og skrautlegur þá situr eftir frábær tónlist sem á eftir að lifa um aldur og ævi. Bryndís og hljómsveit héldu tónleika á Græna hattinum fyrir stuttu við algerlega frábærar undirtektir.



Bryndís Ásmundsdóttir leik- og söngkona bregður sér í gervi Amy Winehouse og flytur hennar bestu lög á Græna hattinum.

### Fundir

**Hvað?** Preventing Alzheimer's: What New Research Is Telling Us
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Borgarbókasafn
Eftir því sem lífaldur fólks lengist verður Alzheimerssjúkdómurinn sífellt meiri lýðheilsuáskorun. Þrátt fyrir það er andleg hrörnun ekki óhjákvæmileg þegar fólk fer að eldast. Við getum gert ýmislegt til að hægja á minnissjúkdómum eða dregið úr líkum þess að fá slíka sjúkdóma. Dr. Eve Markowitz er starfandi sálfræðingur í New York og sérfræðingur í málefnum er snerta eldri borgara.

**Hvað?** Börn á flótta
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Þjóðminjasafn
UNICEF á Íslandi og lögfræðisvið Háskólans á Bifröst standa fyrir málþingi um flóttabörn sem koma til Íslands og stöðu þeirra samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

**Hvað?** Myndskilningur siðbótarmanna og áhrif þeirra í ljósi sögunnar
**Hvenær?** 15.30
**Hvar?** Háskóli Íslands, stofa 229
Gunnar Kristjánsson flytur fyrirlesturinn Myndskilningur siðbótarmanna og áhrif þeirra í ljósi sögunnar.

### Uppákomur

**Hvað?** Powerade-vetrarhlaupið
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Árbæjarlaug
Sala þátttökuseðla hefst hálftíma fyrir hlaup í anddyri laugarinnar. Þátttökuseðillinn kostar 300 kr. Þátttökuseðillinn er fylltur út skilmerkilega, hlaupið með hann og hann síðan afhentur tímavörðum þegar komið er í mark.

**Hvað?** Reykjavík 1985-1990
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Gallerí Grótta
Reykjavík 1985-1990 er yfirskrift sýningar Húberts Nóa Jóhannessonar sem verður opnuð í Gallerí Gróttu í dag. Á sýningunni eru nokkur verka Húberts Nóa frá árunum 1985-1990 og hafa sum þeirra ekki verið sýnd áður opinberlega.

**Hvað?** Ástar- og kærleiksljóðakvöld
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bæjarbíó
Í tilefni af ástar- og kærleiksviku í Hafnarfirði höldum við ástar- og kærleiksljóðakvöld í kaffiaðstöðu Bæjarbíós í dag. Kaffi og veitingar seldar á staðnum. Skáldin sem koma fram eru þau: Berglind Ósk Bergsdóttir, Dísa Sigurðardóttir, Elísabet Jökulsdóttir, Eygló Jónsdóttir, Kristinn Árnason, Ragnar Helgi Ólafsson og Vilborg Bjarkadóttir. Allir velkomnir.

**Hvað?** Palestínukvöld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Iðnó
Björk Vilhelmsdóttir og Sveinn Rúnar Hauksson segja frá ferðum sínum og sýna nýjar myndir frá Vesturbakkanum og Austur-Jerúsalem. Eru þau nýkomin heim þaðan. Björk dvaldi í fjóra mánuði á Vesturbakkanum, var sjálfboðaliði með Alþjóðafriðarþjónustu kvenna (IWPS) er mest gekk á síðastliðið haust og Sveinn kom síðar og var í mánuð. Allir velkomnir.

**Hvað?** Blóðbankinn og Neistinn
**Hvenær?** 9.30
**Hvar?** Menntaskólinn í Hamrahlíð
Blóðbankinn og Neistinn, styrktarfélag hjartveikra barna, efna til blóðsöfnunarátaks. Aðstandendur hjartveikra barna vilja þakka fyrir sig með því að gefa blóð og hvetja alþjóð til samflots.

### Uppistand

**Hvað?** Uppistand í Comedy Klúbbnum
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Bar 11
Í febrúar eru öll uppistöndin á svokölluðu „Pro-Am“-formi, fyrri hlutinn er uppistand með reyndari grínistum og eftir hlé tekur við svokallað Tilraunauppistand, þar sem óreyndir grínistar fá tækifæri að spreyta sig og reyndari prófa nýtt efni. Miðaverð er 1.000 krónur.

BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
A Blast ........ 18:00
Njósnir, lygar og fjölskyldubönd ENG SUB ........ 18:00
Sparrows / Þrestir ENG SUB ........ 18:00
Youth ........ 20:00
Joy ........ 20:00
Marguerite ........ 20:00
45 years ........ 22:30
A Perfect day ........ 22:30
Rams / Hrútar ENG SUB ........ 22:30



# vestfrost

## KYNNINGARTILBOÐ



**Fæst bæði silfur og stál**

185cm kæliskápur með frysti. 209L kælir. Stafræn hitastýring. 4 glerhillur. 4 hillur í hurð. 2 grænmetisskúffur. 81L frystir. 2 skúffur. Orkuflokkur A+. 4,5kg frystigeta á 24klst. Mál (hxbxd): 185 x 59,5 x 61,5 cm.

| Vestfrost R3651WH<br>Hvítur. | Vestfrost R3651SI<br>Silfur. | Vestfrost R3651IX<br>Stál. |
|---|---|---|
| TILBOÐ 52.496 | TILBOÐ 56.246 | TILBOÐ 59.996 |
| FULLT VERÐ 69.995 | FULLT VERÐ 74.995 | FULLT VERÐ 79.995 |

# NÝ LÍNA FRÁ VESTFROST

## ÍSSKÁPAR - ÞVOTTAVÉLAR MEÐ ÍSLENSKU STJÓRNBORÐI - ELDAVÉLAR



**Vestfrost CST60HB**
60cm eldavél með steyptum hellum og 60 lítra Multifunction 7 ofni með blæstri, yfir- undirhita og Pizza stillingu. Tvöfalt gler í hurð. Orkuflokkur A. Stærð (HxBxD): 85-92x60x60 cm.

TILBOÐ **41.246**
FULLT VERÐ 54.995

**FÆST EINNIG MEÐ STEYPTUM HELLUM**

**Vestfrost CKE60DHB**
60cm eldavél með 4 keramik hellum og 56 lítra Multifunction 7 ofni með blæstri, yfir- undirhita og Pizza stillingu. Tvöfalt gler í hurð. Barnalæsing. Orkuflokkur A. Stærð (HxBxD): 85-92x60x60 cm.

TILBOÐ **59.996**
FULLT VERÐ 79.995

**Vestfrost WM5100**
1000sn þvottavél með stafrænu kerfisvali og hitastilli. 42L tromla. Tekur 5kg. LCD skjár. 14 þvottakerfi. 15 mín hraðkerfi. Stafræn niðurtalning. Þvotthæfni A. Vinduhæfni C. Orkunýting A++. Íslenskt stjórnborð.

TILBOÐ **37.496**
FULLT VERÐ 49.995

**ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ**

**Vestfrost WM6400**
1400sn þvottavél með stafrænu kerfisvali og hitastilli. 47L tromla. Tekur 6kg. LCD skjár. 15 þvottakerfi. 15 mín hraðkerfi. Stafræn niðurtalning. Þvotthæfni A. Vinduhæfni B. Orkunýting A++. Stærð (bxhxd): 60 x 85 x 53 cm.

TILBOÐ **48.746**
FULLT VERÐ 64.995

**ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ**

**Vestfrost WM8400**
1400sn þvottavél með stafrænu kerfisvali og hitastilli. 55L tromla. Tekur 8kg. LCD skjár. 15 þvottakerfi. 15 mín hraðkerfi. Stafræn niðurtalning. Þvotthæfni A. Vinduhæfni B. Kolalaus mótor. Orkunýting A+++. Stærð (bxhxd): 60 x 85 x 53 cm.

TILBOÐ **59.996**
FULLT VERÐ 79.995

vestfrost

12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR GREIÐSLUR

Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • **KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500



19:25
**NEYÐARLÍNAN 20 ÁRA**
Um áramót voru 20 ár frá því fyrsta símtalinu var svarað þegar hringt var í neyðarnúmerið 112. Sigrún Ósk Kristjánsdóttir kynnir sér sögu Neyðarlínunnar á Íslandi í sérstökum afmælisþætti.

FRÁBÆR FIMMTUDAGUR
Fáðu þér áskrift á 365.is
365



19:45
**MATARGLEÐI EVU**
Eva Laufey heldur ekta indverska matarveislu fyrir vinahópinn sinn og ber fram ljúffengar kræsingar og gott meðlæti að indverskum sið.

20:10
**JAMIE'S SUPER FOODS**
Í þessum skemmtilegu þáttum ferðast Jamie Oliver víða um heim til að komast að leyndarmáli þeirra sem lifa lengur.



21:40
**BLACKLIST**
James Spader er stórkostlegur í hlutverki Raymonds Reddington í þessum mögnuðu spennuþáttum.




22:00
**THE SHAWSHANK REDEMPTION**
Allt gengur unga bankastjóranum Andy Dufresne í haginn þar til hann er skyndilega ákærður fyrir morð á eiginkonu sinni og ástmanni hennar.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.10 The Middle
08.30 Masterchef USA
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 60 mínútur
10.20 The Doctors
11.05 Jamie's 30 Minute Meals
11.30 Á uppleið
12.05 Hindurvitni
12.35 Nágrannar
13.00 Inside Job
14.45 My Girl
16.30 Ninja-skjaldbökurnar
16.55 Tommi og Jenni
17.20 Bold and the Beautiful
17.40 Nágrannar
18.05 Simpson-fjölskyldan
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.55 Ísland í dag
19.25 Neyðarlínan 20 ára
20.00 Matargleði Evu
20.25 Jamie's Super Food
21.10 NCIS Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa nú að glíma við eru orðin bæði flóknari og hættulegri.
21.55 The Blacklist (13.22)
22.40 Married
23.05 Shetland
00.05 The X-Files
00.50 Shameless
01.40 Escape Plan
03.30 Inside Job
05.15 The Middle
05.40 Fréttir og Ísland í dag



NCSI 21:10

## SPORT

10.55 Körfuboltakvöld
12.40 Formúla E - Beijing
14.05 Levante og Barcelona
15.40 Spænsku mörkin
16.05 Bayern Leverkusen og Bayern Munchen
17.45 Þýsku mörkin
18.05 Bundesliga Weekly
18.35 NFL Gameday
19.00 Meistaradeildin í hestaíþróttum
22.30 World Strongest Man 2015
23.00 UFC Unleashed
23.45 Rhein-Neckar Löwen og Vardar í Meistaradeild Evrópu í handbolta.
01.10 Lazio og Verona

## SPORT 2

12.15 Tottenham Hotspur og Watford
13.55 Aston Villa og Norwich City
15.35 Premier League Review
16.30 Liverpool og Sunderland
18.15 Chelsea og Manchester United
20.00 Premier League World
20.30 Bournemouth og Arsenal
22.10 Messan
23.20 Southampton og West Ham United

## GOLFSTÖÐIN

08.15 Waste Management Phoenix Open
14.20 Golfing World 2016
15.10 Omega Dubai Desert Classic
19.35 Inside The PGA Tour 2016
20.00 AT&T Pebble Beach
23.00 Champions Tour Highlights 2016

## STÖÐ 3

18.20 Guys With Kids
18.45 Comedians
19.05 Suburgatory
19.30 Fresh Off the Boat
19.55 Sullivan & Son
20.20 Supergirl
21.05 Flash
21.50 Arrow
22.35 NCIS Los Angeles
23.15 Justified
00.00 First Dates
00.50 Fresh Off the Boat
01.10 Sullivan & Son
01.35 Supergirl
02.15 Flash
03.00 Arrow
03.40 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

07.00 Brunabílarnir
07.25 Ljóti andarunginn og ég
07.47 Ævintýraferðin
08.00 Dóra könnuður Dóra
08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
08.45 Tommi og Jenni
08.50 Gulla og grænjaxlarnir
09.00 Áfram Diego, áfram!
09.24 Svampur Sveinsson
09.49 Rasmus Klumpur og félagar
09.55 UKI
10.00 Ævintýri Tinna
10.23 Kalli á þakinu
10.48 Hvellur keppnisbíll
11.00 Brunabílarnir
11.24 Ljóti andarunginn og ég
11.46 Ævintýraferðin
12.00 Dóra könnuður
12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
12.45 Gulla og grænjaxlarnir
12.55 Tommi og Jenni
13.00 Áfram Diego, áfram!
13.24 Svampur Sveinsson
13.49 Rasmus Klumpur og félagar
13.55 UKI
14.00 Ævintýri Tinna
14.23 Kalli á þakinu
14.48 Hvellur keppnisbíll
15.00 Brunabílarnir
15.24 Ljóti andarunginn og ég
15.46 Ævintýraferðin
16.00 Dóra könnuður
16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
16.45 Gulla og grænjaxlarnir
16.55 Tommi og Jenni
17.00 Áfram Diego, áfram!
17.24 Svampur Sveinsson
17.49 Rasmus Klumpur og félagar
17.55 UKI Flott
18.00 Ævintýri Tinna
18.23 Kalli á þakinu
18.48 Hvellur keppnisbíll
19.00 Flóttinn frá jörðu



Tommi og Jenni kl. 08.45, 12.55 og 16.55

## GULLSTÖÐIN

18.10 Two and a Half Men
18.35 Friends
19.05 How I Met Your Mother
19.30 Modern Family
19.50 Poppsvar
20.25 Major Crimes
21.10 Cold Feet
22.00 The Sopranos
22.55 Peaky Blinders
23.55 It's Always Sunny in Philadelp
00.15 The Glades
01.00 Poppsvar
01.35 Major Crimes
02.15 Cold Feet
03.05 The Sopranos
04.00 Peaky Blinders
04.55 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

12.10 Semi-Pro
13.40 Grand Seduction
15.30 Diminished Capacity
17.00 Semi-Pro
18.35 Grand Seduction
20.30 Diminished Capacity
22.00 Shawshank Redemption
00.20 Jack Ryan. Shadow Recruit Þegar Jack Ryan kemst á snoðir um áform rússnesks glæpamanns um að lama efnahag Bandaríkjanna og heimsins alls með skipulögðum hryðjuverkaárásum ákveður hann að taka málin í sínar hendur. Hann leggur upp í hættuför til Rússlands til að freista þess að koma í veg fyrir þessa hræðilegu ráðagerð. Þetta er sannkölluð hættuför en verkefnið verður ekki auðveldara þegar Jack áttar sig á að eiginkona hans hefur ákveðið að koma líka til Rússlands í þeirri von að geta hjálpað til.
02.05 Blue Ruin
03.35 Shawshank Redemption

## RÚV

17.00 Kiljan
17.45 Táknmálsfréttir
17.55 KrakkaRÚV
17.56 Stundin okkar
18.20 Veistu hvað ég elska þig mikið?
18.32 Eðlukrúttin
18.43 Hrúturinn Hreinn
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.10 Íslenskur matur
20.40 Ljósmóðirin
21.35 Best í Brooklyn
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Á flótta
23.10 Ófærð
00.00 Kastljós
00.30 Fréttir
00.45 Dagskrárlok
00.50 Næturvarp
01.25 Næturvarp
02.20 Næturvarp
03.15 Næturvarp
03.50 Næturvarp
04.50 Næturvarp
05.45 Næturvarp

## SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.20 Dr. Phil
09.00 Hotel Hell
09.50 Minute To Win It
10.35 Pepsi MAX tónlist
12.25 King of Queens
12.50 Dr. Phil
13.30 Survivor
14.15 The Millers
14.40 The Voice
16.05 The Voice
17.35 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show
18.55 The Late Late Show
19.35 America's Funniest Home Videos
20.00 The Biggest Loser - Ísland
21.10 Billions
21.55 Zoo
22.40 The Tonight Show
23.20 The Late Late Show
00.00 Scorpion
00.45 Law & Order. Special Victims Unit
01.30 The People v. O.J. Simpson. American Crime Story
02.15 Billions
03.00 Zoo
03.45 The Tonight Show
04.25 The Late Late Show
05.05 Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

**AUKATÓNLEIKAR!**
**MIÐASALA HEFST Í DAG KL. 10:00**

# ....LIFUN



# TRÚBROT

Öll vinsælustu lög hinnar goðsagnakenndu hljómsveitar **TRÚBROTS** verða flutt í Eldborgarsal Hörpu þann 12. febrúar. Þar verður einnig eitt helsta meistaraverk íslenskrar tónlistarsögu, **....LIFUN**, flutt í heild sinni, en verkið er 45 ára í ár. Meðlimir **TRÚBROTS**, þau Gunnar Þórðarson, Magnús Kjartansson og Shady Owens, skipa hljómsveitina ásamt þeim Eyþóri Gunnarssyni, Friðriki Karlssyni, Gunnlaugi Briem, Jóhanni Ásmundssyni, Pétri Grétarssyni, Stefáni Jakobssyni, Andra Ólafssyni og Stefaníu Svavarsdóttur. Ekki missa af sannkallaðri veislu í Hörpu þar sem tónlist **TRÚBROTS** fær að hljóma og andi hippakynslóðarinnar svífur yfir vötnum.

## 12. FEBRÚAR / UPPSELT

## 26. MARS / AUKATÓNLEIKAR

**Miðasala hefst í dag kl. 10:00**
**á tix.is, miðasölu Hörpu og í síma 528-5050.**

HARPA

DÆGURFLUGAN



## Réttur fær tólf tilnefningar

Kvikmyndin Hrútar fær þrettán tilnefningar, Fúsi tólf og Þrestir ellefu. Þátturinn Réttur fær tólf tilnefningar og Ófærð fær fjórar. Eddan 2016 verður haldin hátíðleg 28. febrúar. Lista yfir allar tilnefningarnar má nálgast á vefsíðunni eddan.is.

### Handrit
- Andri Óttarsson og Þorleifur Örn Arnarsson – Réttur
- Björn Hlynur Haraldsson – Blóðberg
- Dagur Kári – Fúsi
- Grímur Hákonarson – Hrútar
- Rúnar Rúnarsson – Þrestir

### Kvikmynd
- Fúsi – Sögn og RVK Studios
- Hrútar – Netop Films
- Þrestir – Nimbus Iceland

### Leikari í aðalhlutverki
- Atli Óskar Fjalarson – Þrestir
- Gunnar Jónsson – Fúsi
- Sigurður Sigurjónsson – Hrútar

### Leikið sjónvarpsefni
- Blóðberg – Vesturport
- Réttur – Sagafilm
- Ófærð – RVK Studios

### Leikkona í aðalhlutverki
- Harpa Arnardóttir – Blóðberg
- Katrín Ynja Hrafnkelsdóttir – Regnbogapartý
- Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir – Réttur

### Lífsstílsþáttur
- Atvinnumennirnir okkar 2 – Stórveldið
- Ferð til fjár – Sagafilm
- Hið blómlega bú – Búdrýgindi
- Hæpið – RÚV
- Ævar vísindamaður – RÚV

### Skemmtiþáttur
- Árið er: Söngvakeppnin í 30 ár – RÚV
- Drekasvæðið – Stórveldið
- Hindurvitni – Ísaland Pictures
- Hraðfréttir – RÚV
- Þetta er bara Spaug... stofan – RÚV

### Leikkona í aukahlutverki
- Arndís Hrönn Egilsdóttir – Þrestir
- Birna Rún Eiríksdóttir – Réttur
- Halldóra Geirharðsdóttir – Réttur
- Kristbjörg Kjeld – Þrestir
- Margrét Helga Jóhannsdóttir – Fúsi

### Leikari í aukahlutverki
- Arnar Jónsson – Réttur
- Baltasar Breki Samper – Ófærð
- Ingvar E. Sigurðsson – Þrestir
- Theodór Júlíusson – Hrútar
- Víkingur Kristjánsson – Bakk






Hildur Kristín vann lagið I'll Walk With You með tónlistarmanninum Loga Pedro en hún segir stefnuna hafa verið setta á að gera hresst lag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

# Ekki týpískt ástarlag

Söngkonan **Hildur Kristín Stefánsdóttir** gefur í dag út sitt fyrsta lag og myndband undir eigin nafni. Hildur Kristín er ekki upptekin af bragfræði við textasmíð og ef eitthvað rímar þá er það oftast óvart.

„Ég fór í smá hring með þetta. Ég ætlaði fyrst að vera með eitthvað voða flott listamannsnafn en svo ákvað ég bara að ég nennti ekki að vera að útskýra það eitthvað og fannst nafnið mitt standa fyrir sínu þar sem þetta er einmitt sólóverkefni,“ segir söngkonan Hildur Kristín Stefánsdóttir sem er einna þekktust fyrir að þenja raddböndin með hljómsveitinni Rökkurró. Nú rær hún á ný mið og gefur í dag út sitt fyrsta lag og myndband undir nafninu Hildur.

**Gaman að semja popptónlist**

„Ég er alltaf að semja tónlist og svo kveikti svolítið í mér að taka þátt í Eurovision í fyrra. Mér fannst svo geðveikt gaman að semja popptónlist og var spennt fyrir því að gera meira af því,“ segir Hildur en hún flutti lagið Fjaðrir ásamt Guðfinni Sveinssyni í Söngvakeppni Sjónvarpsins.

Það örlar þó ekki á miklu stressi fyrir að opinbera sólóverkefnið heldur er Hildur að eigin sögn fyrst og fremst spennt. „Ég held að þetta sé gott stöff og er spennt að koma þessu út í kosmósið.“

Tónlistinni lýsir hún sem elektrónísku poppi og segir það ólíkt þeirri tónlist sem hún flytur með hljómsveitinni Rökkurró. „Ég hlusta á popp, rapp og elektró þannig að ég ákvað bara að gera eitthvað sem ég myndi kannski fíla geðveikt mikið sjálf.“

Hildur mun frumflytja efnið á tónlistarhátíðinni Sónar sem fer fram í Hörpu dagana 18.-20. febrúar.

„Þetta er fyrsta giggið, það er ákveðin pressa fólgin í því,“ segir hún hress. „Ég sem allt sjálf en svo fæ ég pródúsera til þess að hjálpa mér að klára lögin. Ég vann fyrstu lögin með Auðuni Lútherssyni og hann benti mér á að ég ætti nú að drífa í því að sækja um að spila á Sónar. Ég var svolítið efins af því mér fannst ég er ekki vera tilbúin og hélt þeir myndu kannski ekki bóka mig af því ég var ekki búin að gefa út lag,“ útskýrir hún en úr varð að hún spilar á hátíðinni á föstudeginum klukkan átta. „Það var rosa spark í rassinn að ég þyrfti að vera tilbúin með heilt sett og búin að gefa út eitthvað áður en ég myndi koma fram.“

> VIÐ VORUM AÐ GERA ALLS KONAR STEIKTA HLUTI. ÉG VAR TIL DÆMIS Á SKÍÐUM Í FULLT AF SKOTUM OG ÉG HEF EKKI VERIÐ Á SKÍÐUM SÍÐAN ÉG VAR ÁTTA ÁRA.

**Langaði að gera hresst lag**

Í dag kemur lagið I'll Walk With You út en lagið pródúseraði tónlistarmaðurinn Logi Pedro. „Mig langaði til þess að reyna að gera hresst lag sem kæmi fólki í gott skap þegar það heyrði lagið. Ég held að það hafi alveg gengið, þetta er alveg frekar hressandi lag.“

Hildur semur einnig alla textana og eru þeir á ensku en hún segist þó ekki taka bragfræði mjög hátíðlega við textasmíðina. „Ef eitthvað rímar þá er það oftast óvart.“ Eins segir hún að miserfitt sé að semja texta, stundum komi þeir um leið og lagið verði til en í öðrum tilfellum eru textasmíðarnar meira púsluspil. „Sumir textanna eru hundrað prósent beint úr einhverju sem ég hef upplifað og þá er það svolítið að koma einhverjum tilfinningum í orð. Svo er maður stundum að reyna að vera eitthvað töff og gera eitthvað aðeins flóknara og þá tekur það lengri tíma. Ég er ekkert að semja eftir einhverri bragfræði. Ég vil frekar að þetta passi við tilfinninguna.“

**Afrek að fótbrotna ekki**

Myndbandið við lagið er frumsýnt á Vísi í dag en það var unnið af þeim Svanhildi Grétu Kristjánsdóttur og Júlíu Runólfsdóttur. „Mig langaði til að fá ný andlit sem hafa ekkert endilega verið að gera tónlistarmyndbönd en eru hæfileikarík þannig ég athugaði með þær. Það var smá stress að þær hefðu ekki gert tónlistarmyndband áður en ég hafði fulla trú á þeim og þetta kemur alveg ótrúlega vel út,“ segir Hildur og er alsæl með myndbandið sem tekið var upp víðsvegar á höfuðborgarsvæðinu.

„Við vorum að gera alls konar steikta hluti. Ég var til dæmis á skíðum í fullt af skotum og ég hef ekki verið á skíðum síðan ég var átta ára. Mér finnst eiginlega mesta afrekið að ég hafi ekki fótbrotið mig þar sem var verið að draga mig á bíl og ég að reyna að syngja og vera töff á sama tíma. Þetta var svolítið erfitt, það er mesta mildi að það hafi náðst skot þar sem ég er ekki geðveikt hrædd á svipinn,“ segir hún og hlær.

Hildur stefnir þó ekki á að gefa út plötu strax heldur að setja efnið á netið jafnóðum og leyfa áhugasömum að hlusta en I'll Walk With You fjallar um vináttu og að vera til staðar fyrir nákomna. „Þetta er ekki týpískt ástarlag heldur fjallar það um vináttu og hvernig maður er til staðar fyrir vini sína, fjölskyldu og ástvini. Smá dúlló sko,“ segir hún og skellir upp úr að lokum. gydaloa@frettabladid.is



the PIER
3 FYRIR 2
AF KERTUM
20% AFSLÁTTUR
ANACO SKEMILL
VERÐ: 15.990,- NÚ: 12.792,-
Stærð: 48xH42 cm.
OTTOMAN SKEMILL
VERÐ 49.900,- NÚ 39.920,-
Stærð: 110x68xH42 cm.
Glæsilegt úrval á pier.is
20% AFSLÁTTUR
Gildir 11.–17. febrúar
AF SKEMLUM OG BEKKJUM
NID KÖRFUSTÓLAR
VERÐ: 59.900,-
Stærð: D94xH194 cm.
A WORLD OF INSPIRATION • the PIER • FOR YOUR HOME
ANTON&BERGUR
HOJAI BEKKUR
VERÐ: 19.990,-
NÚ: 15.992,-
Stærð: 100x30xH54 cm.
ARTEMIS SKEMILL
VERÐ: 25.900,- NÚ: 20.720,-
Stærð: 60x48xH41 cm.
BAHAMA SKEMILL
VERÐ: 35.900,- NÚ: 28.720,-
Stærð: 91x36 cm.
PAPASAN STÓLL 12.990,-
Stærð: D114xH60 cm.
PULLA 9.990,-
Stærð: D140xH15 cm.
KENITRA SKEMILL
VERÐ: 25.900,- NÚ: 20.720,-
Stærð: 58x42xH45 cm.
50% AFSLÁTTUR
50% AFSLÁTTUR AF PÚÐUM
VERÐ FRÁ 995,- m/afslætti
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880
Erum á Facebook • www.pier.is









Jón Þór tekur sig vel út í nýja starfinu og sést hér að störfum. Ökumaður þessa bíls hafði greinilega gleymt sér. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Orðinn stöðumælavörður

**Jón Þór Ólafsson** pírati byrjaði í nýrri vinnu í gær sem er nokkuð ólík hans fyrra starfi á Alþingi. Stöðumælavarslan er hins vegar tímabundin þangað til hann snýr aftur í malbiksvinnu í sumar.

Það er yndislegt að labba út í ferska loftinu og hafa enga ábyrgð nema framfylgja einni lagagrein, 108. grein umferðarlaga," segir Jón Þór Ólafsson pírati sem er orðinn stöðumælavörður.

Fyrsti dagurinn í nýja starfinu var í gær. Hann hætti á þingi í haust til þess að snúa aftur til fyrri starfa við malbik en hannstarfaði lengi á malbikunarstöð áður en hann tók sæti á Alþingi fyrir Pírata. Þótti það sæta nokkrum tíðindum enda mælast Píratar stærstir allra flokka samkvæmt skoðanakönnunum. Jón Þór fann sig hins vegar ekki í þingstörfunum. Malbiksvinnan er hins vegar árstíðabundinn og ákvað Jón Þór því að sækja um stöðumælavörslu og ætlar að vinna við hana þangað til malbikunartíðin hefst í vor. Síðan Jón Þór hætti á þingi hefur hann þó ekki setið auðum höndum. Hann tók saman leikreglurAlþingis og er kominn langt með þá vinnu auk þess sem hann hefur unnið stjörnugjöf um fjóra alþjóðlega viðurkennda stjórnarhætti sem setja hagsmuni sjóðsfélaga lífeyrissjóðanna í forgang. Nú er sú vinna á enda og hlakkar hann til að starfa sem stöðumælavörður.

„Ég fór að hugsa um hvað ég gæti gert sem ég gæti gripið í inn á milli og sagði þeim að ég færi í malbikið aftur, þetta væritímabundið. Ég sagði þeim að ég teldi starfið henta mér vel og þeir vildu ráða mig," segir Jón Þór og vísar þar í Bílastæðasjóð.

Fyrsti dagurinn í vinnunni gekk vel enda blíðskapaveður í Reykjavík í gær. Jón Þór var búinn að skrifa út nokkrar stöðumælasektir þegar Fréttablaðið heyrði í honum um miðjan dag í gær. „Ég er búinn að læra það að við sektum ekki, við leggjum á gjald. Það er bara lögreglan sem sektar," segir hann hlæjandi.



Jón Þór er ánægður í nýja starfinu sem stöðumælavörður. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ÉG ER BÚINN AÐ LÆRA ÞAÐ AÐ VIÐ SEKTUM EKKI, VIÐ LEGGJUM Á GJALD. ÞAÐ ER BARA LÖGREGLAN SEM SEKTAR.**

Hann segir starfið leggjast vel í sig og vissulega sé það ólíkt þingstörfunum. „Mér finnst gaman að flandra um göturnar og drekka í mig borgarmyndina. Ég held þetta verði gaman og henti mér vel." Jón Þór hefur ekki miklar áhyggjur af kuldanum en kannski örlitlar áhyggjur af hvort hann þoli allt þetta labb sem fylgir því að vera stöðumælavörður. „Ég er alltaf svo vel klæddur en það er spurning hvort lappirnar þoli þetta. Andinn er sterkur en holdið gæti verið veikt."

viktoria@frettabladid.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


HONDA
The Power of Dreams
HONDA CR-V DÍSIL
MEÐ NÝRRI 9 GÍRA SJÁLFSKIPTINGU
- MEÐALEYÐSLA AÐEINS 5,1L/100KM
BETRI AFKÖST, SPARNEYTNI OG TÆKNI
CR-V - ENDALAUST BETRI
OPIÐ LAUGARDAG MILLI KL. 12:00 OG 16:00
www.honda.is
BERNHARD
Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 • Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005
Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


Bakþankar




Frosta Logasonar


## Endurreisn töfralækninga

Lengi vel lifði ég í miklum misskilningi um óhefðbundnar lækningar. Mér hafði verið kennt með gagnrýnni hugsun að slíkar aðferðir gætu einungis flokkast í tvo flokka. Þeir væru annars vegar aðferðir sem enn væri ekki búið að rannsaka og því væri ekkert vitað um raunverulega virkni þeirra. Svo hins vegar aðferðir sem búið væri að rannsaka og niðurstöður þeirra rannsókna hefðu verið að aðferðin virkaði yfirhöfuð ekki.

En svo fór ég í nokkra jógatíma, skipti alfarið yfir í lífrænt hráfæði og byrjaði að stunda svett í sveitinni. Þá komst ég að því að ég vissi í raun ekki neitt og að sömu sögu væri að segja um vestræna vísindamenn og lækna. Læknavísindin sem ég taldi hafa lengt meðalaldur okkar um áratugi voru bara húmbúkk. Þvílíkt frelsi. Nú vissi ég að langt og strembið háskólanám var óþarft. Ég gat lært allt á YouTube.

Í för nefnilega á áhugaverðan fund um andleg málefni í þessari viku. Þar talaði bandarískur töfralæknir um nýjar nálganir í heilbrigðismálum og sína eigin reynslu af því að heila hina sjúku. Heilarar eru nútíma seiðkarlar sem geta læknað líkamlega kvilla fólks einungis með hugarafli og smá aðstoð frá englum og öndum liðinnar tíðar.

Samkvæmt töfralæknunum eiga öll vandamál okkar sína eigin rödd. Seiðskrattinn heilar með því að tala við tiltekin vandamál hjá fólki. Aðferðin flokkast vissulega undir óhefðbundnar lækningar, en þær eru í mörgum tilfellum ljósárum á undan hinum vestrænu læknavísindum. Töfralækningar eru framtíðin og ég skil ekki hvers vegna við dúndrum ekki einhverjum prósentum af vergri landsframleiðslu í þetta. Hvað segirðu um það Kári?


LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland



**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**








